# Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík
# 2004



# Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík
# 2004

**Hlutfall reksturs fræðslumála af heildarrekstri málaflokka Reykjavíkurborgar árið 2004.[1)]**
**Heimild: Borgarbókhald**




1) Hlutfall fræðslumála af heildarrekstri málaflokka borgarinnar var 29,8% árið 2004 og er það tveimur prósentustigum lægra en árið á undan. Það eru skýringar á hvers vegna það lækkar frá árinu 2003. Í fyrsta lagi var gerð breyting á forsendum við útreikning á lífeyrisskuldbindingum og í öðru lagi þá lækkar það vegna verkfalls kennara.

**Fræðslumiðstöð Reykjavíkur/**
**Menntasvið Reykjavíkurborgar**

**2005**



**Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík 2004**
Gefin út í nóvember 2005
Ábyrgð og ritstjórn: Gerður G. Óskarsdóttir
Töflugerð: Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Hallgerður Inga Gestsdóttir og Hildur B. Svavarsdóttir
Uppsetning og hönnun: Guðrún Hjartardóttir
Ljósmyndun: Marteinn Sigurgeirsson, Guðrún Hjartardóttir o.fl.
Prentun: Prentsmiðjan Gutenberg ehf.

**Ljósmyndir í skýrslunni**
Ljósmyndir í skýrslunni sýna fjölbreytileika skólastarfsins þar sem nemendur vinna ýmist einir eða í hópum, innan veggja skólastofunnar sem utan. Einnig eru myndir frá ýmsum viðburðum á árinu 2004.

**Helstu heimildir:**
Starfsáætlun fræðslumála 2004
Starfsáætlun fræðslumála 2005 (einkum lykiltölur og fylgiskjöl)
Fundargerðir fræðsluráðs og tillögur, minnisblöð og svör við fyrirspurnum og fleira sem lagt var fram á fundum ráðsins
Niðurstöður ýmissa kannana
Niðurstöður spurningalista sem sendur er skólum eftir hverja önn
Ársskýrsla fræðslumála 2003
Fréttatilkynningar frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

# Efnisyfirlit

**Ávarp formanns fræðsluráðs** . . . . . **7**

**Sjónarhorn fræðslustjóra** . . . . . **9**

**1 Fræðsluráð Reykjavíkur** . . . . . **12**
Fulltrúar í fræðsluráði . . . . . 12
Áherslur í starfi fræðsluráðs á árinu . . . . . 12
Skipurit fræðslumála . . . . . 14

**2 Fræðslumiðstöð Reykjavíkur** . . . . . **15**
Skrifstofa fræðslustjóra . . . . . 16
Þróunarsvið . . . . . 18
Þjónustusvið . . . . . 19
Fjármálasvið . . . . . 22
Skólasafnamiðstöð . . . . . 23
Erlend samskipti . . . . . 23
Ráðstefnur, viðburðir og opnanir nýbygginga . . . . . 25
Útgáfa sögu fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar 1996-2005 . . . . . 26

**3 Grunnskólar Reykjavíkur** - **Skólar, skólaárið, nemendur og starfsmenn** . . **27**
Fjöldi skóla og hverfaskipting . . . . . 27
Lengd skólaársins og skóladagsins . . . . . 29
Nemendafjöldi . . . . . 29
Starfsmenn grunnskóla . . . . . 31

**4 Starfsemi grunnskóla** - **Áherslur í starfsáætlun 2004** . . . . . **37**
a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda . . . . . 37
b) Skóli án aðgreiningar . . . . . 44
c) Sterk sjálfsmynd, góð líðan, félagsfærni . . . . . 48
d) Náin tengsl við grenndarsamfélagið . . . . . 49
e) Sjálfstæði skóla og jafnræði í umgjörð . . . . . 52

**5 Listaskólar og fullorðinsfræðsla** . . . . . **59**
Skólahljómsveitir . . . . . 59
Tónlistar- og myndlistarskólar . . . . . 60
Námsflokkar Reykjavíkur . . . . . 62

**6 Verðlaun og styrkir** . . . . . **64**
Hvatningarverðlaun . . . . . 64
Nemendaverðlaun . . . . . 64
Barnabókaverðlaun . . . . . 64
Umgengnisverðlaun . . . . . 64
Almennir styrkir . . . . . 65
Styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur . . . . . 65
Styrkir frá öðrum aðilum . . . . . 66

**7 Ársreikningur fræðslumála í Reykjavík árið 2004** . . . . . **68**

**8 Útgáfur árið 2004** . . . . . **71**

**Grunnskólar Reykjavíkur - yfirlit** . . . . . **71**



„Borgaraleg vitund og þroskuð ábyrgðartilfinning fyrir sjálfum sér og nánasta umhverfi eru mikilvægir þættir í þeirri sjálfsmynd nemenda sem við viljum byggja upp og styrkja.“

„Í raun má segja að grunnskólinn í heimahverfinu sé síðasta stéttlausa stofnunin á Íslandi, þar sem allir eiga sama rétt og jöfn tækifæri.“



# Skóli í heimahverfi

## Ávarp formanns fræðsluráðs

Skólinn minn. Opinn og lifandi skóli í heimahverfi gefur ekki aðeins nemendum og starfsfólki færi á að taka sér þessi orð í munn, heldur öllum sem í hverfinu búa. Skólinn er þar með hluti af grenndarsamfélagi sem allir eiga, hver sem íbúi hverfisins er. Þessi hlutdeild í skólanum er honum sjálfum mikilvæg, til að afla stuðnings og samvinnu sem víðast. Hún er líka holl nemendum í hverfinu, því skólinn má ekki vera einangruð stofnun utan „raunveruleikans“ sem úti hamast. Nemendur eiga að finna að skólalíf er hluti af lífinu sjálfu, því það ræktar með þeim tilfinningu fyrir því að vaxa úr grasi sem ábyrgir borgarar. Borgaraleg vitund og þroskuð ábyrgðartilfinning fyrir sjálfum sér og nánasta umhverfi eru mikilvægir þættir í þeirri sjálfsmynd nemenda sem við viljum byggja upp og styrkja.

Menntayfirvöld í Reykjavíkurborg vilja sem mest samstarf skóla og nærsamfélags. Leitast hefur verið við að koma á margs konar samskiptum og tengslum út fyrir veggi skólans, með námi úti í náttúrunni eða með félagasamtökum og fyrirtækjum. Skólar eiga að bjóða sem flestum inn fyrir sínar dyr, til að nýta húsnæði eða leggja það lið sem þörf er á hverju sinni. Nú er síaukin áhersla á samvinnu forráðamanna barna og skólans, með ríkari upplýsingagjöf út í samfélagið frá skólanum, og skilgreindum leiðum til samstarfs og áhrifa þeirra sem nýta sér þjónustu skólans. *Skóli án aðgreiningar* er enn eitt dæmið um stefnumótun af þessu tagi, þar sem gert er ráð fyrir að sem flest fötluð börn nái að nýta sér heimaskóla.

Áherslan á forgangsrétt barna í hverju hverfi til að ganga í heimaskóla er því ekki út í bláinn. Hún vísar í þá gömlu afrísku speki að „það þurfi heilt þorp til að ala upp barn“ og má alveg nota með skírskotun til skólans og nánasta umhverfis hans, þar sem fólk af öllum stigum og stéttum mætist í þeirri viðleitni að gera gott skólastarf enn betra. Í raun má segja að grunnskólinn í heimahverfinu sé síðasta stéttlausa stofnunin á Íslandi, þar sem allir eiga sama rétt og jöfn tækifæri.

Þessi grundvallarhugsun gengur ekki gegn hugmyndinni um sjálfstæða skóla eða fjölbreytt skólastarf. Við viljum að skólarnir þróist og þroskist hver með sínum hætti þótt grunngildin haldi sér. Í Reykjavík eru á fjórða tug almennra grunnskóla, sem eru með ýmsu móti að stærð og gerð, þótt þeir fylgi í meginatriðum sömu stefnu í fræðslumálum. Þessi fjölbreytni styður líka þá stefnu að vilji nemandi ekki nýta sér forgangsrétt í heimahverfi, hver svo sem ástæðan er, eigi hann val um annan skóla. Það er ætlan okkar að hvar sem nemandi býr í borginni eigi hann góðan kost í heimahverfi, en líka fleiri góða kosti ef vilji er til. Þær alþjóðlegu kannanir sem sýna að hvergi í heiminum sé meiri jöfnuður milli skóla en á Íslandi sanna að vel er að verki staðið, því þær sýna líka að Reykvískir skólar eru í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði nemenda.

Þessi ársskýrsla sem hér er kynnt sýnir svo ekki verður um villst að unnið er á fjölmörgum sviðum eftir þeirri stefnu sem hér hefur verið lýst.

*Stefán Jón Hafstein*
*formaður fræðsluráðs*



**„Á árinu hófst undirbúningur að umfangsmikilli endurskoðun og endurskipulagningu á öllu stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem kom til framkvæmda á árinu 2005.“**

**„Markmiðið með sameiningu þessara málaflokka var að skapa heildaryfirsýn yfir skólamál á vegum borgarinnar, auka samþættingu og samfellu þessara tveggja skólastiga og stuðla að hagræðingu.“**



# Tímamót í sögu fræðslumála

## Sjónarhorn fræðslustjóra

Hér kemur út síðasta ársskýrsla Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, en árið 2004 var síðasta heila árið sem Fræðslumiðstöð starfaði og síðasta starfsár þess fræðsluráðs sem stofnað var 1. ágúst 1996. Hér með lýkur því ákveðnum þætti í skólasögu Reykjavíkur sem verður væntanlega minnst sem framfaraskeiðs. Við þessi tímamót er ekki úr vegi að rekja aðdraganda breytinganna og líta síðan yfir þetta tímabil.

### Ár mikilla umbyltinga í skipulagi borgarinnar

Á árinu hófst undirbúningur að umfangsmikilli endurskoðun og endurskipulagningu á öllu stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem kom til framkvæmda á árinu 2005. Vorið 2004 samþykkti borgarráð að stofnaðar skyldu sex þjónustumiðstöðvar úti í borgarhverfum á grunni mikillar undirbúningsvinnu sem þá hafði farið fram. Markmiðið með stofnun þeirra var að flytja þjónustuna nær íbúum, stuðla að þverfaglegu samstarfi sérfræðinga og styrkja og efla hverfavitund og styðja grasrótarstarf og frumkvæði í nærsamfélaginu. Hluti af þessum breytingum var að flytja sálfræðiþjónustu og kennsluráðgjöf frá Fræðslumiðstöð til þjónustumiðstöðvanna og var þegar hafinn undirbúningur að þeim breytingum.

Síðar á árinu var síðan samþykkt í borgarráði að endurskipuleggja skiptingu verkefna milli málaflokka og skipta verkefnum borgarinnar á tíu svið, þar af þrjú innan Ráðhússins. Nýtt Menntasvið skyldi taka við verkefnum Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Markmiðið með sameiningu þessara málaflokka var að skapa heildaryfirsýn yfir skólamál á vegum borgarinnar, auka samþættingu og samfellu þessara tveggja skólastiga og stuðla að hagræðingu. Hér var um mjög yfirgripsmikla og tímabæra endurskoðun að ræða sem án efa á eftir að skila skilvirkari þjónustu til borgarbúa.

### Framfaraskeið

Það var mikill heiður þegar borgarstjóri veitti Fræðslumiðstöð starfsviðurkenningu ársins 2004 og lagði áherslu á að viðurkenningin væri fyrir öll níu árin sem Fræðslumiðstöð starfaði. Miklar framfarir urðu í allri umgjörð grunnskólanna í borginni og innra starfi þeirra á þessum tíma. Slíkar breytingar gerast að sjálfsögðu hægt og rólega en engum blöðum er um það að fletta að á þessu tímabili urðu meiri breytingar til framfara á stuttum tíma en orðið höfðu áratugina á undan. Á þessum árum hefur myndast breytt landslag hvað varðar sýn og umræðu skólanna um árangursríkt nám nemenda. Stefnumótun borgarinnar um kennsluhætti til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda og skóla án aðgreiningar er í fararbroddi á landsvísu. Við erum á leið frá bekkjarmiðaðri kennslu yfir í einstaklingsmiðað nám með nemandann alltaf í brennidepli.

**„ . . .á þessum tíma urðu meiri breytingar til framfara á stuttum tíma en orðið höfðu áratugina á undan.“**

### Stefnumótun í takt við þróun í heiminum

Mótun 10 ára framtíðarsýnar um helstu þætti skólastarfsins er í takt við það sem er að gerast í heiminum. Vinnubrögð við stefnumótunina hafa vakið athygli. Þau hafa meðal annars falist í miklu samráði við skólastjóra og einnig við foreldraráð og kennararáð á hverju ári. Þannig hafa verið tekin skref í átt til aukins íbúalýðræðis með hugarflugsfundum eða „íbúaþingum“ í hverfum. Á árinu var einnig haldinn almennur borgarfundur á sal Fræðslumiðstöðvar um drög að Starfsáætlun fræðslumála 2005. Þaulskipulagðar námsferðir starfsmanna af Fræðslumiðstöð, fulltrúa í fræðsluráði og skólastjóranna erlendis



„Síðast en ekki síst setur einsetning skólanna með gríðarlega umfangsmiklum bygginga-framkvæmdum á ótrúlega stuttum tíma og mötuneyti í nær öllum skólunum svip sinn á sögu þessa tímabils.“

hafa gefið okkur hugmyndir og ekki síst sjálfstraust til að halda ótrauð áfram. Þannig hefur stefnan verið undirbúin og undirbyggð. Á grunni þessarar vinnu hefur framtíðarsýnin þróast með hverju ári. Það hefur verið með ráðum gert að sýnin er ekki ítarleg svo hún sé ekki of bindandi. Mikilvægt er að skólarnir móti sjálfir leiðirnar að markmiðinu. Það hafa verið árangursrík vinnubrögð að móta á hverju ári skref til að stíga í átt að þessari sýn, auk þess sem fræðsluráði hefur á þriggja mánaða fresti verið gerð grein fyrir hvar við stöndum með hvert skref.

## Umgjörð skólastarfsins tekið stórstígum framförum

Á þessu tímabili var mörgum steinum velt. Sjálfstæði grunnskólanna í Reykjavík er meira en víða erlendis. Aukið fjárhagslegt sjálfstæði varð greinilega vítamínsprauta. Þessu fylgdu millistjórnendur sem urðu til þess að unnt var að fela fólki að stýra þróunarstarfi sem ekki var áður. Líkanið við úthlutun fjármagns sem meðal annars byggir á fjölda nemenda í stað bekkjarfjölda áður hefur vakið mikla athygli og verið tekið upp af öðrum sveitarfélögum. Eftir að fjármagn vegna símenntunar kennara fluttist til skólanna fóru þeir að skipuleggja umfangsmikil símenntunarnámskeið fyrir alla sína starfsmenn um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda - á eigin forsendum.

Ráðning námsráðgjafa við alla skólana og aukið umfang sérkennslu og séraðstoðar eru án efa áfangar sem marka munu varanleg spor svo og markviss stefna í sérkennslu og sérúrræðum.

Tölvuvæðing skólanna, netvæðingin, hópvinnslukerfi, gagnakerfið fyrir upplýsingar um nemendur og framvindu þeirra í náminu (Mentor) eru allt dæmi um gjörbreytta umgjörð. Netið og upplýsingatæknin eru grundvallaratriði svo framkvæma megi einstaklingsmiðað nám.

Líðan starfsmanna og vinalegt vinnuumhverfi skiptir miklu máli í skólastarfi eins og í öðrum geirum samfélagsins. Gerðar hafa verið kannanir meðal starfsmanna reglulega, meðal annars um viðhorf og líðan. Mikilvæg lóð voru lögð á vogarskálarnar til umbóta í þeim efnum með ráðningu mannauðsráðgjafa og stofnun vinnuumhverfisteyma úti í skólunum, auk aukinna möguleika til starfsþróunar.

Síðast en ekki síst setur einsetning skólanna með gríðarlega umfangsmiklum byggingaframkvæmdum á ótrúlega stuttum tíma og mötuneyti í nær öllum skólunum svip sinn á sögu þessa tímabils. Þetta átak tókst með mikilli og góðri samvinnu allra aðila sem að komu - fræðsluráðs, Fasteignastofu og Fræðslumiðstöðvar. Undirbúningur Ingunnarskóla og nýbyggingar Korpuskóla með hópi foreldra, skólafólki og fólki úr atvinnulífinu var frumkvöðlastarf og dæmi um íbúaþátttöku og íbúalýðræði. Starfið í Ingunnarskóla og skólahúsið er skipulagt eins og þátttakendur í 30 manna hópi lögðu til. Það stytti okkur leið að ráða bandarískan arkitekt sem er sérhæfður í að hanna skólahús sem taka mið af breyttum kennsluháttum til að stýra undirbúningsvinnunni og hanna skólann.

## Kennsluhættirnir nú í brennidepli

Á grunni ofannefndra umbóta í ytri umgjörð skólastarfsins er nú hafin hæg og hljóðlát umbylting í kennsluháttum. Á árinu var gerð matstækis fyrir skólana án efa mikilvægt skref en því er ætlað að auðvelda þeim að meta hvar þeir eru staddir á leiðinni að einstaklingsmiðuðu námi og skóla án aðgreiningar, styðja þá við að taka frekari skref fram á við og styrkja umræðuna um þróun skólastarfs. Sama má segja um umfangsmikil námskeið um nám og kennsluhætti bæði fyrir stjórnendur og starfsmenn úti í skólunum sem haldin voru á árinu.

## Hlutverk Fræðslumiðstöðvar

Reynsla síðustu aldar í skólamálum, hérlendis og erlendis, hefur sýnt okkur að þróun skóla eða breytingar á skólastarfi gerast ekki með skammtíma átaks- eða umbótaverkefnum. Þær gerast hægt og rólega og verða varanlegar ef þær ná yfir stærri heildir. Reynsla síðustu aldar hefur einnig sýnt að miðlæg skrifstofa sem vinnur vel með sínu fólki skipti sköpum í skólaþróun. Breytingar virðast ekki hafa fest

**Mynd 0.1**
Uppbygging grunnskólans í tíð Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, þrep fyrir þrep




**„Nú er að hefjast nýtt tímabil í sögu menntamála í borginni. Það verður gaman að takast á við breytt skipulag og nýjan veruleika í samstarfi við leikskólana á Menntasviði.“**



í sessi eða breiðst út ef einn og einn skóli gerir átak í breytingaátt, þá stendur breytingin gjarnan stutt við og deyr út með nýju fólki og það kemur alltaf nýtt fólk. Þetta undirstrikar mikilvægi utanumhalds frá Fræðslumiðstöð og nú aðalskrifstofu Menntasviðs.

Við erum á góðu skriði með áherslu okkar á þróun frá bekkjarmiðaðri kennslu yfir í einstaklingsmiðað nám og aukna samvinnu nemenda þar sem hver skóli velur sér síðan hvernig hann ferðast - hver með sínu lagi og séreinkennum. Öll níu ár Fræðslumiðstöðvar var unnið að því hægt og bítandi í samvinnu við skólana að byggja upp undirstöðurnar undir þessar breytingar, skref fyrir skref. En það er alltaf hætta á bakslagi, því þarf að halda vel utan um stefnuna. Breytingar verða ekki að sjálfu sér og viðhald umbóta gerist ekki sjálfkrafa.

Það hefur starfað mjög samhentur og samheldinn hópur á Fræðslumiðstöð og átt mjög gott samstarf við stjórnendur skólanna. Saman mynduðu þessir hópar sterkt og samheldið afl sem starfað hefur af miklum metnaði. Það samstarf heldur að sjálfsögðu áfram á nýju Menntasviði.

## Lokaorð

Opinberar menntastofnanir eru lýðræðislegar stofnanir sem hafa lagt sitt af mörkum til að móta lýðræðisþjóðfélög. Umræðan um almenna menntun og almenna skólann má ekki einskorðast, eins og hún gerir svolítið nú, við stöðuna í alþjóðlegri samkeppni þjóða eða útkomu á prófum. Hún ætti fremur að vera um sameiginlegt val okkar um sameiginlega framtíð, það val sem fram fer í lýðræðislegri umræðu um gildi, færni og þekkingu sem við viljum láta ganga til næstu kynslóðar. Það er þetta val sem skiptir mestu um borgaralega velferð og mannsæmandi líf fyrir alla í lýðræðisþjóðfélagi.

Nú er að hefjast nýtt tímabil í sögu menntamála í borginni. Það verður gaman að takast á við breytt skipulag og nýjan veruleika í samstarfi við leikskólana á Menntasviði. Þar er að sjálfsögðu byggt á góðum grunni Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar. Verkefnið er enn sem fyrr að bæta stöðugt námsaðstæður nemenda okkar og stuðla að enn betra námi fyrir alla 21 þúsund nemendurna í leik- og grunnskólum Reykjavíkur.

Öllum samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar svo og fræðsluráði er þakkað gefandi og mjög árangursríkt samstarf síðastliðin níu ár með góðum óskum um áframhaldandi samstöðu um þróun menntamála í Reykjavík.

# 1 Fræðsluráð Reykjavíkur





Fræðsluráð Reykjavíkur sem sett var á fót við yfirfærslu grunnskólanna til borgarinnar árið 1996 fór með yfirstjórn fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar til ársloka 2004 þegar nýtt menntaráð tók við verkefnum þess og leikskólaráðs borgarinnar. Hlutverk ráðsins var annars vegar að móta stefnu í málefnum grunnskóla, skólahljómsveita, tónlistarskóla og fullorðinsfræðslu og hins vegar að hafa eftirlit með framkvæmd laga og stefnumörkunar (sbr. samþykkt fyrir ráðið frá 7. nóv. 2002 með breytingum frá 22. júlí 2003). Fræðslumiðstöð Reykjavíkur annaðist stjórnsýslu fræðslumála á þessu tímabili. Hún var lögð niður 31. maí 2005 þegar nýtt Menntasvið Reykjavíkurborgar tók við yfirstjórn allra menntamála á vegum borgarinnar sem áður höfðu verið í höndum Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar. Hluti af starfsemi Fræðslumiðstöðvar, þ.e. kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónusta flutti á nýjar þjónustumiðstöðvar í borgarhverfunum. Þessar breytingar voru liður í umfangsmikilli endurskipulagningu á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.

## Fulltrúar í fræðsluráði

Í fræðsluráði sátu 5 fulltrúar kosnir af borgarstjórn. Fulltrúi F-lista sat einnig fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúi. Skólastjórafélag Reykjavíkur, Kennarafélag Reykjavíkur og Samtök foreldrafélaga og foreldraráða í Reykjavík (SAMFOK) áttu áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins. Fræðslustjóri og forstöðumenn sviða á Fræðslumiðstöð sátu fundi ráðsins, auk skrifstofustjóra sem var ritari fræðsluráðs.

**Fulltrúar í fræðsluráði:**
Stefán Jón Hafstein, formaður
Katrín Jakobsdóttir
Vigdís Hauksdóttir
Guðrún Ebba Ólafsdóttir
Hanna Birna Kristjánsdóttir

**Varamenn:**
Sigrún Elsa Smáradóttir
Svandís Svavarsdóttir
Jóhann M. Hauksson/Heimir Jóhannesson (frá febrúar 2004).
Marta Guðjónsdóttir
Þorbjörg Vigfúsdóttir

**Áheyrnarfulltrúar:**
Margrét Sverrisdóttir/Gísli Helgason (frá september 2004), F-lista
Sara Dögg Jónsdóttir og María Pálmadóttir/Sigrún E. Ólafsdóttir og Ólafur Loftsson (síðari hl. árs), Kennarafélagi Reykjavíkur
Reynir Daníel Gunnarsson, Skólastjórafélagi Reykjavíkur
Bergþóra Valsdóttir, SAMFOK

## Áherslur í starfi fræðsluráðs á árinu

Fræðsluráð Reykjavíkur hélt 24 fundi á árinu 2004.

Fræðsluráð réð á árinu nýja skólastjóra við Hólabrekkuskóla og Laugarnesskóla. Á fundi fræðsluráðs 16. febrúar var samþykkt að leggja til við borgarráð að stofnað yrði útibú frá Ingunnarskóla í eystri hluta Grafarholts í samræmi við tillögur starfshóps þar um. Ráðið lagði á fundi sínum 1. desember til við borgarráð að stofnaður yrði nýr grunnskóli í Norðlingaholti fyrir um 350 nemendur í 1. - 10. bekk og skyldi hann taka til starfa haustið 2005 í færanlegu kennsluhúsnæði. Var tillagan samþykkt í borgarráði í 9. desember.

Á síðasta fundi ráðsins þann 15. desember lagði fræðslustjóri fram yfirlit yfir starfsemi fræðsluráðs Reykjavíkur sem starfaði frá ágúst 1996 til desember 2004. Ritið bar heitið *Horft um öxl* (sjá nánar á bls. 26).

### Stefnumörkun fræðsluráðs

Fræðsluráð markaði á árinu stefnu um eftirtalda þætti:

- Fræðsluráð lét gera úttekt á reynslu nágrannaþjóða af því að vera með skólastjórnir einstakra skóla með þátttöku foreldra og starfsmanna. Úttektin var unnin á vegum Kennaraháskóla Íslands og lögð fram í fræðsluráði 3. febrúar 2004.

- Á fundi sínum 16. febrúar studdi meirihluti fræðsluráðs tillögur um þjónustumiðstöðvar í hverfum sem kynntar voru í skýrslu starfshóps þar um til stjórnkerfisnefndar borgarinnar.
- Starfshópur um *Greiðar götur* foreldra, nemendalýðræði og mannréttindakennslu skilaði endanlegum tillögum sínum til fræðsluráðs í maí 2004. Hópurinn lagði til að styrkt yrði enn frekar en nú er aðgengi foreldra að upplýsingum um skólastarfið og samstarf foreldra og skóla yrði eflt. Í því sambandi var m.a. lagt til að skólar setji sér stefnu og markmið um foreldrasamstarf og upplýsingastefnu sem feli í sér kynningu á skóladagatali, skólanámskrá og ársskýrslu. Einnig var lagt til að haldin væru námskeið fyrir foreldra í samvinnu við þá og að skólar nýttu sér tölvutæknina til samskipta, auk þess sem foreldrar ættu alltaf greiðan aðgang að upplýsingum um starfið í bekk barnsins síns og stöðu barnsins í námi. Hvað varðar nemendalýðræði lagði hópurinn m.a. til að stofnaður yrði móðurskóli í nemendalýðræði og mannréttindakennslu, nemendur fengju þjálfun í samskiptafærni og lýðræðislegum vinnubrögðum og tækju ábyrgð í skólastarfi og samfélagsverkefnum af ýmsu tagi, s.s. með þátttöku í nemendaráðum. Þessir þættir fléttist inn í hinar ýmsu námsgreinar.
- Á árinu starfaði á vegum fræðsluráðs nefnd um mikilvæga þætti skólastarfs utan stefnumótunarsviðs fræðsluráðs. Hlutverk hópsins, samkvæmt erindisbréfi, var að greina núverandi stöðu og gera tillögur um umbætur. Hópurinn skilaði ráðinu ýtarlegri skýrslu í júní 2004. Þar er m.a. fjallað um lagaumhverfi grunnskóla og tengsl við leik- og framhaldsskóla, um málefni tónlistarskóla, heilbrigðismál er varða grunnskólana, málefni fatlaðra barna, menntunarmál starfsfólks grunnskóla og meðferð persónuupplýsinga í grunnskólum.
- Starfshópur um bráðger börn var skipaður í október 2003 og var honum m.a. ætlað að afla upplýsinga um hvað væri gert í grunnskólum fyrir þennan hóp, skilgreina hópinn og setja fram tillögur um hvernig koma megi sem best til móts við þarfir þessara barna í grunnskólum borgarinnar. Hann skilaði niðurstöðum sínum til ráðsins í maí (sjá nánar í 4. kafla, bls. 42).
- Unnin var úttekt á skólaeldhúsum í grunnskólum borgarinnar á vegum fræðsluráðs.
- Fræðsluráð hélt opinn fund í Iðnó um stöðu stráka í grunnskólum 24. maí 2004. Fundurinn var ætlaður foreldrum, stjórnmálamönnum, skólafólki, fræðimönnum og öðrum sem láta sig þjóðfélagsmál varða og sóttu hann um 70 manns. Þar voru haldin fjögur erindi um efnið og síðan ræddu fræðsluráðsfulltrúar við gesti fundarins um málefnið
- Starfshópur um alþjóðlegt skólastarf í Reykjavík skilaði fræðsluráði tillögum sínum á árinu. Eftir viðræður við fjölda aðila komst hópurinn að þeirri niðurstöðu að ekki væri mikil eftirspurn eftir slíkum skóla í Reykjavík um þessar mundir (sjá 2. kafla bls. 26 og 3. kafla bls. 27 um Alþjóðaskólann í Reykjavík sem er til húsa í Víkurskóla).
- Starfshópur á vegum fræðsluráðs vann að frekari útfærslu á vinnureglum vegna styrkumsókna tónlistarskóla í Reykjavík. Á fundi sínum 30. ágúst 2004 samþykkti fræðsluráð *Reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla.* Í þeim er fjallað um skilgreiningu á tónlistarskóla, félagsform þeirra, grundvöll þjónustusamninga, kennslu og skilgreiningu nemendaígildis, menntun skólastjórnenda, rétt Reykjavíkurborgar, samræmda skráningu o.fl. (sjá 5. kafla).
- Á vegum fræðsluráðs starfaði starfshópur um skólahald í Miðborginni. Hann skilaði niðurstöðum sínum til ráðsins í maí og benti hann á tvo kosti sem velja þyrfti á milli til að mæta fjölgun nemenda vegna þéttingar byggðar á svæðinu. Annars vegar að hafa áfram einn grunnskóla í miðborginni sem þjóni öllu hverfinu, bætt verði við skólahúsnæði Austurbæjarskóla, nemendum fjölgað í Landakotsskóla og byggður verði upp unglingaskóli í Vesturbæ. Hins vegar að búið verði til nýtt skólahverfi í miðborginni sem þjóni íbúum í Þingholti, Kvosinni og að Suðurgötu.
- Fræðsluráð fjallaði í lok árs um fyrirhugaðar stjórnkerfisbreytingar innan Reykjavíkurborgar sem m.a. fólu í sér stofnun Menntasviðs á grunni Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og stofnun sex þjónustumiðstöðva í borginni sem tækju m.a. yfir ákveðin verkefni sem voru á hendi Leikskólanna og Fræðslumiðstöðvar.
- Fræðsluráð samþykkti í lok árs að gera úttekt á ferli við gerð kjarasamnings grunnskólakennara og launanefndar sveitarfélaga sem samþykktur var í lok ársins í kjölfar langs verkfalls. Skipaður var hópur sérfræðinga til að greina form kjaraviðræðna, kosti og galla og m.a. að fjalla um framsal valds sveitarfélaga og kjörinna fulltrúa til launanefndar. Hópurinn skyldi m.a. leita upplýsinga hjá talsmönnum deilenda og skila niðurstöðum og tillögum til framtíðar. Erindisbréf þessa hóps var lagt fyrir fræðsluráð 1. desember.
- Einnig var stofnaður starfshópur með fulltrúum úr hópi áheyrnarfulltrúa kennara, foreldra og skólastjóra í fræðsluráði, auk kjörinna fulltrúa í ráðinu til að gera tillögur um námsframboð til nemenda sem vildu bæta sér upp tapaðan námstíma og stuðning við uppbyggingarstarf í skólunum í kjölfar verkfallsins. Hópurinn lagði fram tillögur sínar á fundi fræðsluráðs 15. desember og borgarráð samþykkti að veita fé til grunnskólanna til að koma til móts við nemendur og endurskipuleggja skólastarfið.
- Einnig skipaði ráðið starfshóp um námsframboð til nemenda til að bæta upp tapaða kennsludaga í verkfalli.
- Þann 1. desember samþykkti ráðið tillögur vinnuhóps um breytingar á viðmiðunarreglum um samskipti foreldraráða og skólayfirvalda í grunnskólum Reykjavíkur.

**Mynd 1.1**
**Skipurit fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar**




**Mynd 1.2**
**Skipurit Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur**




## Eftirlit

Eftirlit fræðsluráðs með skólahaldi í borginni fór einkum fram í gegnum svör við fyrirspurnum fulltrúa í ráðinu og minnisblöð sem lögð voru reglulega fyrir ráðið um fjölda mála. Fasteigna-stofa kynnti ráðinu áætlanir sínar um stofnframkvæmdir grunnskóla og framvindu þeirra.

Sjá um verðlaun og styrki fræðsluráðs í 6. kafla, bls. 64.

# Skipurit fræðslumála í Reykjavík og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur

Skipurit fræðslumála lýsir skipan fræðslumála innan borgarkerfisins (mynd 1.1).

Skipurit Fræðslumiðstöðvar Reykja-víkur sýnir að hún skiptist í þrjú megin svið auk skrifstofu fræðslustjóra (mynd 1.2).

# 2 Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur var að annast, í umboði fræðsluráðs, framkvæmdastjórn fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar. Undir hana heyrðu í lok ársins 37 grunnskólar, fjórar skólahljómsveitir og Námsflokkar Reykjavíkur. Auk þess sá Fræðslumiðstöð um fastar fjárveitingar til 5 einkarekinna grunnskóla, 20 einkarekinna tónlistarskóla og eins myndlistarskóla.

Starfsemi Fræðslumiðstöðvar skiptist í fjórar einingar: Þróunarsvið, þjónustusvið, fjármálasvið og skrifstofu fræðslustjóra. Auk þess var skólasafnamiðstöð hluti af Fræðslumiðstöð.

## Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur

Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur:

- að hafa með höndum yfirstjórn skólamála í Reykjavík;
- að vera faglegt forystuafl í skólamálum borgarinnar og undirbúa stefnumótun fræðsluráðs um starfsemi og uppbyggingu grunnskóla;
- að sjá til þess að lögum og reglugerðum um grunnskóla svo og ákvörðunum borgaryfirvalda í fræðslumálum sé framfylgt í borginni;
- að skipta fjármunum milli grunnskóla borgarinnar og hafa eftirlit með nýtingu fjármagns;
- að veita grunnskólum Reykjavíkur og öðrum menntastofnunum sem styrktar eru af borginni faglega og fjárhagslega ráðgjöf og þjónustu;
- að hafa yfirsýn yfir skólastarf í Reykjavík og þær hugmyndir sem eru á döfinni um þróun þess;
- að veita stofnunum borgarinnar og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um fræðslumál og taka þátt í verkefnum á vegum borgarinnar sem tengjast fræðslumálum.

Samþykkt af fræðsluráði 10. október 2000.

## Stjórnendur á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur á árinu 2004

- Dr. Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri
- Runólfur Birgir Leifsson, forstöðumaður fjármálasviðs, staðgengill fræðslustjóra
- Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs
- Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður þróunarsviðs
- Guðmundur Þór Ásmundsson (í námsleyfi fyrri hluta ársins)/Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu fræðslustjóra
- Dagný Leifsdóttir, deildarstjóri bókhalds- og launadeildar
- Júlíus Sigurbjörnsson, deildarstjóri rekstrardeildar
- Birna Sigurjónsdóttir, deildarstjóri kennsludeildar
- Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri sálfræðideildar
- Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri
- Sigþór Örn Guðmundsson, deildarstjóri tölvudeildar
- Guðrún Hjartardóttir, upplýsingafulltrúi
- Margrét Björnsdóttir, forstöðumaður skólasafnamiðstöðvar

## Starfsviðurkenning borgarstjóra 2004

Fræðslumiðstöð varð þess heiðurs aðnjótandi að hljóta starfsviðurkenningu ársins 2004 sem borgarstjóri veitir árlega. Viðurkenningin var fyrir allt 9 ára starfstímabil Fræðslumiðstöðvar árin 1996 til 2004.

Við afhendingu viðurkenningarskjalsins sagði borgarstjóri að viðurkenningin væri fyrst og fremst fyrir afburða árangur undangengin níu ár. Hún sagði: „Með stofnun Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur árið 1996 hófst blómaskeið í sögu grunnskólans í borginni sem hefur haft áhrif langt út fyrir borgarmörkin.“





## Starfsáætlun og ársskýrsla fræðslumála

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík hefur verið gefin út árlega af Fræðslumiðstöð frá árinu 1997. Henni hafa fylgt margvíslegar tölfræðilegar upplýsingar um skólastarfið. Fræðslustjóri stýrði vinnu við starfsáætlun. Hún hefur verið unnin í víðtæku samstarfi fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar við skólastjórnendur, kennara og foreldra. Haldnir voru fundir um starfsáætlun fræðslumála fyrir árið 2005 með skólastjórum, öllum kennararáðum og öllum foreldraráðum á haustmánuðum 2004. Skólastjórar í borgarhlutunum fjórum mótuðu sér stefnu um samvinnuverkefni skólanna. Fræðslumiðstöð lagði yfirlit yfir framvindu starfsáætlunar fyrir fræðsluráð eftir hvern ársfjórðung (sjá um framkvæmd markmiða í starfsáætlun ársins í 4. kafla).

Fræðslustjóri heimsótti starfsmannafundi í 10 grunnskólanna á árinu til að ræða stefnumörkun um grunnskóla í Reykjavík, en einkum breytta kennsluhætti frá bekkjarmiðaðri kennslu yfir í einstaklingsmiðað nám og skóla án aðgreiningar. Einnig átti hann fundi í febrúar og mars í borgarhlutunum fjórum með sérkennurum um þátt þeirra í þessari þróun svo og með þroskaþjálfum sem starfa í grunnskólunum um hlut þeirra í þróun skólastarfs. Fulltrúar frá Fræðslumiðstöð áttu fund með aðilum í Kennaraháskóla Íslands um þróun skólastarfs og var fundur ársins haldinn í júní.

Í starfsáætlun fræðslumála 2003 var í fyrsta sinn sett fram skorkort fyrir fræðslumálin í Reykjavík (Balanced Score Card) þar sem valdir eru ákveðnir velgengnisþættir og sett markmið um útkomu þeirra og í starfsáætlun 2004 var einnig sett fram stefnukort.

Í ársskýrslu er meðal annars gerð grein fyrir framkvæmd markmiða í starfsáætlun ársins.

Á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar hefur verið mikið magn hagnýtra upplýsinga um skólana og skólastarfið, þar hafa verið sagðar nýjustu fréttir úr fræðslumálunum og birtar fundargerðir fræðsluráðs.

Mynd 2.1

**Einstaklingsmál sem bárust ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla 1997-2004**




## Undirbúningur stjórnkerfisbreytinga hjá borginni

Síðari hluta ársins hófst undirbúningur stjórnkerfisbreytinga hjá Reykjavíkurborg. Borgarráð samþykkti stofnun þjónustumiðstöðva í hverfum vorið 2004 og var þeim ætlað að taka við ýmsum verkefnum sem snertu nærþjónustu við borgarbúa. Var þá farið að undirbúa flutning kennsluráðgjafar og sálfræðiþjónustu frá Fræðslumiðstöð út á fimm þjónustumiðstöðvar. Einnig tók Fræðslumiðstöð þátt í starfshópum innan borgarkerfisins til að undirbúa þessar breytingar. Á haustmánuðum samþykkti síðan borgarráð endurskipulagningu alls borgarkerfisins og skyldi það skiptast upp í 10 svið, þar af þrjú staðsett í Ráðhúsinu. Nýtt Menntasvið skyldi taka við verkefnum Fræðslumiðstöðvar og grunnskóla Reykjavíkur. Undirbúningur að þeim breytingum hófst í lok ársins.

# Skrifstofa fræðslustjóra

Skrifstofa fræðslustjóra bar ábyrgð á heildarstjórnun fræðslumála og stefnumörkun.

## Starfsmenn á skrifstofu fræðslustjóra

Á skrifstofu fræðslustjóra störfuðu á árinu, auk fræðslustjóra, skrifstofustjóri sem var aðstoðarmaður fræðslustjóra, ritari fræðslustjóra, upplýsingafulltrúi, ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla og ráðgjafi um tónlistarfræðslu. Starfsmannaþjónusta var hluti af skrifstofunni og þar störfuðu starfsmannastjóri og þrír mannauðsráðgjafar.

Fræðslustjóri var framkvæmdastjóri fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar. Hans hlutverk hefur verið að móta framtíðarsýn um grunnskólann og stýra árlegri stefnumörkun, auk þess að sjá til að henni sé framfylgt. Hann undirbjó fundi fræðsluráðs ásamt formanni. Hlutverk fræðslustjóra hefur

einnig verið að vinna að því að þjónusta við nemendur, foreldra þeirra, kennara og skólastjórnendur væri í samræmi við lög og stefnu borgarinnar og fylgjast með væntingum í þeim efnum. Fræðslustjóri stýrði daglegu starfi Fræðslumiðstöðvar og hafði forystu um uppbygginguna hennar og skipulag. Þá sinnti fræðslustjóri samskiptum út á við, svo sem við yfirstjórn borgarinnar, aðrar borgarstofnanir, ýmsar þjónustustofnanir og aðila erlendis.

Skrifstofustjóri var ritari fræðsluráðs og aðstoðarmaður fræðslustjóra. Hann kom að undirbúningi funda fræðsluráðs, deildi út erindum sem bárust fræðsluráði og fræðslustjóra og fylgdist með afgreiðslu þeirra. Hann var einnig tengiliður fræðslustjóra við skólastjóra.

Ritari fræðslustjóra hafði það hlutverk að hafa yfirlit yfir erindi sem bárust fræðslustjóra, sjá um bréfaskriftir og skjalastýringu, undirbúa gögn fyrir fundi fræðsluráðs, tímasetja og undirbúa fundi fræðslustjóra með ýmsum aðilum og skipuleggja viðtalstíma hans.

Upplýsingafulltrúi sá um samskipti við fjölmiðla, undirbúning ýmissa viðburða og ráðstefna og uppsetningu og útgáfu á efni sem unnið var á Fræðslumiðstöð, svo sem skýrslum, starfsáætlun, ársskýrslu og bæklingum. Upplýsingafulltrúi sá um heimasíðu Fræðslumiðstöðvar og veitti upplýsingar út á við um starfsemi Fræðslumiðstöðvar og grunnskólastarf almennt.

Starfsmannaþjónustan veitti stjórnendum ýmsa þjónustu og ráðgjöf á sviði starfsmannastjórnunar, m.a. um túlkun kjarasamninga, úrlausn einstaklingsmála, gerð símenntunaráætlana, ráðningar og um boðmiðlun og upplýsingastreymi á vinnustöðum. Starfsmannaþjónustan vann að starfsþróun, annaðist skipulag símenntunar fyrir ákveðna hópa og hélt námskeið fyrir stjórnendur. Einnig vann hún að því að bæta starfsumhverfi í grunnskólunum, t.d. með námskeiðum um samskipti á vinnustöðum, forvarnir og vinnu með vinnuumhverfisteymum skólanna. Starfsmannastjóri annaðist formleg samskipti við stéttarfélög starfsmanna og sat fundi í samstarfsnefndum við stéttarfélög.



Ráðgjafi um tónlistarfræðslu hafði umsjón með tónlistarfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar, en undir hana flokkast skólahljómsveitir, tónlistarskólar sem njóta rekstrarstyrkja frá borginni og tónmennt í grunnskólum. Í því fólst meðal annars að veita faglega ráðgjöf, vinna að þróun tónlistarnáms og annast upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun vegna tónlistarfræðslunnar í samvinnu við þróunarsvið. Á árinu voru mótaðar nýjar reglur um þjónustusamninga við tónlistarskóla og vann tónlistarfulltrúi að undirbúningi þeirra og hafði eftirlit með því að ákvæði þjónustusamninga væru uppfyllt.

Ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla sinnti tilvísunum frá foreldrum og skólum vegna málefna einstakra barna sem ekki hafði tekist að leysa á vettvangi skóla. Auk þess sinnti ráðgjafinn málum sem foreldrar vísuðu til stjórnenda fræðslumála borgarinnar. Alls bárust 116 mál á árinu 2004 sem er mikil fækkun sé miðað við tvö undanfarin ár og hafa þau ekki verið færri síðan árið 1998 (mynd 2.1). Tæpur helmingur þessara mála var vegna nemenda á unglingastigi (tafla 2.2). Þau mál sem foreldrar vísuðu til ráðgjafans voru yfirleitt vegna óánægju með skólann en mál skólanna vörðuðu oftast fjarvistir og agamál (tafla 2.1). Auk þess svarar ráðgjafinn fyrirspurnum foreldra varðandi nemendur og skólastarf almennt.

Fræðslustjóri sat í bygginganefnd framhaldsskóla sem hóf störf á árinu á grunni samnings sem borgarstjórinn í Reykjavík og menntamálaráðherra undirrituðu árið 2003 um viðbyggingar við nokkra framhaldsskóla í Reykjavík (sjá bls. 57).

Fræðslustjóri og aðstoðarmaður hans unnu á árinu með nefnd um málefni er snerta grunnskólann en eru utan verksviðs fræðsluráðs.

Tafla 2.1
**Einstaklingsmál sem bárust ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla 2004**

| Tilefni | Frá foreldrum | Frá skóla | Samtals |
|---|---|---|---|
| Agamál | 10 | 8 | 18 |
| Ávana- og fíkniefni | | 1 | 1 |
| Einelti | 4 | 5 | 9 |
| Félagslegur vandi | | | 0 |
| Fjarvistir | | 11 | 11 |
| Geðrænn vandi | | 5 | 5 |
| Námserfiðleikar | 1 | | 1 |
| Óánægja með skóla | 70 | | 70 |
| Annað | 1 | | 1 |
| **Samtals:** | **86** | **30** | **116** |

Tafla 2.2
**Fjöldi mála sem bárust ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla eftir skólastigum 2003 og 2004**

| Skólastig | Fjöldi mála 2003 | Fjöldi mála 2004 |
|---|---|---|
| Yngri barna stig 1.-4. bekkur | 49 | 32 |
| Miðstig 5.-7. bekkur | 50 | 29 |
| Unglingastig 8.-10. bekkur | 79 | 55 |
| **Samtals** | **178** | **116** |



## Þróunarsvið

Helsta hlutverk þróunarsviðs hefur verið að safna og vinna úr gögnum um skólastarf og skipuleggja upplýsinga- og samskiptatækni á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, auk áætlanagerðar og rannsóknarvinnu. Á sviðinu var tölvudeild sem hefur haft umsjón með tölvuvæðingu skóla og mótun stefnu í tölvumálum í samvinnu við skólana. Á þróunarsviði hefur verið unnið úr gögnum um skólastarf í Reykjavík, skipulögð skráning og innritun nemenda og spár gerðar um nemendafjölda. Þar hefur einnig verið fylgst með því að börn með lögheimili í Reykjavík uppfylli skólaskyldu. Rannsóknir og kannanir Fræðslumiðstöðvar voru í umsjón Þróunarsviðs. Þar voru gerðar langtímaáætlanir, svo sem um tölvuvæðingu og fleiri þætti í skólastarfi. Sviðið hefur haft umsjón með úthlutun úr þróunarsjóði.

### Starfsmenn þróunarsviðs

Starfsmenn þróunarsviðs voru 12 á árinu í um 11 stöðugildum. Forstöðumaður sá um yfirstjórn og samhæfingu verkefna. Deildarstjóri tölvudeildar sá um skipulagningu og rekstur tölvukerfis grunnskólanna. Fimm starfsmenn tölvudeildar sinntu tölvuþjónustu við grunnskólana, Fræðslumiðstöð og Námsflokkana. Fjórir sérfræðingar á þróunarsviði störfuðu við rannsóknir og tölfræðiúrvinnslu gagna og nemendaskrárritari hafði umsjón með nemendaskrá. Einn sérfræðingur starfaði við innleiðingu starfsmannakerfis Reykjavíkurborgar í grunnskólunum.

### Áherslur árið 2004

- Flutningur og uppsetning allra vefsetra grunnskóla Reykjavíkur frá Skýrr.
- Vinnslugeta miðtölvubúnaðar var aukin til að mæta álagi á búnaði.
- Tölvukerfi leikskóla og töluvkerfi grunnskóla voru sameinuð.
- Unnið var markvisst að því að ljúka útistandandi málum vegna uppsetningar á miðtölvukerfi grunnskólanna.
- Lokið var við gerð rammasamnings fyrir tölvubúnað í samvinnu við UTR.
- Gerð var könnun á viðhorfum foreldra til starfsemi grunnskóla Reykjavíkur vorið 2004. Gefin var út heildarskýrsla undir nafninu: *Viðhorf foreldra til grunnskóla Reykjavíkur*, en einnig voru gerðar sérskýrslur fyrir hvern skóla. IMG Gallup sá um framkvæmd.
- Gerð var könnun á viðhorfum foreldra til Brúarskóla og gefin út skýrsla undir nafninu: *Viðhorf foreldra til Brúarskóla*. Rannsóknir og greining sáu um fyrirlögn en þróunarsvið sá um úrvinnslu og skýrslugerð.
- Unnið var mat á Vesturgarði í samvinnu við ÍTR, Leikskóla Reykjavíkur og Félagsþjónustuna í Reykjavík og gefin út skýrslan *Mat á starfsemi Vesturgarðs.*
- Unnið var úr niðurstöðum úr lesskimunarprófi sem lagt var fyrir nemendur í 2. bekk í grunnskólum Reykjavíkur í apríl.
- Unnið var úr niðurstöðum úr skimunarprófi í stærðfræði sem lagt var fyrir 3. bekk í grunnskólum í Reykjavík í nóvember 2003.
- Ýmsar kannanir voru gerðar í vefkannanaforritinu „Outcome“:
  - Foreldrakönnun í Grandaskóla, mars 2004.
  - Könnun meðal nemenda í Álftamýrarskóla, mars 2004.
  - Könnun meðal samstarfsaðila Vesturgarðs, mars 2004.
  - Viðhorfakönnun meðal starfsfólks í Hlíðaskóla, apríl 2004.
  - Könnun á samstarfi heimila og skóla, maí 2004.
  - Könnun meðal kennara vegna verkefnisins Bráðger börn, júní 2004.
  - Könnun fyrir SMÁÍS varðandi opinberar sýningar í grunnskólunum Reykjavíkur, september 2004.

Forstöðumaður Þróunarsviðs sat fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar í stýrihópi borgarstofnana um rannsóknir, í samráðshópi um upplýsingatækni og gagnamál, í sérfræðihópi vegna vals á fyrirspurnartóli fyrir starfsmanna- og

launakerfi, í tæknihópi vegna vinnu við skorkort Reykjavíkurborgar, í starfshópi vegna undirbúnings að stofnun þjónustumiðstöðva og í starfshópi um gagnamál og upplýsingar. Deildarstjóri tölvudeildar sat fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar í starfshópi um innleiðingu Smartkorta, tók þátt í vinnu við gerð rammasamnings um kaup á tölvubúnaði fyrir Reykjavíkurborg og sat í starfshópi um undirbúning Upplýsinga- og tæknimiðstöðvar.

## Þjónustusvið

Starfsmenn þjónustusviðs höfðu það meginhlutverk að veita kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skóla, nemendum og aðstandendum þeirra kennsluráðgjöf og sálfræðilega þjónustu. Á þjónustusviði voru tvær deildir.

Sálfræðideild sá um sálfræðilega ráðgjöf til skóla og ráðgjöf til foreldra og nemenda. Starf sálfræðinga lýtur að ráðgjöf og stuðningi vegna almenns skólastarfs. Sálfræðingar sálfræðideildar sitja fundi í nemendaverndarráðum skólanna og vinna að verkefnum innan skóla í samráði við skólastjóra og nemendaverndarráð. Þjónusta sálfræðinga felur meðal annars í sér athugun og mat á þroska, hegðun og líðan nemenda samkvæmt niðurstöðum úr viðtölum, sálfræðilegum prófum og bekkjar- og atferlisathugunum. Sem fyrr voru drengir í meirihluta þeirra sem nutu þjónustu sálfræðinga eða um 68%.

Kennsludeild hafði að meginmarkmiði að styrkja kennara í starfi með ráðgjöf og fræðslu á sviði náms, kennslu og skólaþróunar. Kennsluráðgjafar unnu með skólunum í samræmi við grunnskólalög, reglugerðir og þær áherslur sem lagðar eru hverju sinni í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík um innra starf skóla. Þeir veittu kennsluráðgjöf í einstökum námsgreinum, bekkjarkennslu, sérkennslu og nýbúakennslu. Ráðgjöf til kennara vegna bekkjarstarfs var oftast á yngsta stigi og miðstigi (tafla 2.4). Fjöldi heimsókna vegna ráðgjafar um bekkjarstarf hefur aukist mikið undanfarin ár og hefur aldrei verið meiri en árið 2004. Níu skólar óskuðu ekki eftir heimsókn kennsluráðgjafa árið 2004 en hinir skólarnir fengu allt frá einni heimsókn upp í 33 (tafla 2.6). Í töflu 2.5 má sjá helstu efnisflokka vegna kennsluráðgjafar í skólum. Jafnframt var unnið að símenntun kennara í samráði við starfsmannastjóra Fræðslumiðstöðvar, skólastjóra og kennara. Kennsluráðgjafar hafa starfað í fjölmörgum samstarfsverkefnum sem fulltrúar Fræðslumiðstöðvar og tengiliðir við grunnskóla borgarinnar. Á haustönn 2004 stóð verkfall félagsmanna Kennarasambands Íslands í sjö vikur alls og hafði það veruleg áhrif á starf kennsluráðgjafa og kennsludeildar.



Samstarf kennsluráðgjafa og sálfræðinga á þjónustusviði fór m.a. fram í þverfaglegum teymum sem sinntu mismunandi verkefnum, svo sem skólabyrjun, sérkennslu, alvarlegum einstaklingsmálum, þroskahömlun, einhverfu og eineltismálum. Alls var unnið að tæpum 300 einstaklingsmálum á kennsludeild á árinu (tafla 2.7).

Tafla 2.3
**Tilvísanir til sálfræðideildar 1996-2004[1)]**

| | 1996-1997 | 1997-1998[2)] | 1998-1999 | 1999-2000 | 2000-2001 | 2001-2002[3)] | 2002-2003 | 2003-2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi tilvísana | 681 | 547 | 632 | 681 | 656 | 554 | 570 | 970 |
| Hlutfall drengja | 66% | 64% | 65% | 62% | 65% | 68% | 67% | 68% |
| Hlutfall stúlkna | 34% | 36% | 35% | 38% | 35% | 32% | 33% | 32% |

1) Sálfræðingar á Fræðslumiðstöð þjónuðu borgarhlutum 2 og 3 og hluta af borgarhluta 1. Miðgarður þjónaði borgarhluta 4 og Vesturgarður hluta af borgarhluta 1.

2) Miðgarður tók til starfa.

3) Vesturgarður tók til starfa.

Tafla 2.4
**Yfirlit yfir ráðgjöf til kennara vegna bekkjastarfs eftir árgöngum 2004**

| | Yngsta stig 1.-4. bekkur | Miðstig 5.-7. bekkur | Unglingastig 8.-10. bekkur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi bekkja | 28 | 31 | 5 | 64 |
| Fjöldi heimsókna | 34 | 61 | 8 | 103 |

Tafla 2.5
**Kennsluráðgjöf við skóla - efnisflokkar 2004**

| | Þróun skólastarfs | Móðurskóla-verkefni | Samstarfs-verkefni | Sjálfsmat | Faghópar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi verkefna | 18 | 6 | 17 | 5 | 10 | 56 |
| Fjöldi funda | 36 | 14 | 106 | 6 | 24 | 186 |

Tafla 2.6

**Kennsluráðgjöf vegna bekkjastarfs - fjöldi heimsókna eftir skólum 1998-2004**

| Skóli | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1 | 1 | 2 | | | 6 | 25 |
| Álftamýrarskóli | 4 | | 2 | | 3 | 14 | 12 |
| Árbæjarskóli | 4 | | 1 | 2 | | | |
| Ártúnsskóli | 1 | | | | 1 | 1 | 2 |
| Borgaskóli | | 1 | 2 | 1 | 1 | 2 | 15 |
| Breiðagerðisskóli | 11 | 6 | | 1 | 2 | 7 | 4 |
| Breiðholtsskóli | 2 | | | | 7 | 5 | 5 |
| Engjaskóli | | | 1 | | | 4 | |
| Fellaskóli | 3 | 2 | 3 | 4 | 1 | 2 | 2 |
| Foldaskóli | 3 | 3 | 1 | | | 9 | 3 |
| Fossvogsskóli | | 1 | | | | | 1 |
| Grandaskóli | 1 | 2 | | 3 | 11 | 1 | 16 |
| Hagaskóli | | | | | 2 | 14 | 20 |
| Hamraskóli | 4 | 2 | 1 | | 12 | 12 | |
| Háteigsskóli | 4 | 4 | 3 | | 4 | 26 | 18 |
| Hlíðaskóli | 3 | 1 | 5 | | 2 | 20 | 29 |
| Hólabrekkuskóli | | 1 | 2 | | | 7 | 15 |
| Húsaskóli | 4 | 1 | 6 | | 1 | 6 | |
| Hvassaleitisskóli | 1 | | | 1 | | 1 | |
| Ingunnarskóli | | | | | 2 | 2 | 2 |
| Klébergsskóli | | 3 | 2 | | | 11 | 2 |
| Korpuskóli | | | | | | | 2 |
| Langholtsskóli | 1 | 3 | 4 | | 9 | 9 | 5 |
| Laugalækjarskóli | | | | | 13 | 13 | |
| Laugarnesskóli | 12 | 8 | 3 | 5 | 8 | 8 | 3 |
| Melaskóli | | 1 | | | 12 | | 14 |
| Réttarholtsskóli | | | | 2 | | | 1 |
| Rimaskóli | 4 | 2 | 3 | 2 | 2 | 8 | |
| Selásskóli | 4 | | 2 | | 3 | 2 | |
| Seljaskóli | 2 | 2 | | | 13 | 1 | 33 |
| Vesturbæjarskóli | | | 3 | | 2 | 5 | 28 |
| Víkurskóli | | | | | | 3 | |
| Vogaskóli | 2 | 1 | | | 5 | 14 | 7 |
| Ölduselsskóli | 17 | 9 | 1 | 1 | 3 | 6 | 9 |
| Öskjuhlíðarskól | | | | | | | 3 |
| **Samtals** | **88** | **54** | **47** | **22** | **119** | **219** | **276** |

Tafla 2.7

**Einstaklingsmál sem unnið var að á kennsludeild skólaárið 2004-2005**

| | Fjöldi einstaklinga |
|---|---|
| Námsvandi | 31 |
| Hegðun og samskipti | 47 |
| Þroskaraskanir | 45 |
| Breyting á skólavist | 146 |
| Fötlun | 23 |
| **Samtals** | **292** |

## Þjónusta við skóla vegna einstakra nemenda

Frá árinu 2002 tók svonefnt einstaklingsteymi fyrir þyngstu einstaklingsmálin sem koma til úrlausnar á Fræðslumiðstöð. Í því sátu forstöðumaður þjónustusviðs, deildarstjóri kennsludeildar, deildarstjóri sálfræðideildar og ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla. Fulltrúi Barnaverndar Reykjavíkur sat fundi mánaðarlega vegna barnaverndarmála. Á árinu komu 75 mál til teymisins, nokkuð fleiri en árið áður. Málefni drengja voru í miklum meirihluta og flest mál voru á unglingastigi eða 43. Hegðun og samskipti voru oftast ástæða tilvísunar en skólasókn kom þar næst (tafla 2.8).

## Starfsmenn þjónustusviðs

Starfsmenn á þjónustusviði voru 23 á árinu. Forstöðumaður og deildarstjórar sálfræði- og kennsludeildar höfðu forystu og frumkvæði um starfsemi sviðsins. Á kennsludeild störfuðu 10 starfsmenn í 8,5 stöðugildum að meðtöldum deildarstjóra. Fjórir kennsluráðgjafar í þremur stöðugildum skiptu með sér almennri kennsluráðgjöf og voru tengiliðir við skóla í þremur borgarhlutum. Kennsluráðgjafi fyrir Vesturbæ var í hálfu starfi í Vesturgarði og kennsluráðgjafi í erlendum tungumálum var jafnframt deildarstjóri Tungumálavers Laugalækjarskóla í hálfu starfi. Þrír kennsluráðgjafar í 2,5 stöðugildum skiptu með sér sérkennsluráðgjöf, þar með talin ráðgjöf við framkvæmd stefnu Reykjavíkur-

borgar um skóla án aðgreiningar, tveir ráðgjafar sinntu skipulagningu kennslu og ráðgjöf á sviði nýbúafræðslu og sinnti annar ráðgjöf við skóla um allt land utan Reykjavíkur.

Á sálfræðideild störfuðu 12 sálfræðingar í 11 stöðugildum, að meðtöldum deildarstjóra (sálfræðiþjónusta í borgarhlutum 2 og 3 og hluta af borgarhluta 1). Þeir sinntu greiningu á nemendum og veittu ráðgjöf til kennara, annars starfsfólks skóla og foreldra. Einn sálfræðingur var í fullu starfi á vorönn við að halda námskeið í atferlisgreiningu og atferlismótun fyrir kennara. Sálfræðingar unnu ennfremur að mati á stöðu sex ára barna í öllum grunnskólum borgarinnar. Vesturgarður, þjónustumiðstöð í Vesturbæ veitti sálfræðiþjónustu til skóla í Vesturbæ og skólar í Grafarvogi nutu sálfræðiþjónustu frá Miðgarði (sjá nánar í kafla 4).

## Áherslur árið 2004

- Lesskimunarprófið *Læsi* var lagt fyrir í 2. bekk í 32 grunnskólum vorið 2004 undir stjórn kennsludeildar og í samvinnu við þróunarsvið. Tilgangur þess er að fá heildarmynd af lestrargetu nemenda á þessum aldri í Reykjavík og gera kennurum og skólum kleift að setja sér markmið um framfarir nemenda með samanburði við stærri heild. Lögð er áhersla á að sem flestir nemendur geti lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar (sjá einnig kafla 4).
- Fyrirlögn *Talnalykils*, skimunarprófs í stærðfræði, var frestað haustið 2004 til vors 2005 vegna verkfalls kennara.
- Kennsluráðgjafar tóku þátt í undirbúningi sýningar móðurskóla í Borgarleikhúsinu 24.-27. mars 2004 (sjá nánar á bls. 39).
- Undirbúið var framlag grunnskólanemenda á Listahátíð vorið 2004 í kjölfar samstarfssamnings við Listahátíð um þátttöku grunnskólanemenda í atriðum hátíðarinnar (sjá nánar í 4. kafla, bls. 50).
- Haldin voru þrjú námskeið um stærðfræðikennslu fyrir kennara í 1.-4. bekk um námsmat í stærðfræði og fyrir kennara í 5.-8. bekk um að kenna stærðfræði á miðstigi. Þátttakendur voru alls 70 kennarar úr grunnskólum Reykjavíkur
- Nýbúaráðgjafi var í hálfu starfi við fjóra skóla í Austurbæ á vorönn. Hann vann í samstarfi við nýbúakennara að gagnkvæmri aðlögun nemenda, fjölmenningarlegum kennsluháttum og stuðningi við foreldra.
- Innritunar- og flutningstilkynningar fyrir nemendur af erlendum uppruna voru þýddar á 14 tungumál og gerðar aðgengilegar á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar.
- Innleiðing Olweusar verkefnisins hélt áfram árið 2004. Alls tóku 20 grunnskólar þátt í verkefninu á skólaárinu.
- Lokið var innleiðingu á sérkennslustefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í fræðsluráði haustið 2001. Viðmiðunarreglur um úthlutun fjár til nemenda með miklar sérkennsluþarfir voru fullmótaðar.
- Aðstoð var veitt við að koma á dagvistarþjónustu fyrir fatlaða nemendur í 5.-10. bekk Öskjuhlíðarskóla í umsjón ÍTR.
- Kennsluráðgjafar héldu alls 34 fræðslufundi um nám og kennslu fyrir starfsmenn skóla, þar með taldir reglulegir samráðsfundir fyrir kennarahópa, svo sem sérkennara, námsráðgjafa, talkennara, list- og verkgreinakennara og dönskennara (sjá töflu 3.10, bls. 35).
- Sálfræðingar tóku þátt í fræðslunámskeiðum fyrir foreldra 6 ára barna í um helmingi grunnskóla borgarinnar (í borgarhlutum 2 og 4).
- Verkefnið PBS, eða stuðningur við jákvæða hegðun, var unnið í þremur grunnskólum árið 2004, Álftamýrarskóla, Fellaskóla og Ingunnarskóla, undir stjórn sálfræðings.
- Áfram bauð sálfræðideild upp á námskeið um atferlisgreiningu og atferlismótun fyrir kennara sem höfðu áhuga á. Jafnframt var boðið upp á framhaldshandleiðslu fyrir kennara sem lokið höfðu námskeiði.

Tafla 2.8

**Mál til umfjöllunar í einstaklingsmálateymi Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur eftir ástæðum tilvísunar 2004**

| Ástæður | Fjöldi einstaklinga |
|---|---|
| Hegðun og samskipti | 38 |
| Skólasókn | 14 |
| Afbrot | 9 |
| Vanræksla | 6 |
| Vímuefni | 1 |
| Geðrænir erfiðleikar | 1 |
| Annað | 6 |
| **Samtals** | **75** |

Tafla 2.9

**Mál til umfjöllunar í einstaklingsmálateymi Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur eftir skólastigi 2003 og 2004**

| Skólastig | Fjöldi mála 2003 | Fjöldi mála 2004 |
|---|---|---|
| 1.-4. bekkur | 15 | 15 |
| 5.-7. bekkur | 16 | 17 |
| 8.-10. bekkur | 36 | 43 |
| **Samtals** | **67** | **75** |



# Fjármálasvið

Fjármálasvið hefur haft yfirumsjón með fjármálum fræðslumála í Reykjavík. Helstu verkefni tengdust stefnumörkun, fjárhagsáætlun, launaafgreiðslu, bókhaldi, rekstrarþjónustu, fjárhagseftirliti og ráðgjöf. Sviðið skiptist í þrjár deildir, fjármálastjórnun, fjármálaþjónustu og rekstrarþjónustu. Fjármálastjórnun sinnti einkum verkefnum sem tengjast fjárhagsáætlun, rekstraráætlun, tölfræði og eftirliti með fjármálum. Fjármálaþjónusta skiptist í launadeild og bókhald. Launadeildin annaðist launaafgreiðslu til allra starfsmanna sem undir fræðslumálin heyrðu eða alls um 2.500 manns. Bókhaldið sá um bókhaldsþjónustu fyrir alla grunnskóla og aðrar rekstrareiningar innan fræðslumálanna og bókaði yfir 50.000 fylgiskjöl á árinu. Rekstrarþjónustan fylgdist með ýmsum rekstrarþáttum, s.s. vegna húsnæðis og mötuneyta skóla og búnaðarmálum og annaðist miðlæga þjónustu á Fræðslumiðstöð, s.s. afgreiðslu, símvörslu og skjalastjórnun.

## Starfsmenn fjármálasviðs

Starfsmenn sviðsins voru 25 á árinu. Forstöðumaður sá um yfirstjórn og samhæfingu á sviðinu. Í fjármálastjórnun voru tveir starfsmenn auk deildarstjóra, sem hætti á árinu og sá þá forstöðumaður sviðsins um stjórnun deildarinnar. Ásamt deildarstjóra var einn starfsmaður sem sinnti fjárhagsáætlunargerð, ýmsum útreikningum og aðstoð við skólastjóra og einn sem m.a. annaðist gerð reikninga og sá um greiðslur til einkaskóla og sveitarfélaga. Í fjármálaþjónustu störfuðu 13 starfsmenn. Auk deildarstjóra önnuðust sex starfsmenn launaafgreiðslu og sex bókhald. Í rekstrarþjónustu störfuðu átta starfsmenn. Auk deildarstjóra sáu tveir starfsmenn um rekstrar- og búnaðarmál, einn um skjalavörslu, einn um húsvörslu og þrír unnu við afgreiðslu, símavörslu og ritaraþjónustu. Rekstrarþjónusta hafði einnig umsjón með ræstingu húsnæðis. Þessu til viðbótar fluttist tölvudeild Fræðslumiðstöðvar tímabundið undir Fjármálasvið í tengslum við skipulagsbreytingar í lok ársins.

## Áherslur árið 2004

- Fjárhagsáætlun er jafnan viðamikið verkefni fjármálasviðs.
- Skólum var í fjórða sinn gert að skila rekstraráætlunum til Fræðslumiðstöðvar. Reiknilíkanið fyrir rekstraráætlanir var endurbætt.
- Unnið var að aðlögun Oracle kerfisins og forritsins Stundvísi sem skólarnir nota m.a. til að skrá vinnu kennara.
- Unnið að nýjum reglum fræðsluráðs um úthlutun fjármagns til tónlistarskóla. Einnig unnið að uppbyggingu og innleiðingu á rafrænu innritunarkerfi (Rafræn Reykjavík) sem nota skal þegar nemendafjöldi er metinn í hverjum skóla. Ekki tókst að úthluta á grundvelli upplýsinga í rafræna kerfinu og var því kallað eftir nemendatölum frá skólunum.
- Þeir skólar sem ekki höfðu mötuneyti voru hvattir til að bjóða nemendum 1.-10. bekkjar að kaupa aðsendan heitan mat í hádeginu. Sviðið vann með skólunum að þessum þætti og annaðist útboð á matarbökkum í samvinnu við Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar.
- Innri leiga var tekin inn í fjárhagsramma hvers skóla.

- Unnið var að undirbúningi þess að taka upp notkun á svokölluðum smartkortum í skólunum. Helst er horft til þess að nemendur noti kortin við matarkaup og skólaakstur. Verkefnið er unnið í samvinnu við ÍTR og Strætó.
- Hafin var skönnun allra reikninga sem greiddir eru af málaflokknum. Samþykktarferli var þar með gert rafrænt og því hætt að senda reikninga og bókunarblöð út í skólana.
- Unnið var að nýjum reglum um styrki til einkarekinna grunnskóla.
- Á árinu var m.a. unnið að nýjum kjarasamningum kennara. Mikill tími fór í að útfæra launagreiðslur í samræmi við nýja kjarasamninga og ekki síður í bakfærslur og leiðréttingar vegna kennaraverkfallsins haustið 2004 í aðdraganda nýs kjarasamnings.
- Fram fóru miklar launaleiðréttingar í kjölfar nýs starfsmats og hæfnislauna nokkurra starfshópa.
- Fjármálasviðið kom að mörgum fleiri verkefnum á árinu, s.s. viðamikilli úttekt og tillögugerð um Námsflokka Reykjavíkur, gerð reglna um innritun í grunnskóla, kostnaðargreiningu hjá borginni og mótun reglna um fjármál vegna stjórnkerfisbreytinga hjá borginni.

## Skólasafnamiðstöð

Skólasafnamiðstöð þjónaði skólasöfnum grunnskóla Reykjavíkur. Á skólasafnamiðstöð var veitt ráðgjöf til starfsfólks skólasafna, svo sem vegna húsbúnaðar, bókavals og tölvunotkunar. Þar var tekið við bókapöntunum frá skólunum, bækur og önnur gögn skólasafna og sérdeilda flokkuð, skráð og plöstuð (töflur 2.10 og 2.11). Einnig voru lánþegar skráðir og lánþegakort prentuð. Bekkjarsett af skáldsögum og fræðiritum fyrir börn og unglinga hafa verið til útláns. Allur bókakostur skólasafna í grunnskólum Reykjavíkur er skráður í *Gegni* landskerfi bókasafna. Val bóka og annarra gagna á skólasöfn er í höndum starfsfólks skólanna sjálfra. Til að auðvelda valið eru haldnir bókavalsfundir með bókasafnsfræðingum skólanna nokkrum sinnum á vetri, ýmist í skólasafnamiðstöð eða á skólasöfnum. Á skólasafnamiðstöð störfuðu sex starfsmenn í fimm stöðugildum, þar af þrír bókasafnsfræðingar.



Sumarið 2004 var ákveðið að rífa húsið að Lindargötu 46 þar sem skólasafnamiðstöð hefur verið til húsa undanfarin ár og var óskað eftir að húsið yrði rýmt fyrir áramót. Þá var ákveðið að flytja starfsemina til bráðabirgða í Hvassaleitisskóla. Í tengslum við þessar breytingar og einnig vegna fyrirhugaðra breytinga á öllu stjórnkerfi borgarinnar var stofnaður starfshópur um framtíðarþróun skólasafnamiðstöðvar. Hann lagði tillögur sínar fyrir fræðsluráð 17. nóvember 2004. í tillögunum voru kynntir fjórir valkostir: Sameining tölvudeildar, myndvers og skólasafnamiðstöðvar, skólasafnamiðstöð væri í sambýli við Borgarbókasafn, móðurskóli safna stofnaður og loks að hluti verkefna færi inn á miðlægt aðsetur fyrirhugaðs Menntasviðs en öðru dreift til skóla og annarra aðila. Fræðsluráð fól Fræðslumiðstöð að vinna nánari útfærslu samkvæmt tillögu eitt.

## Erlend samskipti

Námsferðir til útlanda hafa verið fastur liður í starfsemi Fræðslumiðstöðvar. Litið hefur verið á slíkar ferðir sem mikilvægan þátt í forystuhlutverki hennar í skólamálum í þeim tilgangi að fylgjast með þróun skólamála í öðrum löndum, sjá hvar við stöndum í samanburði við aðra, læra af öðrum og bera þróun hjá okkur saman við þróun annars staðar.

Fræðslustjóri sótti árlega ráðstefnu fræðslustjóra í Bandaríkjunum dagana 19.-22. feb. í San Francisco, Kaliforníu og var þetta 136. ráðstefnan af þessu tagi. Ráðstefnan var haldin á vegum Samtaka bandarískra stjórnenda í menntamálum og sóttu hana um 7.000 manns. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Public Education: A Legacy of Pride - A Future of Responsibility.* Fræðslustjóri lagði frásögn af umfjöllunarefni ráðstefnunnar fram í fræðsluráði.

Tafla 2.10
**Frágangur safnagagna, eintakafjöldi 1998-2004**

| 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 20.132 | 18.963 | 22.035 | 20.668 | 25.491 | 29.289 | 29.641 |

Tafla 2.11
**Yfirlit yfir flokkun og skráningu á skólasafnamiðstöð 1998-2004**

| Efnisflokkar | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íslenskar fræðibækur | 267 | 205 | 250 | 168 | 197 | 180 | 77 |
| Íslenskar skáldsögur | 136 | 88 | 66 | 92 | 43 | 81 | 34 |
| Erlendar bækur | 1.096 | 1.779 | 1.626 | 720 | 757 | 1.079 | 721 |
| Önnur gögn | 332 | 194 | 237 | 182 | 234 | 251 | 103 |
| **Samtals** | **1.831** | **2.266** | **2.179** | **1.162** | **1.231** | **1.591** | **935** |

Dagana 14. - 15. júní sótti fræðslustjóri, staðgengill fræðslustjóra og skrifstofustjóri árlegan fund fræðslustjóra í höfuðborgum Norðurlanda sem að þessu sinni var haldinn í Osló.

Fræðslustjóri veitti árlegri námsferð skólastjóra forystu en hún var að þessu sinni farin til Berlínar í Þýskalandi dagana 29. mars til 2. apríl. Þar heimsótti hópurinn skóla og skólaskrifstofur (sjá nánar í 3. kafla, bls. 32).

Forstöðumaður þjónustusviðs flutti erindi ásamt dr. Dóru Bjarnason prófessor

Tafla 2.12
**Yfirlit yfir eignir á skólabókasöfnum í desember 2004**

| Skóli | Bækur | Snældur | Tímarita-hefti | Myndbönd | Geisla-diskar | Önnur gögn | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 17.984 | 424 | 464 | 331 | 436 | 149 | 19.792 |
| Álftamýrarskóli | 6.774 | 255 | 115 | 144 | 81 | 0 | 7.369 |
| Árbæjarskóli | 11.532 | 377 | 7 | 317 | 78 | 19 | 12.330 |
| Ártúnsskóli | 11.267 | 219 | 617 | 205 | 179 | 1 | 12.448 |
| Borgaskóli | 9.304 | 225 | 287 | 281 | 230 | 36 | 10.363 |
| Breiðagerðisskóli | 6.905 | 119 | 32 | 219 | 130 | 3 | 7.408 |
| Breiðholtsskóli | 14.591 | 364 | 440 | 163 | 121 | 69 | 15.748 |
| Engjaskóli | 7.652 | 315 | 402 | 138 | 180 | 39 | 8.726 |
| Fellaskóli | 12.891 | 198 | 424 | 145 | 105 | 5 | 13.768 |
| Foldaskóli | 13.352 | 636 | 388 | 460 | 405 | 95 | 15.336 |
| Fossvogsskóli | 7.476 | 110 | 284 | 79 | 13 | 1 | 7.963 |
| Grandaskóli | 14.231 | 322 | 281 | 333 | 395 | 73 | 15.635 |
| Hagaskóli | 9.276 | 243 | 30 | 340 | 189 | 14 | 10.092 |
| Hamraskóli | 7.473 | 299 | 480 | 155 | 209 | 29 | 8.645 |
| Háteigsskóli | 12.331 | 213 | 415 | 149 | 205 | 99 | 13.412 |
| Hlíðaskóli | 11.341 | 238 | 587 | 117 | 161 | 8 | 12.907 |
| Hólabrekkuskóli | 18.234 | 200 | 69 | 406 | 141 | 909 | 19.959 |
| Húsaskóli | 9.453 | 418 | 262 | 254 | 357 | 143 | 10.887 |
| Hvassaleitisskóli | 10.468 | 210 | 189 | 150 | 173 | 24 | 11.214 |
| Klébergsskóli | 623 | 2 | 23 | 6 | 82 | 1 | 737 |
| Langholtsskóli | 13.710 | 516 | 255 | 254 | 422 | 112 | 15.269 |
| Laugalækjarskóli | 7.185 | 224 | 188 | 44 | 279 | 12 | 7.932 |
| Laugarnesskóli | 13.704 | 185 | 601 | 86 | 162 | 20 | 14.758 |
| Melaskóli | 14.645 | 333 | 354 | 253 | 262 | 30 | 15.876 |
| Réttarholtsskóli | 7.913 | 335 | 423 | 147 | 277 | 15 | 9.110 |
| Rimaskóli | 8.531 | 235 | 50 | 221 | 295 | 33 | 9.365 |
| Selásskóli | 13.812 | 364 | 514 | 235 | 385 | 129 | 15.439 |
| Seljaskóli | 12.448 | 518 | 322 | 254 | 220 | 10 | 13.772 |
| Skólasafnamiðstöð | 8.539 | 35 | 437 | 113 | 7 | 10 | 9.141 |
| Vesturbæjarskóli | 7.237 | 146 | 308 | 187 | 108 | 19 | 8.005 |
| Vogaskóli | 12.965 | 207 | 545 | 173 | 66 | 7 | 13.963 |
| Ölduselsskóli | 13.778 | 538 | 286 | 246 | 190 | 83 | 15.121 |
| **Samtals** | **347.625** | **9.023** | **10.083** | **6.605** | **6.543** | **2.197** | **382.530** |

við K.H.Í. um sérkennslustefnu Reykjavíkurborgar og nemendalýðræði á ráðstefnu evrópskra rannsóknarháskóla (ECRE) á Krít 21.-25. september. Á ráðstefnunni voru flutt um 300 erindi um skólamál og sóttu hana um 2.000 manns.

Dagana 17.-18. nóvember sótti forstöðumaður þjónustusviðs ráðstefnu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn um áhrif foreldra á skólastarf.

Forstöðumaður þróunarsviðs sótti ráðstefnu *American Association for Public Opinion Research* í Phoenix í Arizona, dagana 11.-18. maí 2004.

Deildarstjóri kennsludeildar sótti norræna málstofu um kynjamun í skólastarfi undir heitinu *Olika elever - gemensam skola - med fokus på kön* sem haldin var í Helsinki í Finnlandi dagana 13.-14. desember 2004. Málstofan var kostuð af Norrænu ráðherranefndinni og haldin í Utbildningsstyrelsen í Helsinki. Að málstofunni stóð norrænn samstarfshópur sem hefur það að markmiði að kanna hvaða rannsóknir er verið að gera á tengslum náms og kyns á Norðurlöndum, skýra stöðuna og móta tillögur um hvert ber að stefna.

Fjöldi erlendra gesta sótti Fræðslumiðstöð og skólana heim, má þar nefna gesti frá Litháen sem komu í maí, stjórnendur skóla frá Asker í Noregi sem komu í júní, finnska skólamenn sem komu í október og stjórnendur skóla og skólakerfa frá Malaví sem komu í nóvember. Þátttakendur í Comeníusar verkefnum sóttu einnig Fræðslumiðstöð heim í október og haldin var móttaka fyrir þátttakendur í norrænni ráðstefnu *Avis i skolen* sem fjallaði um nýtingu dagblaða í skólastarfi. Hópur norskra kennara ásamt skólahljómsveit kom í heimsókn í maí. Stjórnendur sérskóla í Danmörku komu einnig í heimsókn á Fræðslumiðstöð í maí og heimsóttu auk þess grunnskóla og sérskóla í Reykjavík.

## Ráðstefnur, viðburðir og opnanir nýbygginga

Þann 13. apríl var haldin á Nordica hóteli ráðstefna fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkur undir yfirskriftinni *Skóli á nýrri öld - Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda*. Aðalfyrirlesarar voru Steinar Endresen, skólastjóri í Stavanger, Omar Mekki, skólastjóri í Bergen og Júlíus K. Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar. Ráðstefnan var haldin í samvinnu Kennarafélags Reykjavíkur, Skólastjórafélags Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar og var þar í 5 málstofum fjallað m.a. um kennarann í nýju hlutverki, nemandann í nýju hlutverki og tengsl skóla og grenndarsamfélags.



Föstudaginn, 30. janúar var haldin ráðstefnan *Bætt líðan - betri skóli* á Nordica hóteli í Reykjavík um aðgerðir til að bæta vinnuumhverfi í grunnskólum Reykjavíkur, draga úr álagi og koma í veg fyrir kulnun í starfi. Hún var haldin í kjölfar vinnustaðagreiningar sem leiddi í ljós að starfsmenn skólanna og Fræðslumiðstöðvar upplifðu mikið álag og streitu samfara starfi sínu. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við trúnaðarlækni borgarinnar, Skólastjórafélag Reykjavíkur, Starfsmannafélag Reykjavíkur og Kennarafélag Reykjavíkur. Aðalfyrirlesari var Dr. Valerie Sutherland frá Bretlandi (sjá um vinnuumhverfisteymi í kafla 3, bls. 31).




Sýning á starfi 10 móðurskóla í Reykjavík, *Móðurskólar að verki*, var haldin í anddyri Borgarleikhússins dagana 24.-27. mars í þeim tilgangi að vekja athygli á frumkvöðlastarfi þeirra. Þar gaf m.a. að líta verkefni nemenda og myndir úr starfinu. Fjölbreytt dagskrá fór fram í tengslum við sýninguna þar sem móðurskólar kynntu starfsemi sína. Skólar sem tóku þátt voru: Háteigsskóli, Korpuskóli, Melaskóli, Hamraskóli, Hlíðaskóli, Foldaskóli, Austurbæjarskóli, Breiðagerðisskóli og Álftamýrarskóli. Yfirlit um þróunarstarf skólanna er að finna í töflum 4.1 og 4.2 í kafla 4.

## Viðburðir

Þann 4. febrúar heimsótti menntamálaráðherra Fræðslumiðstöð og fór í heimsóknir í alla sérskóla í borginni.

Undirritaður var samstarfssamningur Listahátíðar og Fræðslumiðstöðvar þann 3. mars um þátttöku grunnskólanemenda í Listahátíð næstu árin (sjá nánar í 4. kafla, bls. 50).

Þann 8. september var undirritaður samningum milli Fræðslumiðstöðvar og Ameríska skólans um aðsetur skólans í Víkurskóla og samvinnu þessara skóla.





Útskriftarnemum úr kennaranámi við Kennaraháskóla Íslands og kennslufræði við Háskóla Íslands var boðið til kynningar á grunnskólastarfi í borginni og móttöku þann 5. mars.

Sem fyrr var kennurum sem fóru á eftirlaun á árinu boðið til samsætis á Fræðslumiðstöð og fór það fram þann 5. febrúar.

Fyrstu skóflustungur voru teknar að tveimur byggingum við grunnskóla á árinu sú fyrri var tekin 25. ágúst fyrir nýja byggingu fyrir Korpuskóla í miðju Staðahverfinu og sú seinni var tekin þann 14. september fyrir viðbyggingu við Laugarnesskóla. Formleg opnun viðbyggingar við Hlíðaskóla fór fram 27. janúar. Byggingin leysti úr brýnni þörf skólans fyrir viðbótarhúsnæði, auk þess að rúma táknmálsdeild skólans sem tekið hefur yfir verkefni frá Vesturhlíðarskóla sem lagður var niður árið 2003. Þann 24. febrúar var viðbygging við Foldaskóla opnuð formlega en hún bætir einkum aðstöðu skólans til kennslu í verkgreinum og listum.

Þann 8. júní var formlega opnaður grenndarskógur fyrir Ártúnsskóla í Elliðaárdal, 14. september var opnaður grenndarskógur í Hólavallakirkjugarði fyrir Melaskóla og þann 1. október fyrir Hlíðaskóla í Öskjuhlíð (sjá nánar í 4. kafla bls. 50).

Sjá 6. kafla um verðlaun sem veitt voru á árinu.

# Útgáfa sögu fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar 1996-2005

Á árinu var gefið út ritið *Horft um öxl* sem er yfirlit yfir starfsemi fræðsluráðs Reykjavíkur sem starfaði frá ágúst 1996 til desember 2004.

Þar er fjallað um stefnumörkun ráðsins þessi ár, einsetningu grunnskólanna í borginni, lengingu skóladagsins á þessu tímabili, fjárhagslegt sjálfstæði skóla, stefnumörkun um skóla án aðgreiningar, uppbyggingu mannauðsins, nýtingu tölvutækninnar, gagnaöflun og loks breytta kennsluhætti og eftirlit (ritið var endurútgefið í nokkuð breyttri mynd á árinu 2005).

# 3 Grunnskólar Reykjavíkur

## Skólar, skólaárið, nemendur og starfsmenn

Grunnskólar Reykjavíkur starfa eftir lögum um grunnskóla nr. 66/1995, reglugerðum við þessi lög, Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999, stefnumótun borgarinnar um skólamál og öðrum samþykktum borgarinnar er snerta skóla. Auk þess tekur starfsemi skólanna mið af öðrum lögum um opinbera þjónustu, reglugerðum við þau og loks kjarasamningum starfsmanna.

## Fjöldi skóla og hverfaskipting

Haustið 2004 voru 42 grunnskólar í Reykjavík, þar af 37 sem reknir voru af Reykjavíkurborg. Af þessum 37 skólum voru 34 almennir skólar og þrír sérskólar. Haustið 2004 var að auki stofnað útibú frá Ingunnarskóla í eystri hluta Grafarholts fyrir nemendur í 1.-6. bekk í færanlegu húsnæði. Einkareknir grunnskólar voru 5 talsins og fá þeir fjárframlög frá Reykjavíkurborg (tafla 3.1). Sumarið 2004 óskaði bandaríski sendiráðskólinn eftir því að fá inni fyrir skólann í grunnskóla í Reykjavík. Skólinn fékk húsnæði í Víkurskóla og heitir nú Alþjóðaskólinn í Reykjavík.

Nöfn skólastjóra og aðstoðarskólastjóra grunnskóla Reykjavíkur má sjá á bls. 72.

### Almennir skólar

Þetta skólaár störfuðu 34 almennir grunnskólar í öllum borgarhverfum eins og fyrr segir (mynd 3.1 og tafla 3.2). Grunnskólarnir eru ætlaðir nemendum á grunnskólaaldri sem búsettir eru í viðkomandi hverfum. Foreldrar hafa engu að síður val um grunnskóla fyrir börn sín sem er háð samþykki skólastjóra um inntöku nemanda sem búsettur er utan skólahverfis. Mikill

Tafla 3.1
**Fjöldi grunnskóla eftir gerð skóla**

| Gerð skóla | Fjöldi |
|---|---|
| Heildstæðir skólar, 1.-10. bekkur [1) 2)] | 23 |
| Barnaskólar, 1.-7. bekkur [3)] | 8 |
| Unglingaskólar, 8.-10. bekkur [4)] | 3 |
| Sérskólar | 3 |
| Einkareknir skólar | 5 |
| **Samtals** | **42** |

1) Ingunnarskóli er með 1.-9. bekk og 10. bekkur bætist við skólaárið 2005-2006 og í Sæmundarseli er 1.-4. bekkur og bætist einn árgangur við á ári.

2) Árbæjarskóli er einnig safnskóli á unglingastigi.

3) Í Laugarnesskóla er 1.-6. bekkur.

4) í Laugalækjarskóla er 7.-10. bekkur.

Mynd 3.1
**Staðsetning grunnskóla Reykjavíkur**





Tafla 3.2
**Fjöldi nemenda í almennum grunnskólum haustið 2004**

| | Skólastig | Fjöldi nemenda | Stofnár |
|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1.-10. bekkur | 583 | 1930 |
| Álftamýrarskóli | 1.-10. bekkur | 352 | 1964 |
| Árbæjarskóli | 1.-10. bekkur | 815 | 1967 |
| Ártúnsskóli | 1.-7. bekkur | 192 | 1987 |
| Borgaskóli | 1.-10. bekkur | 411 | 1998 |
| Breiðagerðisskóli | 1.-7. bekkur | 382 | 1955 |
| Breiðholtsskóli | 1.-10. bekkur | 568 | 1969 |
| Engjaskóli | 1.-10. bekkur | 368 | 1995 |
| Fellaskóli | 1.-10. bekkur | 454 | 1975 |
| Foldaskóli | 1.-10. bekkur | 558 | 1985 |
| Fossvogsskóli | 1.-7. bekkur | 346 | 1971 |
| Grandaskóli | 1.-7. bekkur | 349 | 1986 |
| Hagaskóli | 8.-10. bekkur | 551 | 1958 |
| Hamraskóli | 1.-10. bekkur | 343 | 1991 |
| Háteigsskóli | 1.-10. bekkur | 380 | 1973 |
| Hlíðaskóli | 1.-10. bekkur | 614 | 1955 |
| Hólabrekkuskóli | 1.-10. bekkur | 563 | 1974 |
| Húsaskóli | 1.-10. bekkur | 406 | 1991 |
| Hvassaleitisskóli | 1.-10. bekkur | 276 | 1966 |
| Ingunnarskóli | 1.-9. bekkur | 302 | 2001 |
| Klébergsskóli | 1.-10. bekkur | 170 | 1929 |
| Korpuskóli | 1.-10. bekkur | 199 | 1999 |
| Langholtsskóli | 1.-10. bekkur | 577 | 1952 |
| Laugalækjarskóli | 7.-10. bekkur | 288 | 1960 |
| Laugarnesskóli | 1.-6. bekkur | 445 | 1935 |
| Melaskóli | 1.-7. bekkur | 584 | 1936 |
| Réttarholtsskóli | 8.-10. bekkur | 330 | 1956 |
| Rimaskóli | 1.-10. bekkur | 786 | 1993 |
| Selásskóli | 1.-7. bekkur | 363 | 1986 |
| Seljaskóli | 1.-10. bekkur | 701 | 1979 |
| Sæmundarsel | 1.-4. bekkur | 45 | 2004 |
| Vesturbæjarskóli | 1.-7. bekkur | 306 | 1958 |
| Víkurskóli | 1.-10. bekkur | 242 | 2001 |
| Vogaskóli | 1.-10. bekkur | 398 | 1959 |
| Ölduselsskóli | 1.-10. bekkur | 597 | 1975 |
| **Samtals** | | **14.844** | |

meirihluti nemenda, eða 84%, átti lögheimili í skólahverfi þess skóla sem þeir sóttu haustið 2004. Þeir sem voru í öðrum skólum en hverfisskóla voru í sérskólum (0,7%), einkareknum skólum (2%) í skólum í öðrum sveitarfélögum eða erlendis (3,3%) og í öðrum almennum skólum í Reykjavík (10%).

Skólahald fyrir yngri nemendur hófst í útibúi frá Ingunnarskóla í eystri hluta Grafarholts haustið 2004 og hlaut nafnið Sæmundarsel.

## Sérskólar

Sérskólarnir þrír, Brúarskóli, Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli, eru fyrir þroskahefta nemendur, mikið fatlaða nemendur og nemendur í miklum félagslegum og geðrænum vanda. Samkvæmt samningi milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá árinu 1997 þjóna sérskólarnir nemendum af öllu landinu (sjá töflu 3.3). Á árinu varð Dalbrautarskóli hluti af Brúarskóla.

Tafla 3.3
**Fjöldi nemenda í sérskólum haustið 2004**

| Skóli | Skólastig | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|
| **Brúarskóli**<br>- Nemendur í geðrænum og félagslegum vanda | 4.-10. bekkur | 34 |
| **Safamýrarskóli**[1)]<br>- Fjölfatlaðir nemendur | 1.-10. bekkur | 18 |
| **Öskjuhlíðarskóli**<br>- Greindarskertir nemendur | 1.-10. bekkur | 100 |
| **Samtals** | | **152** |

## Einkareknir skólar

Einkareknu grunnskólarnir í Reykjavíkurborg eru ýmist reknir af einstaklingum, samtökum eða eru sjálfseignarstofnanir (tafla 3.4). Sumir þessara grunnskóla starfa á svipuðum grunni og almennir grunnskólar en aðrir hafa sérstöðu, s.s. hvað varðar skólastefnu eða trúarbrögð. Einkareknu grunnskólarnir eru opnir nemendum af öllu landinu og hefur nemendum búsettum utan Reykjavíkur fjölgað hlutfallslega á síðustu árum í nemendahópi þeirra. Árið 2004 voru rúm 73% nemenda einkarekinna grunnskóla úr Reykjavík (mynd 3.2).

## Skólar í borgarhlutum

Reykjavíkurborg hefur um nokkurt skeið verið skipt í fjóra borgarhluta og voru 9 grunnskólar í þremur þeirra og 10 í einum (mynd 3.1). Í borgarhluta eitt, Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum var 3.501 nemandi, í borgarhluta tvö, Laugardals- og Háaleitishverfi voru 3.412 nemendur, í borgarhluta þrjú, Breiðholti og Árbæ voru 4.600 nemendur og í borgarhluta fjögur, Grafarvogi og Kjalarnesi voru 3.483 nemendur.

Tafla 3.4
**Fjöldi nemenda í einkareknum grunnskólum haustið 2004**

| Skóli | Skólastig | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|
| Landakotsskóli [1)] | 1.-10. bekkur | 143 |
| Skóli Ísaks Jónssonar [2)] | 1.-3. bekkur | 109 |
| Suðurhlíðarskóli | 1.-10. bekkur | 52 |
| Tjarnarskóli | 8.-10. bekkur | 19 |
| Waldorfskólinn Sólstafir | 1.-9. bekkur | 34 |
| **Samtals** | | **357** |

1) Að auki voru 15 fimm ára nemendur í Landakotsskóla.

2) Að auki voru 102 fimm ára nemendur í Skóla Ísaks Jónssonar.

# Lengd skólaársins og skóladagsins

Skólaárið 2004-2005 hófst 23. ágúst samkvæmt samþykkt fræðsluráðs. Skólaárið er nú 180 dagar. Vetrarfrísdagar voru ákveðnir 3.-5. nóvember 2004 og 10.-11. febrúar 2005. Skóladagur nemenda var 30-37 stundir eftir aldurshópum. Skólarnir móta skóladagatal sem er yfirfarið af foreldraráðum skólanna og staðfest af fræðsluráði í maí ár hvert.

Haustið 2004 náði lenging skóladags nemenda í 2.-4. bekk um eina kennslustund á dag til allra grunnskóla í borginni með yngri barna stig. Hér er um að ræða lengingu umfram grunnskólalög sem ákveðin var af borgarráði. Um leið tók ÍTR alfarið við rekstri frístundaheimila fyrir yngri nemendur síðdegis.

## Hádegisverður

Eftir að átaki til einsetningar allra grunnskóla lauk var hafist handa við að koma upp framleiðslueldhúsum í grunnskólum Reykjavíkur. Þegar skóladagur nemenda lengdist til muna þótti brýnt að fara að framreiða heitan mat í hádegi fyrir grunnskólanemendur. Í skólum sem byggt var við á síðustu árum var tekið tillit til þessa, en í öðrum skólum þurfti að gera breytingar á húsnæði til að koma eldhúsum fyrir. Haustið 2004 bauðst 94% nemenda í 1.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkurborgar að kaupa heitan mat í hádegi og 90% nemenda í 8.-10. bekk. Verið er að byggja við þá skóla sem ekki hafa enn mötuneyti eða viðbyggingar í undirbúningi (sjá nánar á bls. 57).

# Nemendafjöldi

Þann 1. október 2004 voru nemendur í 1.-10. bekk í grunnskólum í Reykjavík alls 15.353. Auk þess voru 117 fimm ára nemendur í Skóla Ísaks Jónssonar og Landakotsskóla. Reykvískir grunnskólanemendur eru 13,6% af íbúum Reykjavíkur og 34% af öllum grunnskólanemum í landinu. Í almennum grunnskólum í Reykjavík voru 14.844 nemendur og hafði þeim fækkað um 26 frá haustinu 2003. Í sérskólunum þremur voru 152 nemendur en voru 150 árið áður og í einkareknu grunnskólunum voru 357 nemendur sem er fækkun um 52 nemendur frá haustinu 2003 (töflur 3.2, 3.3, 3.4 og 3.5). Nemendum í grunnskólum í Reykjavík fækkaði alls um 76 nemendur frá árinu áður.



Börn úr Kjósarhreppi á Kjalarnesi hófu nám við Klébergsskóla haustið 2004 samkvæmt samningi á milli borgarinnar og sveitarstjórnar Kjósarhrepps.

Um miðjan janúar 2004 stunduðu 137 nemendur með lögheimili utan Reykjavíkur nám í grunnskólum borgarinnar. Af þessum hópi áttu 19 lögheimili erlendis. Þessi hópur hefur náð því að

Tafla 3.5

**Heildarfjöldi nemenda eftir gerð skóla að hausti 1997-2004[1)]**

| | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Almennir grunnskólar | 13.844 | 14.103 | 14.242 | 14.459 | 14.707 | 14.909 | 14.870 | 14.844 |
| Sérskólar | 177 | 160 | 165 | 175 | 176 | 159 | 150 | 152 |
| Einkareknir grunnskólar | 521 | 524 | 518 | 544 | 498 | 427 | 409 | 357 |
| **Samtals** | **14.542** | **14.787** | **14.925** | **15.178** | **15.381** | **15.495** | **15.429** | **15.353** |

1) Fimm ára nemendur í einkareknum grunnskólum er ekki taldir með.

Tafla 3.6

**Væntanlegur nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 2005-2009[1)]**

| Skólaár | 2005-2006 | 2006-2007 | 2007-2008 | 2008-2009 | 2009-2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjölgun/fækkun miðað við 87,5-90% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | -132 | 21 | 53 | -31 | 12 |
| Nemendafjöldi miðað við 87,5-90% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | 15.222 | 15.243 | 15.295 | 15.264 | 15.277 |
| Fjölgun/fækkun miðað við 88-90,5% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | -121 | 21 | 53 | -32 | 11 |
| Nemendafjöldi miðað við 88-90,5% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | 15.308 | 15.330 | 15.382 | 15.350 | 15.361 |
| Fjölgun/fækkun miðað við 88,5-91% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | -34 | 21 | 52 | -33 | 10 |
| Nemendafjöldi miðað við 88,5-91% skil á fæddum Reykvíkingum (1. til 10. bekk) | 15.395 | 15.417 | 15.469 | 15.436 | 15.446 |

1) Hér eru reiknuð hlutfallsleg skil allra nemenda í 1.-10. bekk en fimm ára nemendur í einkareknum skólum eru ekki taldir með.

Mynd 3.2
**Hlutfall nemenda í einkareknum skólum með lögheimili í Reykjavík haust 2000-2004**




Mynd 3.3
**Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 1991-2009[1)]**




1) Fimm ára börn ekki talin með.

vera hátt í 200 nemendur undanfarin ár. Á sama tíma stunduðu 126 reykvískir nemendur nám utan Reykjavíkur en þessi hópur hefur talið tæplega 100 nemendur undanfarin ár. Stöðugar breytingar eru á þessum tölum allt skólaárið vegna flutninga fólks milli sveitarfélaga.

Á árinu voru innritunarreglur í grunnskóla og innritunarferli endurskoðað.

## Þróun nemendafjölda

Annað árið í röð fækkaði nemendum í grunnskólum Reykjavíkur eftir stöðuga fjölgun frá árinu 1992. Þrátt fyrir það eru nemendur nú um 900 fleiri en árið 1997, svo dæmi sé tekið (mynd 3.3). Spá fyrir einstök ár er að finna í töflu 3.6 (fimm ára nemendur ekki taldir með). Í töflunni sést hve mikilli fækkun eða fjölgun má búast við þegar miðað er við að 87%, 88,5% eða 90% af fæddum börnum í Reykjavík skili sér þar í skóla.

Mynd 3.4
**Hlutfall skóla með áætlun um móttöku nýrra nemenda 2000-2003**




Mynd 3.5
**Hlutfall nemenda í skóladagvist haustin 1997-2004[1)]**




1) Óvegið meðaltal

## Móttaka nýrra nemenda

Mikill meirihluti skóla átti á árinu áætlun um móttöku nýrra nemenda eða um 76%. Slíkar áætlanir fela í sér hvernig tekið er á móti nemendum við upphaf skólagöngu, gagnkvæmar heimsóknir milli leikskóla og grunnskóla, námskeið og kynningar fyrir foreldra o.fl. (mynd 3.4). Einnig bjóða margir skólar sérstakar kynningar fyrir nemendur sem flytjast á milli skóla og nýja nemendur af erlendum uppruna. Á árinu voru innritunar- og flutningstilkynningar fyrir nemendur af erlendum uppruna þýddar á 14 tungumál og gerðar aðgengilegar á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar.

## Fjöldi umsjónarhópa og meðalfjöldi

Þrátt fyrir fækkun nemenda fjölgaði umsjónarhópum um tvo í almennum grunnskólum í Reykjavík og voru þeir 721 borið saman við 719 haustið 2003 (mynd 3.6). Meðalfjöldi í umsjónarhópi eða bekk var 20,6 sem er svipuð tala og á síðasta ári (mynd 3.7). Um 81% bekkja voru með 16-25 nemendur, um 8% bekkja voru fámennari og 10% fjölmennari.

## Síðdegisstarf í skólum

ÍTR sá um rekstur frístundaheimila í öllum grunnskólum Reykjavíkur frá haustinu 2004 og áttu nemendur í 1.-4. bekk kost á dvöl þar eftir lok skóladags. Frí-

stundaheimilin voru opin frá kl. 14:00-17:00 og nýttu rúmlega 2.000 nemendur í almennu skólunum sér þau. Nýting var mjög misjöfn eftir skólum, allt frá 17% upp í 42% nemenda á þessum aldri í skólunum en að meðaltali var nýtingin um 36% (mynd 3.5). Vegna lítillar aðsóknar, lengingar skóladags og tilkomu frístundaheimilanna var hætt að bjóða aðstoð við heimanám eftir skóla en einungis um 9% nemenda nýttu sér heimanámsaðstoð árið 2003.

## Starfsmenn grunnskóla

Haustið 2004 störfuðu 2.287 starfsmenn við grunnskóla Reykjavíkur, þar af tæplega 1.600 kennarar, leiðbeinendur, námsráðgjafar, bókasafnsfræðingar, leikskólakennarar og stjórnendur í 1.472 stöðugildum. Þetta voru um 70% starfsmanna. Stöðugildum í þessum hópi hefur fjölgað nokkuð frá árinu 2003. Aðrir starfsmenn voru alls um 690 í rétt um 580 stöðugildum sem er nær óbreytt frá fyrra ári. Starfsfólk við ræstingar í grunnskólum var 127 talsins (mynd 3.8 og tafla 3.7).

Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum til að bæta vinnuaðstæður í grunnskólunum og haldið áfram að veita fjölbreytta starfsmannaþjónustu og styrkja starfsmannastjórnun í skólunum með það að markmiði að auka skilvirkni og bæta líðan starfsmanna. Í 2/3 skólanna höfðu í lok ársins verið stofnuð vinnuumhverfisteymi sem hafa það að markmiði að bæta vinnuumhverfið til að bæta líðan starfsmanna. Stofnað var stuðningsteymi til að styðja við þessi teymi í skólunum og hefur því verið stýrt af mannauðsráðgjöfum á Fræðslumiðstöð. Búinn hefur verið til samstarfsvettvangur fulltrúa í teymunum og mannauðsráðgjafanna og hittast þessir aðilar fjórum sinnum á ári.

Starfsmannaþjónusta Fræðslumiðstöðvar bauð upp á fræðslufyrirlestra fyrir starfsmenn grunnskólanna með það að markmiði að bæta samskipti og auka starfsánægju og haldin var ráðstefna 30. janúar á Nordica hóteli undir kjörorðinu *Bætt líðan - betri skóli* í samstarfi við ýmsa aðila (sjá nánar bls. 25).

### Skólastjórnendur

Skólastjórum, aðstoðarskólastjórum og deildarstjórum fækkaði um þrjá á milli ára og voru þeir 173 í 170 stöðugildum. Stjórnendur í grunnskólunum sinna einnig kennslu í samræmi við kjarasamninga. Skólastjórar í grunnskólum Reykjavíkur voru 37 og aðstoðarskólastjórar 43 sem er sama tala og undanfarin ár. Í fimm skólum voru tveir aðstoðarskólastjórar og þrír í einum skóla. Í einum skóla var enginn aðstoðarskólastjóri. Karlar voru 51% skólastjóra en 27% aðstoðarskólastjóra. Meðalaldur skólastjórnenda var tæplega 51 ár. Á árinu komu nýir skólastjórar í Laugarnesskóla og Hólabrekkuskóla.



#### Oddvitar skólastjóra í borgarhlutum

Samstarf skólastjóra í hverjum borgarhluta hefur aukist ár frá ári. Annað hvert ár velja skólastjórar einn úr sínum hópi til að gegna hlutverki oddvita þeirra í borgarhlutanum. Oddvitar boða fundi hópanna og eru fulltrúar þeirra í samráði með fræðslustjóra. Einnig höfðu

Mynd 3.6
**Fjöldi bekkjadeilda/umsjónarhópa í grunnskólum Reykjavíkur 1990-2004**




Mynd 3.7
**Meðalfjöldi nemenda í bekkjardeild 1960-2004**



Mynd 3.8
**Hlutfall starfsmanna eftir starfssviðum**



þeir umsjón með mótun og framkvæmd sameiginlegra markmiða skóla í borgarhlutum í starfsáætlun fræðslumála.

### Samráð fræðslustjóra og skólastjóra

Fræðslustjóri og skólastjórar starfa náið saman. Mánaðarlega hafa verið haldnir fundir skólastjóra og fræðslustjóra þar sem rædd eru ýmis fagleg og rekstrarleg málefni, auk þess sem unnið er að árlegri starfsáætlun. Alls voru haldnir 11 slíkir fundir á árinu auk þess sem fræðslustjóri sótti fundi skólastjóra í öllum borgarhlutum í febrúar (tafla 3.8). Aðstoðarskólastjórar eiga einnig aðkomu að þessu samstarfi.

Fræðslustjóri átti samtals 9 fundi með samráðinu á árinu en í því sitja oddvitar skólastjóra í borgarhlutum og fulltrúi stjórnar Skólastjórafélags Reykjavíkur. Ráðið er fræðslustjóra til ráðgjafar og er vettvangur upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta. Þar var m.a. rætt um dagskrár skólastjórafunda, aðkomu skólastjóra að vinnu við starfsáætlun, samræmdar tímasetningar í skólastarfinu, s.s. skólabyrjun og vetrarfrí, endurmenntunartilboð fyrir skólastjóra og fleira.

R. Daníel Gunnarsson var formaður Skólastjórafélags Reykjavíkur á árinu. Fulltrúar félagsins tóku þátt í mörgum vinnuhópum á vegum Fræðslumiðstöðvar, s.s. í úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs grunnskóla í Reykjavík, undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna *Skóli á nýrri öld*, starfshópi um innritunarmál í grunnskólum, starfshópi um störf á skrifstofum og í móttökum skólanna og starfshópi um störf og starfsþróun stuðningsfulltrúa í grunnskólum.

Fulltrúar aðstoðarskólastjóra úr hverjum borgarhluta mynduðu samráð með starfsmannastjóra og einum kennsluráðgjafa. Hlutverk þessa hóps var að skipuleggja heimsóknir, fræðslufundi og aðra símenntun fyrir aðstoðarskólastjóra.

### Símenntun skólastjórnenda

Í október 2003 hófst árslangt námskeið fyrir alla skólastjóra grunnskóla Reykjavíkur og stjórnendur á Fræðslumiðstöð um skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms. Hópurinn kom saman einn dag í mánuði í 10 skipti. Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands sá um námskeiðið fyrir Fræðslumiðstöð og var Ingvar Sigurgeirsson, prófessor stjórnandi þess. Tilgangur námskeiðsins var að styrkja kennslufræðilega þekkingu skólastjóra og auðvelda þeim að fylgja stefnumörkun borgarinnar eftir. Settur var upp vefur um einstaklingsmiðað nám í tengslum við námskeiðið. Í janúar hófst sambærilegt námskeið fyrir aðstoðarskólastjóra og kennsluráðgjafa og haustið 2004 sömuleiðis fyrir deildarstjóra í skólunum. Þessi námskeið hafa gegnt lykilhlutverki við að þróa sameiginlegan skilning á eðli og hugsanlegri framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms í grunnskólum Reykjavíkur, auk þess að stilla saman strengi skólastjórnenda og kennara við Kennaraháskóla Íslands.

Árleg námsferð skólastjóra og fræðslustjóra var til Berlínar í Þýskalandi 29. mars til 2. apríl og var markmið hennar að skoða framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms, kynnast kennslu í verk- og listgreinum, mismunandi námsleiðum nemenda og loks að fræðast um verkefni um lýðræði í skólum. Þátttakendur voru alls 18 skólastjórar grunnskóla í Reykjavík og stjórnendur á Fræðslumiðstöð. Gefin var út skýrsla um ferðina.

Farin var kynnisferð fræðslustjóra og skólastjóra á Snæfellsnes 15. október. Í ferðinni fræddust skólastjórar um skóla-

Tafla 3.7
**Fjöldi starfsmanna í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2004**

| Starfsmenn | Fjöldi starfsmanna | Fjöldi stöðugilda |
|---|---|---|
| Kennarar, leikskólakennarar, þroskaþjálfar, stjórnendur, námsráðgjafar o.fl | 1.596 | 1.472,1 |
| Starfsmenn skóla, skólaliðar, skrifstofufólk, umsjónarmenn, kaffiumsjón | 496 | 435,4 |
| Stuðningsfulltrúar | 177 | 136,7 |
| Aðrir (tölvuumsjónarmenn, yfirmenn mötuneyta o.fl.) | 18 | 11.4 |
| **Samtals** | **2.287** | **2.055,6** |
| Starfsfólk í ræstingum | 127 | |

starf í Snæfellsbæ og sérstöðu dreifbýlis. Einnig var Fjölbrautaskóli Snæfellinga heimsóttur og fékk hópurinn þar kynningu á einstaklingsmiðuðu námi á framhaldsskólastigi.

## Kennarar

Eins og áður segir störfuðu um það bil 1.600 kennarar í grunnskólum Reykjavíkurborgar í 1.472 stöðugildum. Um það bil 76% kennara var í fullu starfi sem er svipað hlutfall og undanfarin ár. Hlutfall leiðbeinenda lækkaði nokkuð milli ára, fór úr 7% í tæp 6% (tafla 3.7 og mynd 3.8). Meðalaldur kennara var rúmlega 44 ár.

Kennarar fóru í verkfall haustið 2004 og stóð það frá 20. september til 29. október og 9. nóvember til 17. nóvember. Fræðsluráð fól Fræðslumiðstöð á fundi sínum 19. nóvember að undirbúa úttekt á kjarasamningaferlinu (sjá nánar bls. 13).

### Símenntun kennara

Það fé sem Reykjavíkurborg leggur til símenntunar kennara er hluti af fjárhagsramma skólanna sjálfra. Skólarnir fá því til sín í auknum mæli námskeið sem sniðin eru að viðkomandi skóla og allir eða meirihluti starfsfólks taka þátt í. Ekki er greint sérstaklega frá þessum námskeiðum hér.

Kennsluráðgjafar á Fræðslumiðstöð voru skólunum innan handar um skipulag námskeiða ef óskað var. Á árinu 2004 voru 29 námskeið af því tagi haldin, allt frá fjórum stundum til 60 stunda hvert. Rúmlega 1.300 starfsmenn sóttu námskeiðin. Fjöldi námskeiða á vegum Fræðslumiðstöðvar jókst töluvert á milli ára (voru 12 árið 2003) sem skýrist að hluta til vegna námskeiða sem haldin voru fyrir starfsfólk sem ekki var í verkfalli í september og október 2004 (tafla 3.9).

Í gildi er samstarfssamningur Fræðslumiðstöðvar og Kennaraháskóla Íslands um símenntun kennara í Reykjavíkurborg. Samningnum er ætlað að tryggja framboð á námskeiðum í samræmi við stefnumótun fræðsluráðs. Þess utan voru nokkur námskeið fyrir kennara haldin á vegum Fræðslumiðstöðvar,

Tafla 3.8
**Yfirlit yfir skólastjórafundi 2004**

| Mánuður | Fundarstaður | Fundarefni |
|---|---|---|
| Janúar | Víkurskóli | Nýbúamál, tungumálaver, myndver |
| Febrúar | Fundir í borgarhlutum | Málefni borgarhluta |
| Mars | Hlíðaskóli | Aukinn lesskilningur-bætt nám. Lesskimun í 2. bekk |
| Maí | Fræðslumiðstöð/Sorpa | Horft um öxl. Kynning á Sorpu og mótttaka |
| Júní | Hamraskóli | Starfsáætlun 2005 |
| Ágúst | Laugalækjarskóli | Skólaárið framundan |
| Ágúst | Fræðslumiðstöð | Breytingar á sorphirðu |
| September | Fræðslumiðstöð | Kynning á þjónustumiðstöðvum |
| September | Seljaskóli | Skólaheilsugæsla, starfsáætlunarvinna |
| Október | Kynnisferð á Snæfellsnes | |
| Nóvember | Klébergsskóli | Rafrænt samþykktarferli reikninga, Innritun í grunnskóla |
| Desember | Gerðuberg / Fræðslumiðstöð | Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri flutti erindi, móttaka á Fræðslumiðstöð |
| Desember | Fræðslumiðstöð | Stjórnkerfisbreytingar hjá Reykjavíkurborg |

t.d. um einstaklingsmiðað nám, stærðfræðikennslu á yngsta stigi og miðstigi, hagnýta atferlisgreiningu og kennslu nýbúa (tafla 3.9).

Hlutfall skóla sem komnir voru með símenntunaráætlun fyrir starfsfólk sitt var 91%. Þessar áætlanir taka mið af stefnu Reykjavíkurborgar og skólanna sjálfra í símenntunarmálum.

Eins og undanfarin ár voru haldnir fræðslufundir fyrir ýmsa hópa kennara á vegum Fræðslumiðstöðvar. Þetta voru t.d. kennarar í list- og verkgreinum, kennarar yngri barna og tungumálakennarar. Alls voru haldnir 25 slíkir fundir og tóku um það bil 450 kennarar þátt (sjá töflu 3.10, þar er einnig getið fræðslufunda fyrir aðra starfsmenn). Þetta eru nokkuð færri fundir en árið 2003 sem einkum skýrist af verkfalli í september og október 2004.



### Fjármagn til símenntunar kennara úr fjórum sjóðum

Fjármagn til símenntunar kennara kemur úr fjórum meginátttum: Endurmenntunarsjóði grunnskóla sem er í vörslu menntamálaráðuneytisins; Verkefna- og námsstyrkjasjóði og starfsmenntunarsjóði Kennarasambands Ís-

lands; Námsleyfasjóði sem er í vörslu Sambands íslenskra sveitarfélaga; og fjármagn sem kemur úr fjárhagsramma skólanna sjálfra. Auk þessa leggja einstaklingar sjálfir beint til símenntunar sinnar. Reykjavíkurborg leggur fjármagn til allra þessara sjóða nema Endurmenntunarsjóðs grunnskóla.

Styrkjum til framhaldsnáms kennara og skólastjórnenda við grunnskóla Reykjavíkur er árlega úthlutað af fræðsluráði. Þetta eru námsstyrkir til kennara og skólastjóra á síðari hluta framhaldsnáms á háskólastigi. Árið 2004 fengu 5 aðilar styrk að upphæð samtals 1.180.000 kr. (tafla 3.11).

Tafla 3.9

**Námskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 2004[1)]**

| Heiti/inntak | Markhópur | Fjöldi námskeiða | Stundafjöldi hvers námskeiðs | Fjöldi sem lauk námskeiði |
|---|---|---|---|---|
| Að kenna stærðfræði á miðstigi | Kennarar í 5. – 8. bekk | 1 | 20 | 32 |
| Bætt samskipti og jákvæður agi nr. 1 | Skólaliðar og aðrir sem hafa áhuga | 4 | 18 | 104 |
| Bætt samskipti og jákvæður agi nr. 2 | Skólaliðar og aðrir sem hafa áhuga | 4 | 18 | 63 |
| Fjármálastjórn | Umsjónarmenn | 1 | 4 | 24 |
| Hagnýt atferlisgreining í skólum | Almennir bekkjarkennarar | 1 | 40 | |
| Kennsla nýbúa | Nýbúakennarar | 1 | 15 | 30 |
| Námskeið f. nýja skólastjórnendur | Nýir skólastjórar og aðstoðarskólastj. | 1 | 1 | 8 |
| Námskeið um ráðningar, viðtalstækni og móttöku nýrra starfsmanna | Skólastjórnendur | 1 | 6 | 14 |
| Námsmat í stærðfræði | Kennarar í 1. – 4. bekk | 1 | 20 | 47 |
| Skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms | Skólastjórnendur | 1 | 80 | 42 |
| Skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms | Aðstoðarskólastj. og kennsluráðgj. | 1 | 40 | 49 |
| Skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms | Deildarstjórar í grunnskólum | 1 | 60 | 53 |
| Starfsmannasamtöl: Tilgangur og skipulag, samskipti og endurgjöf | Skólastjórnendur | 2 | 18 | 27 |
| Starfstengd íslenskukennsla | Starfsmenn með annað móðurmál | 1 | 30 | 25 |
| Stjórnun, annar hluti. Endurgjöf og áhrif hennar á frammistöðu | Umsjónarmenn | 1 | 8,5 | 18 |
| Stjórnun, fyrri hluti. Hlutverk og aðferðir stjórnenda | Umsjónarmenn | 1 | 8,5 | 18 |
| Þróun kennsluhátta og einstaklingsmiðað nám | Kennarar í grunnskólum | 1 | 20 | 33 |
| **Námskeið fyrir starfsmenn sem ekki voru í verkfalli í september og október:** | | | | |
| Árátta og þráhyggja | Stuðningsfulltrúar og fleiri | 2 | 3 | 76 |
| Fljótgerð og holl matbrauð - sýnikennsla | Starfsfólk í mötuneytum | 1 | 3 | 20 |
| Frá haga til maga | Starfsfólk í mötuneytum | 1 | 3 | 20 |
| Group Wise | Ritarar í grunnskólum | 2 | 4 | 32 |
| Grunnnámskeið í tölvunotkun | Starfsfólk í grunnskólum | 1 | 9 | 19 |
| Líkamsbeiting | Umsjónarmenn og skólaliðar | 3 | 3 | 62 |
| Næringarþörf grunnskólabarna, innkaup og geymsla matvæla, hreinlæti í mötuneytum o.fl. | Starfsfólk í mötuneytum | 3 | 3 | 67 |
| Ráðstefna um einstaklingsmiðað nám o.fl. | Stuðningsfulltrúar | 1 | 5 | 130 |
| Reykjavík - vinnustaðurinn minn | Starfsfólk í grunnskólum | 3 | 3 | 119 |
| Samskipti og líðan | Starfsfólk og ritarar í grunnskólum | 3 | 3 | 148 |
| Starfsfélagafræðsla | Þroskaþjálfar og leikskólakennarar | 1 | 3 | 38 |
| Þroskafrávik | Stuðningsfulltrúar | 4 | 6 | 171 |
| Hagnýt notkun á Word | Ritarar í grunnskólum | 2 | 3,5 | 36 |
| **Samtals** | | **50** | **458,5** | **1.525** |

1) Þrjár klst. eða lengra.

Úr Verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambands Íslands fengu 13 kennarar námsleyfi á árinu úr 12 skólum í Reykjavík (tafla 3.12). Alls var úthlutað 34 námsleyfum og var hlutur reykvískra kennara því 38%.

Alls fengu 17 kennarar úr 15 grunnskólum í Reykjavík námsleyfi úr Námsleyfasjóði Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu en alls var úthlutað 42 námsleyfum til kennara um land allt og var hlutur kennara í Reykjavík því 40% (tafla 3.13).

Úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla var á árinu úthlutað rúmlega 18 millj. kr. og komu um 3,3 millj. kr. í hlut kennara og skóla í Reykjavík eða um 18% (sjá töflu 3.14). Að auki úthlutaði sjóðurinn 3 millj. kr. til Olweusarverkefnisins.

## Stuðningsfulltrúar, skólaliðar, umsjónarmenn, ritarar o.fl.

Alls störfuðu 177 stuðningsfulltrúar í 137 stöðugildum við grunnskólana í Reykjavík haustið 2004. Þetta voru 7,7% starfsmanna. Stuðningsfulltrúar eru til aðstoðar





Tafla. 3.10

**Fræðslufundir[1) fyrir starfsfólk grunnskóla Reykjavíkur á vegum Fræðslumiðstöðvar 2004**

| Hópar | Fjöldi funda | Fjöldi þátttakenda | Fundarefni |
|---|---|---|---|
| Námsráðgjafar | 5 | 90 | Samráðsfundir |
| Stjórnendur sérkennslu | 2 | 35 | Samráðsfundir |
| Stjórnendur sérkennslu | 2 | 33 | Kynning á starfsemi Frístundaheimila, hegðunarfrávik og hegðunarmótun |
| Kennarar sem kenna list- og verkgreinar | 5 | 87 | Danskennsla. Smíðar. Hönnun í list- og verkgreinum |
| Sérkennarar, talkennarar o.fl. | 4 | 80 | Árangursrík samskipti foreldra og kennara,samstarf sérkennara og bekkjarkennara, breytt hlutverk sérkennara |
| Kennarar sem m.a. kenna nýbúum | 7 | 96 | Samráðsfundir og kynningar á nýju efni, fjölmenning - Islam, kristin siðfræði, íslenska sem annað tungumál, málnotkun og mat |
| Kennarar yngri barna | 3 | 65 | Heimaverkefni í stærðfræði, óhefðbundin stafakennsla, lífsleikniverkefni |
| Tungumálakennarar | 2 | 38 | Fjölbreyttar matsleiðir í tungumálakennslu |
| Ýmsir hópar kennara | 4 | 87 | Stærðfræðikennsla. Dagblöð í skólum. Stóra upplestrarkeppnin. Umhverfisstarf í skólum |
| Þroskaþjálfar | 4 | 85 | Samráðsfundir |
| Stuðningsfulltrúar | 3 | 70 | Samráðsfundir |
| **Samtals** | **41** | **766** | |
| **Fræðslufundir í verkfalli grunnskólakennara:** | | | |
| Ýmsir hópar skóla s.s. stuðningsfulltrúar, skólaliðar o.fl. | 13 | 531 | Heimboð í Austurbæjar-, Borga-, Breiðagerðis-, Fella-, Folda-, Hamra-, Hlíða-, Hólabrekku-, Klébergs-, Korpu-, Laugalækjar-, Rima- og Vogaskóla |
| Ýmsir hópar skóla s.s. stuðningsfulltrúar, skólaliðar o.fl. | 1 | 50 | Kynning á Námsgagnastofnun |
| **Samtals** | **14** | **581** | |

1) Áætlaðir fræðslufundir fyrir kennara féllu niður vegna verkfalls kennara á haustönn 2004.

Tafla 3.11

**Styrkir vegna framhaldsnáms kennara og skólastjórnenda í Reykjavík**

| Skóli | Styrkþegar | Upphæð |
|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1 | 200.000 |
| Álftamýrarskóli | 1 | 300.000 |
| Grandaskóli | 1 | 200.000 |
| Hamraskóli | 1 | 200.000 |
| Hlíðaskóli | 1 | 280.000 |
| **Samtals** | **5** | **1.180.000** |

Tafla 3.12

**Fjöldi námsleyfa sem úthlutað var úr Verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambands Íslands til kennara í Reykjavík á árinu 2004[1)]**

| Skóli | Fjöldi |
|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1 |
| Árbæjarskóli | 1 |
| Dalbrautarskóli | 1 |
| Fellaskóli | 1 |
| Fossvogsskóli | 1 |
| Grandaskóli | 1 |
| Háteigsskóli | 1 |
| Langholtsskóli | 1 |
| Laugarnesskóli | 1 |
| Melaskóli | 1 |
| Seljaskóli | 1 |
| Öskjuhlíðarskóli | 2 |
| **Samtals** | **13** |

1) Alls 34 leyfi

kennurum við kennslu, oftast vegna fatlaðra nemenda. Annað starfsfólk skólanna, skólaliðar, skrifstofufólk, umsjónarmenn bygginga, tölvuumsjónarmenn, starfsfólk í mötuneytum og við kaffiumsjón voru alls 514 í 447 stöðugildum. Um það bil 88% grunnskólanna voru komnir með skólaliðafyrirkomulag haustið 2004.

### Símenntun starfsfólks grunnskóla

Á undanförnum árum hafa stuðningsfulltrúar og skólaliðar átt þess kost að stunda nám á sínu sviði við Borgarholtsskóla samhliða starfi. Tilgangur þessa náms er að byggja upp nýjar fagstéttir í skólunum sem sækja nám sitt á framhaldsskólastigi. Í ágúst hófu 15 nám á þriðju önn námsins. Munu fyrstu nemendur af þriðju önn ljúka náminu á árinu 2005.

Á vegum Fræðslumiðstöðvar voru einnig haldin ýmis námskeið, s.s. um bætt samskipti og jákvæðan aga, stjórnun, líkamsbeitingu og tölvunámskeið, námskeið í íslensku fyrir starfsmenn með annað móðurmál og ýmis námskeið fyrir matráða og starfsfólk mötuneyta. Einnig voru haldnir nokkrir fræðslufundir fyrir þennan hóp starfsfólks (sjá töflur 3.9 og 3.10).

Töluvert fleiri námskeið voru haldin fyrir starfsfólk grunnskóla þetta árið vegna verkfalls kennara en á meðan á því stóð síðari hluta ársins skipulagði Fræðslumiðstöð símenntun fyrir þá starfsmenn skólanna sem voru í starfi. Auk þess stóðu skólarnir sjálfir að fræðslu, s.s. heimsóttu aðra skóla eða söfn sem starfsmenn heimsækja með nemendum. Haldin var heilsdags ráðstefna fyrir stuðningsfulltrúa um einstaklingsmiðað nám og sóttu hana um 130 manns.

Tafla 3.13

**Fjöldi námsleyfa sem úthlutað var úr Námsleyfasjóði Sambands íslenskra sveitarfélaga til kennara í Reykjavík á árinu 2004[1)]**

| Skóli | Fjöldi |
|---|---|
| Árbæjarskóli | 1 |
| Borgaskóli | 1 |
| Breiðagerðisskóli | 1 |
| Fellaskóli | 2 |
| Fossvogsskóli | 1 |
| Hamraskóli | 1 |
| Háteigsskóli | 1 |
| Hlíðaskóli | 1 |
| Hvassaleitisskóli | 1 |
| Húsaskóli | 1 |
| Laugarnesskóli | 1 |
| Melaskóli | 2 |
| Rimaskóli | 1 |
| Vogaskóli | 1 |
| Safamýrarskóli | 1 |
| **Samtals** | **17** |

1) Alls hlutu 42 kennarar eða skólastjórnendur námsleyfi úr sjóðnum á árinu og var hlutur kennara í Reykjavík því um 38%.

Tafla 3.14

**Úthlutanir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla í menntamálaráðuneyti 2004[1)]**

| Skóli/stofnun | Verkefni | Upphæð |
|---|---|---|
| Árbæjarskóli | Próf og prófagerð | 64.000 |
| Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Ingunnarskóli og Selásskóli | Námskeið fyrir millistjórnendur og verkefnastjóra | 105.000 |
| Ártúnsskóli | Lífsleikni - leið til lausnar | 228.000 |
| Borgaskóli | Námsmat, próf og prófagerð | 160.000 |
| Breiðagerðisskóli | Skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms | 320.000 |
| Fræðslumiðstöð Reykjavíkur [2)] | Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda | 240.000 |
| Fræðslumiðstöð Reykjavíkur [2)] | Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda | 240.000 |
| Fræðslumiðstöð Reykjavíkur [2)] | Stærðfræðinemandinn | 480.000 |
| Fræðslumiðstöð Reykjavíkur [2)] | Stærðfræðiskimun með Talnalykli | 256.000 |
| Grunnskólarnir í borgarhluta 4 | Stærðfræðikennsla í 1.- 4. bekk, breyttar áherslur, nýtt námsefni | 320.000 |
| Grunnskólarnir í borgarhluta 4 | Stærðfræðikennsla í 5.- 7. bekk, breyttar áherslur, nýtt námsefni | 320.000 |
| Ingunnarskóli | Námskeið í sjálfsmati með áherslu á verkmöppur | 84.000 |
| Ingunnarskóli | Námskeið í sjálfsmati með áherslu á verkmöppur | 84.000 |
| Ingunnarskóli | PBS-stuðningur við jákvæða hegðun í skóla | 100.000 |
| Réttarholtsskóli | Einstaklingsmiðað nám á unglingastigi | 176.000 |
| Seljaskóli | Í átt til einstaklingsmiðaðs náms og kennslu | 160.000 |
| **Samtals** | | **3.337.000** |

1) Hlutur Reykjavíkur var um 18%.
2) Fræðslumiðstöð Reykjavíkur deildi þessum styrkjum til grunnskóla í Reykjavík sem héldu námskeiðin.

# 4 Starfsemi grunnskóla

## Áherslur í starfsáætlun 2004

Í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík sem gefin hefur verið út árlega frá árinu 1997 er lýst stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum grunnskólans til lengri og skemmri tíma. Hún birtist í heild í stefnukorti málaflokksins. Allt frá árinu 2002 hefur verið mótuð sýn til næstu 10 ára um fimm meginmarkmið um grunnskólann sem þróast hafa í gegnum árin. Árlega hafa síðan verið mótuð skref til að stíga á árinu til að nálgast framtíðarsýnina. Á grunni stefnumótunar borgarinnar og Aðalnámskrár grunnskóla móta skólarnir sér eigin starfsáætlun eða skólanámskrá (sjá kafla um sjálfstæði skóla og eftirlit, bls. 52-53), en Aðalnámskrá grunnskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu á nokkurra ára fresti myndar rammann utan um inntak námsins. Áætlanir kennara um starfið byggja á Aðalnámskrá og starfsáætlun skóla. Áætlanir einstakra nemenda um nám sitt eru útfærsla á námi hvers og eins.

Meginleiðarljós fræðslumála í Reykjavík hafa um nokkurt skeið verið: Að börnunum okkar líði vel og þau öðlist menntun fyrir líf og starf í nútímasamfélagi.

Í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavíkur fyrir árið 2004 var lögð áhersla á eftirtalda fimm meginþætti um grunnskólann sem mótast hafa smám saman á undanförnum árum í samvinnu fjölda aðila:

a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

b) Skóli án aðgreiningar

c) Sterk sjálfsmynd, góð líðan og félagsfærni

d) Náin tengsl við grenndarsamfélagið

e) Sjálfstæði skóla og jafnræði í umgjörð

Hér á eftir verður gerð grein fyrir skrefum sem stigin voru á árinu í átt að ofannefndum markmiðum í samræmi við áætlanir í starfsáætlun 2004, auk þess sem kynntar eru lykiltölur sem sýna árangur eða umfang á viðkomandi sviði oft yfir nokkurra ára tímabil.



### a) Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Segja má að grunnskólarnir í Reykjavík séu á hægri siglingu frá bekkjarmiðaðri kennslu yfir í einstalingsmiðað nám. Hugtakið einstaklingsmiðað nám birtist fyrst í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík fyrir árið 2001. Það komst strax inn í umræðuna og nú tala menn um einstaklingsmiðað nám um allt land. Segja má að þetta heiti inniberi ýmis heiti sem áður voru notuð, s.s. opinn skóli, opið og sveigjanlegt skólastarf, heildstætt nám, þemanám eða samþætt nám. En það var eins og þessir sprotar festu ekki rætur eða næðu ekki út fyrir einstaka skóla eða skólastofur. Í þessum hugtökum felst að skólinn er opnaður upp, starfið verður sveigjanlegra, litið er á nám hvers og eins heildstætt, námið fer að stórum hluta fram í gegnum þemanám sem gengur þvert á námsgreinar og nemendur vinna saman að lausnum verkefna. Markmiðið er að þjálfa nemendur stöðugt í að vinna saman, eiga farsæl samskipti, kunna að afla sér upplýsinga með og án upplýsingatækninnar, þeir geti nýtt sér gögn og upplýsingar og óendanlega möguleika tækninnar til að leysa verkefni og finna nýjar leiðir og síðast en ekki síst átti sig á að hópur finnur gjarnan betri lausnir en einstaklingurinn einn og sér.

Einna áhrifamestu skrefin sem stigin voru í Reykjavík á árinu til að þróa kennsluhætti frá bekkjarmiðaðri kennslu yfir í einstaklingsmiðað nám voru umfangsmikil námskeið fyrir stjórnendur og einnig starfsmenn í einstökum skólum, vinna við viðmið um einstaklingsmiðað nám og þróun kerfiseiningar við Stundvísi sem hlotið hefur nafnið *Mentor*. Skilgreiningar á hugtökum er varða kennsluhætti og annað er viðkemur skólastafinu hefur fylgt starfsáætlun fræðslumála undanfarin tvö ár. Hefur það verið góður stuðningur við umræðuna um þróun skólastarfs.



## Námskeið og símenntunaráætlanir

Umfangsmikið námskeið fyrir skólastjóra grunnskóla Reykjavíkur hófst síðari hluta árs 2003 og lauk haustið 2004 undir yfirskriftinni *Skref til einstaklingsmiðaðs náms*. Markmið þess var að styðja skólastjóra við að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar um einstaklingsmiðað nám. Þar var m.a. fjallað um hugtakanotkun og framkvæmd á einstaklingsmiðuðu námi (sjá nánar á bls. 32). Sambærilegt námskeið var haldið fyrir aðstoðarskólastjóra frá janúar til maí 2004 og annað eins námskeið fyrir deildarstjóra í grunnskólum Reykjavíkur hófst haustið 2004. Þátttakendur á þessum námskeiðum voru sammála um að umfjöllun og umræður á námskeiðinu hefðu skilað Reykjavík mikilvægum áfanga í átt til einstaklingsmiðaðs náms. Í kjölfarið hafa margir skólar fengið sambærileg námskeið heim í skólana fyrir alla starfsmenn samkvæmt samningi Fræðslumiðstöðvar við K.H.Í. frá 2003.



Veitt hefur verið ráðgjöf frá Fræðslumiðstöð um gerð símenntunaráætlana skólanna en árið 2004 gerðu 91% þeirra slíka áætlun. Þær byggja á greiningu á styrkleikum og veikleikum og eru hluti af umbótaáætlun skólans.

## Viðmið um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda

Á haustönn 2004 fór fram vinna að viðmiðum eða matstæki til að meta stöðu skóla á leið sinni til einstaklingsmiðaðs náms. Það var mótað í samvinnu starfsmanna á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og skólastjóra grunnskólanna í Reykjavík. Hér var um merkilegt frumkvöðlastarf að ræða sem án efa á eftir að hafa sterk áhrif á þróun kennsluhátta hér á landi. Tilgangurinn með gerð tækisins er að auðvelda skólum að átta sig á stöðu sinni og ekki síður að hjálpa þeim að gera áætlanir um skref fram á við í þróuninni. Það auðveldar einnig skólafólki og foreldrum að átta sig á hvað átt er við með einstaklingsmiðuðu námi. Síðast en ekki síst ætti það að ýta undir og auðga umræðuna um þróun skólastarfs.

Tækið lýsir þróun sex meginþátta skólastarfs, sem eru nefndir *stoðir* starfsins. Hverjum þætti eða *stoð* er skipt niður í fimm stig, þar sem fyrsta stigið lýsir skólanum eins og hann hefur verið og var að segja má meginhluta 20. aldarinnar. Fimmta stigið aftur á móti lýsir framtíðarsýninni. Hver skóli getur síðan staðsett sig einhvers staðar á þessum skala í hverjum þætti eða stoð. Þrjár stoðir eru um umgjörð námsins, ef svo má segja, þ.e. skipulagsstoðin, námsumhverfisstoðin og viðhorfastoðin. Hinar þrjár eru um hlut hvers og eins sem að skólastarfinu koma, þ.e. nemendastoðin, kennarastoðin og foreldrastoðin. Matstækið var gefið út á árinu 2005.

## Nýting tölvutækninnar

Þróuð var áfram í samstarfi við fyrirtækið Mentor ný kerfiseining við Stundvísi sem ætlað er að auðvelda innleiðingu breyttra kennsluhátta. Þessi nýja kerfiseining ber heitið Mentor. Þangað getur kennari sótt þrepamarkmið úr Aðalnámskrá grunnskóla og merkt við þau markmið sem á að vinna með á skilgreindu tímabili og auðvelt er að setja saman markmið úr mörgum greinum og árgöngum. Síðan er unnt að bæta við áherslum skólans. Að markmiðssetningu lokinni skilgreinir kennarinn þær kennslu- eða námsaðferðir sem nota á og tilgreinir námsefni og námsmatsaðferðir. Þær má finna í gátlistum sem eru hluti af kerfinu. Í lok viðkomandi tímabils getur kennarinn síðan metið fyrir hvern nemanda hvernig til tókst að ná markmiðunum og byggt nýja áætlun þar á. Kerfiseiningunni fylgja ýmis hjálpartæki fyrir kennara til þess að skrá og fylgjast með námsframvindu nemenda, svo sem verkefnabók, niðurstöður lesskimunarprófa, samræmdra prófa og yfirlitsskýrslur. Á heimasvæði foreldra hafa þeir aðgang að upplýsingum um ástundun, heimavinnu, námsáætlanir og námsferil barna sinna, auk almennra upplýsinga og tilkynninga frá skólanum og kennaranum. Þetta upplýsingakerfi styður með afgerandi hætti við einstaklingsmiðað nám.

Undirbúin var könnun á nýtingu tölvutækninnar í grunnskólum Reykjavíkur, meðal annars með spurningalista fyrir úrtak kennara og nemenda. Vegna verkfalls kennara var henni frestað til ársins 2005.

Í nóvember 2004 gekk Fræðslumiðstöð Reykjavíkur til samninga við UNI-C í Danmörku um innleiðingu á verkefninu *Tölvutök* eða *Pædagogisk IT-Kørekort*, sem er símenntun á vefnum fyrir kennara. Um er að ræða umfangsmikið verkefni sem hefur það markmið að efla verulega færni kennara til eigin tölvunota en ekki síður færni þeirra til að stuðla að meiri tölvufærni nemenda á öllum aldursstigum. Með samningnum fær Fræðslumiðstöð aðgang að öllu námsefni og öðru efni sem tengist verkefninu sem þegar hefur verið gefið út og jafnframt leyfi til þýðinga.

Tafla 4.1
**Móðurskólar í Reykjavík 1998-2004**

| Nafn skóla | Móðurskóli - svið: | Tímabil |
|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | Fjölmenningarlegir kennsluhættir | 2002-2004 |
| Álftamýrarskóli | Tungumálakennsla | 2001-2004 |
| Breiðagerðisskóli | Þróun kennsluhátta | 2002-2004 |
| Breiðholtsskóli | Foreldrasamstarf | 2000-2002 |
| Engjaskóli | Foreldrasamstarf | 2000-2002 |
| Foldaskóli | Nýsköpun | 1998-2003 |
| Grandaskóli | Tölvukennsla | 1998-2002 |
| Hagaskóli | Náttúrufræði | 1999 |
| Hamraskóli | Að brúa bilið. Samstarf leik- og grunnskóla | 2003-2004 |
| Háteigsskóli | Leikræn tjáning/leiklist í skólastarfi | 2003-2004 |
| Hlíðaskóli | List- og verkgreinar | 2003-2004 |
| Hólabrekkuskóli | Náttúrufræði | 1999-2002 |
| Korpuskóli | Þróun kennsluhátta | 2002-2004 |
| Melaskóli | Náttúrufræði | 1999-2003 |
| Selásskóli | Skólasafnakennsla | 1998-2002 |
| Selásskóli | Náttúrufræði | 1999-2003 |
| Vogaskóli | Nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðsla | 2004 |

Haustið 2004 voru til um 2.850 tölvur í grunnskólum Reykjavíkur, rúmlega 1.500 ætlaðar starfsfólki og tæplega 1.300 fyrir nemendur (tafla 4.16). Þá voru 11,7 nemendur um hverja tölvu í grunnskólunum, einum færri en árið áður (mynd 4.11).




## Ráðstefna og málþing

Ráðstefna fyrir alla kennara í Reykjavík um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, var haldin á Nordica hóteli þriðjudaginn 13. apríl (sjá nánar á bls. 25).

Haldin voru málþing eða haustþing um einstaklingsmiðað nám í borgarhlutum á vegum skólanna sjálfra.




## Móðurskólar og sýning

Nokkrir grunnskólar í Reykjavík hafa gegnt því hlutverki að vera móðurskólar á ákveðnu sviði í nokkur ár allt frá árinu 1998, alls 17 verkefni í 16 skólum (tafla 4.1). Verkefnin eru yfirleitt til þriggja eða fjögurra ára. Móðurskólar hafa það hlutverk að vera frumkvöðlar á sínu sviði í

Tafla 4.2

**Móðurskólar í Reykjavík 2004**

| Nafn skóla | Móðurskóli - svið: |
|---|---|
| Austurbæjarskóli | Fjölmenningarlegir kennsluhættir 3. ár |
| Álftamýrarskóli | Tungumálakennsla 4. ár |
| Breiðagerðisskóli | Þróun kennsluhátta 3. ár |
| Hamraskóli | Að brúa bilið. Samstarf leik- og grunnskóla 2. ár |
| Háteigsskóli | Leikræn tjáning/leiklist í skólastarfi 2. ár |
| Hlíðaskóli | List- og verkgreinar 2. ár |
| Korpuskóli | Þróun kennsluhátta 3. ár |
| Vogaskóli | Nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðsla 1. ár |

Tafla 4.3

**Útlán í skólasöfnum 2004**

| Skóli | Fjöldi útlána á nemanda 2002 | Fjöldi útlána á nemanda 2003 | Fjöldi útlána á nemanda 2004 | Heildarfjöldi útlána til nemenda 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 12,4 | 16,4 | 16,2 | 9.451 |
| Álftamýrarskóli | 9,2 | 11,3 | 11,0 | 3.864 |
| Árbæjarskóli[1)] | 15,2 | 19,4 | 2,5 | 2.020 |
| Ártúnsskóli | 31,4 | 34,3 | 33,3 | 6.396 |
| Borgaskóli[1)] | - | - | 4,5 | 1.862 |
| Breiðagerðisskóli | 9,0 | 7,1 | 3,1 | 1.202 |
| Breiðholtsskóli | 18,1 | 17,3 | 13,7 | 7.798 |
| Engjaskóli | 6,1 | 6,0 | 5,9 | 2.181 |
| Fellaskóli | 15,2 | 15,5 | 17,4 | 7.915 |
| Foldaskóli | 12,9 | 11,5 | 8,6 | 4.793 |
| Fossvogsskóli | 11,4 | 9,7 | 11,0 | 3.811 |
| Grandaskóli | 20,1 | 16,4 | 12,6 | 4.388 |
| Hagaskóli | 2,1 | 2,7 | 2,1 | 1.143 |
| Hamraskóli | 9,4 | 10,1 | 6,2 | 2.141 |
| Háteigsskóli | 6,2 | 6,1 | 4,8 | 1.837 |
| Hlíðaskóli | 14,0 | 14,1 | 13,3 | 8.173 |
| Hólabrekkuskóli | 20,8 | 18,0 | 17,2 | 9.705 |
| Húsaskóli | 12,6 | 12,6 | 11,4 | 4.634 |
| Hvassaleitisskóli | 16,4 | 16,1 | 15,3 | 4.236 |
| Ingunnarskóli[2)] | - | - | - | - |
| Klébergsskóli[3)] | - | - | - | - |
| Korpuskóli[2)] | - | - | - | - |
| Langholtsskóli | 11,8 | 11,6 | 28,3 | 5.635 |
| Laugalækjarskóli | - | - | 4,0 | 2.312 |
| Laugarnesskóli | 21,5 | 26,4 | 20,8 | 6.004 |
| Melaskóli | 23,3 | 22,3 | 25,4 | 11.288 |
| Réttarholtsskóli | 3,1 | 2,5 | 1,4 | 818 |
| Rimaskóli | 8,3 | 9,8 | 18,6 | 6.136 |
| Selásskóli | 27,2 | 32,0 | 11,7 | 9.232 |
| Seljaskóli | 9,1 | 7,5 | 12,9 | 4.695 |
| Vesturbæjarskóli | 9,7 | 8,6 | 1,7 | 1.173 |
| Víkurskóli[3)] | - | - | - | - |
| Vogaskóli | 14,1 | 15,6 | 24,0 | 5.820 |
| Ölduselsskóli | 22,4 | 16,0 | 21,4 | 8.499 |
| **Samtals** | **13,8**[4)] | **13,9**[4)] | **11,1**[4)] | **149.162** |

1) Tölur frá 15.4-31.12 2004.

2) Bókasafn ekki komið upp.

3) Útlán ekki talin.

4) Vegið meðaltal.

uppbyggingu náms og gegna ráðgjafarhlutverki gagnvart öðrum skólum, meðal annars með fræðslufundum og námskeiðum, auk þess að taka á móti þeim sem áhuga hafa á að kynna sér starfsemi þeirra. Fræðsluráð hefur árlega veitt styrki til móðurskóla og bættist einn skóli í hópinn á árinu 2004. Vogaskóli varð móðurskóli í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðslu. Á árinu störfuðu 8 móðurskólar í Reykjavík (tafla 4.2).

Sýning á verkefnum móðurskóla var haldin í anddyri Borgarleikhússins í mars. Gefinn var út bæklingur um sýninguna og er hann góð heimild um starf móðurskólanna (sjá einnig bls. 26).

## Skólasöfn

Skólasöfnin í Reykjavík tengdust á árinu gagnagrunni bókasafna í landinu, *Gegni*. Hann er rekinn af Landskerfi bókasafna sem er fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga. Þetta var liður í því að öll bókasöfn í landinu tengdust einu kerfi í stað a.m.k. fimm kerfa áður. Það er einstakt í heiminum að land hafi aðeins eitt kerfi fyrir öll sín bókasöfn og það margar tegundir bókasafna. Þessar breytingar auðvelda mjög nýtingu skólasafnanna.

Nýting skólasafna er vaxandi þáttur í starfi grunnskólanna og þau eru mikill stuðningur við einstaklingsmiðað nám. Útlánum fer stöðugt fjölgandi og voru um 150.000 á árinu. Fjöldi útlána á nemanda var misjafn eftir skólum, allt frá 1,4 upp í rúm 33 útlán á nemanda að meðaltali á ári (tafla 4.3). Hafa ber í huga að sumir skólar lána út stóran hluta kennslubókanna í gegnum bókasafnið, aðrir ekkert. Einnig lána sumir skólar yngri nemendum á þeirra eigin kort en aðrir skólar lána bækurnar í gegnum kennara þeirra. Þetta hefur allt áhrif á tölur um útlán.

Söfnin eru mjög misstór eða allt frá því að hafa 737 titla upp í 19.792 titla (tafla 2.12, bls. 24).

## Tungumálaver

Allt frá árinu 2002 hefur starfað tungumálaver í Laugalækjarskóla sem þjónar öllum grunnskólunum í borginni. Hlutverk þess er m.a. að sinna einstaklingsmiðuðu nám þeirra sem valið hafa að taka sænsku eða norsku í stað dönsku og veita kennsluráðgjöf til skóla um allt land í þessum tungumálum, auk þess sem það er hlutverk versins að efla tungumálakennslu almennt.

Árið 2004 voru 102 nemendur í grunnskólum Reykjavíkur í sænsku og 69 nemendur voru í norsku. Þessi kennsla fór fram í fimm skólum auk þess sem kennt var í fjarkennslu (tafla 4.4). Veitt var kennsluráðgjöf vegna 42 nemenda í sænsku og 25 nemenda í norsku í sveitarfélögum utan Reykjavíkur. Fjöldi nemenda í sænsku- og norskukennslu hefur verið svipaður síðastliðin þrjú ár (mynd 4.1).

Tungumálaverið hefur unnið að þróun fjarnáms í tungumálum og hefur verið þróað fjarnám í ensku og dönsku fyrir nemendur á unglingastigi sem hafa forskot í þessum tungumálum. Unnið er að gerð forsagnar að stöðumati í ensku í samstarfi við Kennaraháskólann. Könnun á hlustunarskilningi nemenda við upphaf formlegs enskunáms í 5. bekk bendir til að nemendur skilji mun meira en námsmarkmið í ensku í 5. bekk segja til um. Könnunin sem vera á grunnur að forsögninni var unnin með þátttöku þriggja grunnskóla í borginni. Sótt var um framhaldsstyrk frá Þróunarsjóði grunnskóla til að vinna verkið áfram og var veitt til þess kr. 300.000.

Þrír kennsluráðgjafar störfuðu við tungumálaverið í 1,5 stöðugildum, auk kennara og fjarkennara í tveimur stöðugildum.

Danskir farandkennarar hafa starfað í grunnskólum á Íslandi samkvæmt samningi milli menntamálaráðuneyta Danmerkur og Íslands frá árinu 2001. Þeim er ætlað að örva dönskukennslu í skólum, fitja upp á nýjungum og fræða nemendur um líf og siði í Danmörku, ásamt því að veita tækifæri til munnlegrar tjáningar á danskri tungu. Reykjavík naut starfa dansks farandkennara skólaárið 2004-2005. Fimmtán skólar óskuðu eftir að fá farandkennarann til starfa og voru 10 skólar valdir. Annar hluti af stuðningi danska ríksins við dönskukennslu á Íslandi eru styrkveitingar. Tungumálaverið í Laugalækjarskóla hlaut styrk til verkefnisins *Netnám í dönsku á grunnskólastigi* og var styrkurinn nýttur til að útbúa efni til dönskukennslu í fjarnámi og stuðla þar með að einstaklingsmiðuðu námi með aðstoð tæknimiðla. Vefurinn *Netdansk for unge* var unninn sumarið 2004 og er




Tafla 4.4
**Sænsku- og norskukennsla í Reykjavík 2004**

| Kennslustaður | Fjöldi nemenda í sænsku | Fjöldi nemenda í norsku |
|---|---|---|
| Seljaskóli | | 11 |
| Foldaskóli | 15 | |
| Hagaskóli | | 10 |
| Laugalækjarskóli | 12 | 10 |
| Miðbæjarskóli | 13 | |
| Fjarkennsla | 62 | 38 |
| **Samtals** | **102** | **69** |
| Kennsluráðgjöf í sveitarfélögum utan Reykjavíkur | 42 | 25 |

Mynd 4.1
**Fjöldi nemenda í norsku og sænsku í Reykjavík á árunum 1998-2004**



efni hans nýtt til fjarkennslu í dönsku fyrir nemendur með forskot. Jafnframt er vefurinn, samkvæmt ákvæðum í samningi, öllum aðgengilegur á vef tungumálavers.



## Myndver

Myndver grunnskóla Reykjavíkur starfaði frá árinu 1999 í Réttarholtsskóla en flutti á árinu í Hvassaleitisskóla. Hlutverk þess er að gefa nemendum í borginni kost á að vinna margvísleg verkefni og tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt með ljósmyndum og kvikmyndum. Í verinu vinna nemendur fræðsluþætti, fréttaþætti og stuttmyndir og fá leiðsögn og þjálfun í ljósmyndun, auk þess sem veitt er ráðgjöf til skóla á þessum sviðum.

Fjöldi nemenda og kennara sem nýtti sér þjónustu myndversins á árinu var um 1.200 (mynd 4.2 og tafla 4.5). Einn starfsmaður starfar við myndverið.

Mynd 4.2
**Fjöldi nemenda og kennara[1] sem nýttu sér þjónustu myndversins á árunum 1999-2004**




1) Kennarar eru meðtaldir frá árinu 2002

Tafla 4.5
**Starfsemi myndvers grunnskóla Reykjavíkur 2004**

| | Fjöldi |
|---|---|
| Verkefni úti í skólum með nemendum og kennurum | 111 |
| Verkefni í myndveri með nemendum og kennurum | 160 |
| Námskeið og fundir með kennurum | 110 |
| Fundir með nemendum | 25 |
| Umsagnir um bækur - verkefni í myndveri | 110 |
| Kynning á myndveri | 56 |
| **Samtals** | **1.212** |

## Námskeið fyrir bráðger börn

Námskeið fyrir bráðger börn hafa verið haldin frá árinu 2001 í samvinnu Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Heimilis og skóla. Þetta var átaksverkefni sem ákveðið var að stæði til vorannar 2004. Tilgangur verkefnisins var að koma til móts við óskir bráðgerra barna og foreldra þeirra um fleiri og fjölbreyttari námstilboð en almennt gerist í skólunum og koma þar með betur til móts við þessa nemendur á einstaklingsgrunni. Verkefni voru unnin undir handleiðslu sérfræðinga á hverju sviði. Vorið 2004 var boðið upp á sextán mismunandi námskeið en hóparnir voru 21. Nú var í fyrsta sinn boðið upp á námskeið í sálarfræði og hjúkrunarfræði og var nokkur eftirspurn eftir báðum þessum námskeiðum. Eðlisfræðin var mjög vinsæl en takmarka varð þátttöku við þrjá hópa. Einnig var mikil eftirspurn eftir tungumálanámskeiðum, sérstaklega spænsku. Börnum fæddum 1989-1992 var boðin þátttaka. Alls sóttu 204 nemendur þessi námskeið, þar af 92 úr Reykjavík. Á árabilinu 2001-2004 sóttu 1.078 nemendur þessi námskeið, þar af 611 úr Reykjavík. Lokahátíð þátttakenda í námskeiðunum fyrir bráðger börn fór fram í Háskólabíó þann 17. apríl og var það lokahnykkur þess átaks.

Starfshópur um bráðger börn skilaði niðurstöðum sínum til fræðsluráðs á árinu. Hann lagði m.a. til að allir grunnskólar í Reykjavík verði hvattir til að setja sér áætlun um hvernig komið er til móts við bráðger börn og geri grein fyrir henni í skólanámskrá. Einnig að skólar verði hvattir til að vinna þróunarverkefni á þessu sviði, sett verði upp vefsíða með gagnasafni, upplýsingum og verkefnum þar sem höfðað er til bráðgerra barna, haldin verði námskeið fyrir grunnskólakennara um bráðger börn og að búinn verði til vettvangur þar sem bráðger börn úr skólum Reykjavíkurborgar geti komið saman. Í kjölfar skýrslu hópsins var auglýst á vegum fræðsluráðs eftir styrkjum til skóla til verkefna sem snúa að bráðgerum börnum. Veittir voru 5 styrkir: *Skólafélag yngstu nemenda* í Ártúnsskóla, *Bráðger börn í hugkvæmni og handverki* í Hólabrekkuskóla, *Sterkir námsmenn og Kennslu-*

*vefur í heimspeki* í Ölduselsskóla og *Með á nótunum á NemaNeti* á vegum Nema.

## Skimunarpróf

Ýmiss konar skimunarpróf eru lögð fyrir í grunnskólum, einkum við upphaf skólagöngu, til að afmarka þann hóp nemenda sem þarfnast einstaklingsmiðaðrar aðstoðar á tilteknu námssviði eða í námgrein. Tilgangurinn er að finna nemendur sem skera sig á einhvern hátt úr snemma á námsferlinum til að unnt sé að bregðast við með sérkennslu eða stuðningi áður en vandinn verður meiri. Niðurstöður skimana eru notaðar til að gera áætlanir fyrir viðkomandi nemendur. Hreyfiþroskapróf og kannanir á hugtakaskilningi (Boehm) og teiknipróf (Tove Krogh) voru lögð fyrir nemendur í 1. bekk í öllum grunnskólum í Reykjavík með yngri barna stig haustið 2004.



Lesskimun fór fram við lok 2. bekkjar í öllum grunnskólum borgarinnar eins og síðastliðin ár og komu niðurstöður út í september, bæði um heildarútkomu í borginni allri og fyrir einstaka skóla. Markmið hennar er að skapa skólunum viðmið um val á nemendum í sérkennslu í lestri til viðbótar við niðurstöður samræmdra prófa í íslensku í 4. og 7. bekk og margvíslegar mælingar kennara. Niðurstöður leiddu í ljós að 65% nemenda stóðst aldursbundin viðmið um árangur, það er töldust geta lesið sér til gagns samkvæmt þeim skilgreiningum að ná að minnsta kosti 65% árangri á prófinu (mynd 4.3). Í skorkorti fræðslumála var sett það markmið að 65% nemenda gætu lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar og hefur því markmiði verið náð.

Talnalykill, skimunarpróf í stærðfræði, var ekki lagt fyrir nemendur í 3. bekk haustið 2004 vegna verkfalls kennara. Fyrirlögn prófsins var frestað fram í febrúar 2005.

## Árangur samræmdra prófa

Á samræmdum prófum í 10. bekk vorið 2004 voru nemendur í Reykjavík í öllum tilvikum með hæstu meðaleinkunn yfir landið (tafla 4.6). Sú nýbreytni var tekin upp hjá Námsmatsstofnun að birta einkunnir á normaldreifðum kvarða frá 0 til 60, með meðaltal 30 og staðalfrávik 10. Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum 2004 fyrir 4. og 7. bekk sýndu að nemendur í 4. bekk í Reykjavík voru í þriðja sæti í stærðfræði og í öðru sæti ásamt Suðvesturkjördæmi í íslensku. Nemendur í 7. bekk í Reykjavík voru í öðru sæti í stærðfræði og fyrsta sæti í íslensku séu tölur skoðaðar eftir landshlutum.

Í fyrsta skipti var á árinu einnig birtur framfarastuðull skóla jafnhliða meðaleinkunnum skóla. Honum er ætlað að gefa vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því er árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Ef framfarastuðull er 1,0 merkir það að um sömu stöðu er að ræða en framfarastuðull lægri en 1,0 sýnir að frammistaða sé lakari en áður. Framfarastuðull 10. bekkja grunnskóla Reykjavíkur miðað við samræmd próf í 7.bekk var 1,01 í stærðfræði og 1,0 í íslensku. Framfara-

Mynd 4.3
**Hlutfall nemenda sem gátu lesið sér til gagns vorin 2002 og 2004 í 2. bekk**



Tafla 4.6

**Samræmdar normaldreifðar meðaleinkunnir nemenda í 10. bekk vorið 2004[1)]**

| | Stærðfræði | Íslenska | Danska | Enska | Náttúru-fræði | Samfélags-fræði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík: | 31,3 | 31,3 | 32,1 | 31,9 | 33,3 | 32,3 |
| Suðvesturkjördæmi | 30,7 | 30,0 | 30,8 | 30,7 | 31,3 | 31,1 |
| Norðvesturkjördæmi | 28,2 | 28,4 | 27,6 | 26,9 | 26,6 | 27,5 |
| Norðausturkjördæmi | 29,0 | 29,7 | 28,9 | 27,9 | 28,8 | 29,4 |
| Suðurkjördæmi | 28,1 | 29,1 | 27,1 | 28,3 | 25,7 | 27,3 |
| Landið allt | 29,9 | 30,1 | 30,0 | 29,9 | 30,0 | 30,0 |

1) Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 1-60.



stuðull skóla utan Reykjavíkur í þessum tveimur greinum var á bilinu 0,98 til 1,01.

## b) Skóli án aðgreiningar

Stefna Reykjavíkurborgar um sérkennslu frá árinu 2001 hefur skóla án aðgreiningar sem leiðarljós. Það felur í sér að skóli sé fær um að sinna öllum nemendum sínum, jafnt fötluðum sem ófötluðum og að allir eigi kost á að sækja hverfisskóla sinn. Grundvallarhugmyndafræði skóla án aðgreiningar er að öll börn eigi, hvar sem því verður við komið, að læra saman, hvað sem líður mun á þeim og hugsanlegum örðugleikum þar sem nám án aðgreiningar er talin virkasta leiðin til að treysta samstöðu meðal barna með sérþarfir og skólafélaga þeirra. Stefnan gerir þó ráð fyrir að um 1% nemenda stundi nám í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum og hafa foreldrar val um almennan skóla, sérskóla og sérhæfða sérdeild.



Alls voru haldnir 40 fundir þar sem sérkennslustefna Reykjavíkur var kynnt og rætt um framkvæmd hennar. Fundirnir voru m.a. haldnir í einstökum skólum, hverfum, í þjónustumiðstöðvum og hjá hagsmunaaðilum.

Haustið 2004 hófst undirbúningur að rannsókn á því hvernig til hefur tekist við innleiðingu stefnunnar. Áætlað var að leggja fyrir spurningalista í öllum grunnskólum í nóvember en vegna verkfalls kennara var rannsókninni frestað til vorsins 2005.

### Stuðningur í heimaskóla

Haustið 2004 voru sérkennsluver eða námsver í nær öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar (97%). Langflestir skólarnir höfðu einnig stjórnanda í sérkennslu sem veitti ráðgjöf um sérkennslu og um 85% skólanna höfðu lausna- eða ráðgjafarteymi.

### Greining á sérkennsluþörf

Nemendur sem hafa mikla sérkennsluþörf fá sérstuðning í kjölfar greiningar frá sérhæfðum greiningarstofnunum. Aðrir nemendur fá greiningu hjá sálfræðingi viðkomandi skóla til að grundvalla séraðstoð á og loks greina kennarar ýmiss konar námsvanda nemenda sinna með sérstökum skimunarprófum. Lesskimunarprófið *Læsi* hefur t.d. verið notað sem viðmið um sérkennslu í lestri (sjá umfjöllun um skimunarpróf hér að framan). Um það bil 10% nemenda sem innrituðust í 1.bekk haustið 2004 höfðu þegar fengið greiningu um sérkennsluþörf frá greiningarstofnunum eða sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur (tafla 4.7). Að jafnaði eru um 20% nemenda í grunnskólum Reykjavíkur í einhvers konar sérkennslu eða sérúrræði ár hvert.

Á árinu voru mótaðar nýjar reglur um úthlutun fjár vegna mikið fatlaðra nemenda.

### Almenn sérkennsla, sérhæfðar sérdeildir og sérskólar

Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur skiptist í sérkennslu í almennum skólum og sérkennslu í sérhæfðum skólum og sérdeildum. Í sérkennslu í almennum skólum fá nemendur stuðning í námsveri skólanna, einir eða í litlum hópum, en einnig er veittur stuðningur inni í almennum bekkjum. Kennt er samkvæmt einstaklingsnámskrá eða hópnámskrá.

Ný sérdeild fyrir einhverfa fór af stað í Fellaskóla haustið 2004 og er það þriðja deild sinnar tegundar við grunnskóla Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að

þar verði 6-7 nemendur að jafnaði. Í Grafarvogi var stofnuð færanleg ráðgjafardeild eða fardeild vegna nemenda í alvarlegum félags- og hegðunarvanda. Aðsetur hennar er í Foldaskóla. Nýmælið sem felst í stofnun deildarinnar felur í sér að starfsmenn hennar fara á milli grunnskólanna í Grafarvogi og veita ráðgjöf og aðstoð í stað þess að nemendur úr mörgum skólum séu saman í deild í einum skóla.

Haustið 2004 störfuðu því 7 sérhæfðar sérdeildir í borginni, þ.e. þrjár fyrir einhverfa nemendur í Fella-, Hamra- og Langholtsskóla, táknmálssvið og málörvunardeild í Hlíðaskóla, deild fyrir nemendur með félagslegan og hegðunarvanda í Bjarkarhlíð við Réttarholtsskóla og fardeildin fyrir börn í atferlisvanda í Grafarvogi. Alls sóttu rúmlega 60 nemendur þessar deildir (sjá töflu 4.8). Þrjár móttökudeildir fyrir nýbúa voru starfandi haustið 2004 og voru þær í Austurbæjar-, Breiðholts- og Háteigsskóla með alls 50 nemendur, einkum úr eldri árgöngum grunnskóla. Yngri nemendur voru þó all fjölmennir í deildinni í Austurbæjarskóla (sjá mynd 4.7).

Dalbrautarskóli varð hluti af Brúarskóla haustið 2004, eins og fyrr segir, og því störfuðu alls þrír sérskólar í borginni. Sérskólarnir eru fyrir fjölfatlaða nemendur, þroskahefta og nemendur í miklum geðrænum og félagslegum vanda. Nemendur sækja sérskóla ýmist tímabundið eða til lengri tíma. Við upphaf ársins tók til starfa við Brúarskóla ráðgjafardeild fyrir almenna grunnskóla í borginni vegna nemenda í alvarlegum félagslegum, geðrænum og hegðunarlegum vanda og deild fyrir nemendur í fíkniefnavanda.

## Atferlisgreining og atferlisþjálfun

Undanfarin ár hefur verið lögð sérstök áhersla á að styrkja skólana í að greina eins og unnt er á milli þjónustu við nemendur vegna námslegs vanda annars vegar og félagslegs vanda eða atferlisvanda hins vegar. Atferlisgreining er tæki til að skilja hegðun í samhengi við nánasta umhverfi með því m.a. að skoða áreiti sem fara á undan hegðun og þau sem fylgja á eftir. Námskeið fyrir kennara um atferlisgreiningu og atferlisvanda hafa verið haldin, auk handleiðslu og verkefnavinnu. Gert er ráð fyrir að kennarar sem lokið hafa námskeiðinu starfi sem atferlisþjálfar í skóla sínum og séu öðrum kennurum til stuðnings eftir því sem unnt er. Á árinu

Tafla 4.7

**Fjöldi 6 ára barna sem fengið höfðu greiningu hjá sérkennslu- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur (SOS) og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) áður en þau innrituðust í grunnskóla**

| Ár | Fæðingarár | Fjöldi innritaðra í 1. bekk | Fjöldi nemenda frá SOS og GRR | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| 1995 | 1989 | 1.401 | 104 | 7,4% |
| 1996 | 1990 | 1.462 | 105 | 7,2% |
| 1997 | 1991 | 1.447 | 87 | 6,0% |
| 1998 | 1992 | 1.467 | 92 | 6,3% |
| 1999 | 1993 | 1.527 | 121 | 7,9% |
| 2000 | 1994 | 1.486 | 124 | 8,3% |
| 2001 | 1995 | 1.425 | 146 | 10,2% |
| 2002 | 1996 | 1.457 | 136 | 9,3% |
| 2003 | 1997 | 1.385 | 140 | 10,1% |
| 2004 | 1998 | 1.407 | 145 | 10,3% |

Tafla 4.8

**Fjöldi nemenda í sérhæfðum sérdeildum, sérsviðum og sérskólum 1999-2004**

| Skóli | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bjarkarhlíð (nemendur með félagslegan vanda og hegðunarvanda) | 7 | 2 | 4 | 6 | 5 | 5 |
| Blindradeild Álftamýrarskóla | 3 | 5 | 5 | 3 | 3 | |
| Brúarskóli (nemendur með félagslegan, hegðunarlegan og geðrænan vanda)[1] | | | | | 20 | 34 |
| Dalbrautarskóli (nemendur í greiningu á BUGL) | 13 | 19 | 12 | 14 | 15 | |
| Einholtsskóli (nemendur með félagslegan vanda og hegðunarvanda) | 16 | 20 | 19 | 19 | | |
| Einhverfudeild Fellaskóla | | | | | | 2 |
| Einhverfudeild Hamraskóla | 5 | 4 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| Einhverfudeild Langholtsskóla | 7 | 6 | 7 | 8 | 8 | 8 |
| Fardeild fyrir börn í atferlisvanda, Foldaskóli | | | | | | 11 |
| Hlíðarhúsaskóli (nemendur með geðrænan vanda) | | | 7 | 8 | | |
| Hreyfihömlunardeild í Hlíðaskóla | 7 | 6 | 7 | 7 | 6 | |
| Málörvunardeild í Hlíðaskóla | 7 | 6 | 5 | 10 | 5 | 9 |
| Safamýrarskóli (fjölfatlaðir nemendur) | 26 | 20 | 23 | 22 | 18 | 18 |
| Táknmálssvið Hlíðaskóla[2] | 21 | 20 | 18 | 16 | 19 | 21 |
| Öskjuhlíðarskóli (fatlaðir nemendur) | 89 | 96 | 97 | 96 | 97 | 100 |
| **Samtals** | **201** | **204** | **209** | **213** | **202** | **215** |

1) Brúarskóli varð til þegar Einholtsskóli og Hlíðarhúsaskóli voru lagðir niður.

2) Á árunum 1999-2001 er tilgreindur nemendafjöldi í Vesturhlíðarskóla.

Mynd 4.4
**Skipting kennslumagns í grunnskólum Reykjavíkur í almenna kennslu og sérkennslu**




1) Sérhæfðar sérdeildir í Reykjavík eru: Blindradeild í Álftamýrarskóla, deild hreyfihamlaðra í Hlíðaskóla, deildir einhverfra í Langholtsskóla og Hamraskóla og táknmálssvið í Hlíðaskóla.

Tafla 4.9
**Yfirlit yfir kennslu á sjúkrahúsum 1997-2004**

| | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 252 | 286 | 215 | 224 | 187 | 157 | 186 | 208 |
| Heildarfjöldi kennsludaga | 1.542 | 1.395 | 1.805 | 1.177 | 824 | 824 | 1.216 | 1.231 |
| Fjöldi kennsludaga á nemanda | 6,1 | 4,9 | 8,4 | 5,3 | 5,2 | 5,2 | 6,5 | 5,9 |

stóð öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar til boða að senda starfsfólk sem sinnti kennslu eða hafði umsjón með úrræðum á námskeið um atferlisgreiningu og voru þau mjög vel sótt.

## Sjúkrakennsla á sjúkrahúsum

Nemendum sem þurfa að dvelja um tíma á sjúkrahúsi er gert kleift að halda áfram námi sínu þrátt fyrir fjarveru úr skóla. Stjórn og fagleg umsjón með sjúkrahússkennslu á Landsspítala-Háskólasjúkrahúsi er í höndum Austurbæjarskóla. Nemendur koma af öllu landinu og á árinu voru þeir samtals 208 og fengu kennslu að meðaltali í 5,9 daga hver sem er nokkur aukning frá fyrra ári (tafla 4.9). Af þessum nemendum komu 100 úr Reykjavík.

Brúarskóli sá um kennslu nemenda sem voru innlagðir á Barna- og unglingageðdeild Landsspítalans og þeirra nemenda sem voru í greiningu á Stuðlum vegna fíkniefnaneyslu.

## Nemendur með íslensku sem annað móðurmál

Alls nutu um 470 nemendur kennslu í íslensku fyrir útlendinga í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2004, nemendur í móttökudeildum meðtaldir. Þessi hópur er um 3% nemenda grunnskólanna. Kennslan fór fram í öllum almennum

Mynd 4.5
**Fjöldi nemenda með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eftir skólum haustið 2004** 1) 2)




1) Nemendur í móttökudeildum ekki meðtaldir.
2) Alls 424.

Mynd 4.6
**Algengasta þjóðerni nemenda sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli [1)]**




1) Miðað er við 6 nemendur eða fleiri af sama þjóðerni.

grunnskólum en nemendur voru langflestir í Austurbæjarskóla eða rúmlega 100, í Fellaskóla og Breiðholtsskóla um 40 í hvorum skóla og í Háteigsskóla um 30 (myndir 4.5 og 4.6). Flestir þessir nemendur voru að filippískum uppruna eða rúmlega 80, um 60 frá Vietnam og 45 frá Tælandi eins og var á síðasta ári (mynd 4.6). Umönnun og kennsla nemenda af erlendum uppruna fylgir stefnu Reykjavíkurborgar um málefni barna með íslensku sem annað tungumál frá árinu 2000 og stefnu Reykjavíkurborgar um fjölmenningarlegt samfélag sem út kom árið 2001.

Útlendir nemendur á aldrinum 6-8 ára fara beint í almennan bekk í hverfisskóla en fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli sem skólinn skipuleggur fyrir barnið í fjögur til fimm ár eða lengur. Nemendur 9-15 ára byrja sitt fyrsta ár í móttökudeild þar sem lögð er áhersla á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli ásamt aðlögun að íslensku samfélagi og um leið viðurkenningu á menningarlegum bakgrunni nemenda. Eftir þetta fyrsta ár fara þeir að jafnaði í sinn hverfisskóla og setjast í almennan bekk en fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Tæp 40% skólanna voru í lok ársins með teymi um þjónustu við nemendur með íslensku sem annað tungumál og rúmur þriðjungur hafði myndað sér stefnu um fjölmenningarkennslu í skólanámskrá (myndir 4.8 og 4.9). Haldnir

Mynd 4.7
**Fjöldi nemenda í móttökudeildum nýbúa haustið 2004[1)]**




1) Alls 50 nemendur



Mynd 4.8
**Hlutfall skóla með teymi um þjónustu við nemendur með íslensku sem annað tungumál 2001-2004**




Mynd 4.9
**Hlutfall skóla með stefnu um fjölmenningarkennslu í skólanámskrá 2000-2004**



voru sex fræðslufundir fyrir kennara m.a. um móttöku erlendra nemenda, menningaráfall og verkmöppu í kennslu og mati.

Fræðslumiðstöð, Námsflokkar Reykjavíkur og ÍTR starfræktu sumarskóla fyrir börn og unglinga í íslensku fyrir útlendinga síðustu þrjár vikur júlímánuðar. Um 100 nemendur á aldrinum 6-15 ára sóttu skólann sem var staðsettur í Austurbæjarskóla.

## c) Sterk sjálfsmynd, góð líðan og félagsfærni

### Könnun á líðan

Á árinu var áætlað að kanna líðan nemenda í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur en vegna verkfalls kennara var fyrirlögn hennar frestað til vors 2005.



### Verkefni um sjálfsmynd og félagsfærni

Unnið var áfram að ýmsum verkefnum til að efla sjálfsmynd nemenda og félagsfærni og eru sum þeirra unnin í samvinnu við aðila utan skólakerfisins. Hegðunarteymi var stofnað á sálfræðideild Fræðslumiðstöðvar með það meginhlutverk að aðstoða skóla við uppsetningu jákvæðrar agastefnu innan skólanna og auðga aðgerðir og uppbyggingu aðgerða í tengslum við hegðun og hegðunarerfiðleika í skólum. Kynning á verkefninu *Stuðningur við jákvæða hegðun* (PBS) fór fram á málstofu ráðstefnunnar *Skóli á nýrri öld.* Það felur m.a. í sér að skóli setji reglur um hegðun, umbun og úrræði fyrir þá sem ekki fylgja reglunum. Þrír skólar tóku þátt í verkefninu haustið 2004. Erlendur aðili var fenginn til að aðstoða skóla við innleiðingu þessa kerfis. Sálfræðingar á sálfræðideild fóru á námskeið um verkefnið *Stig af stigi* til að öðlast handleiðsluréttindi. Hér er um að ræða kennsluefni til að efla félags- og tilfinningaþroska barna. Alls nýttu um 18 skólar sér þetta námsefni haustið 2004. *Hringurinn* er verkefni sem tekur á afbrotamálum og komu alls um 10 skólar að því. Verkefnið *Vinátta* þar sem háskólanemendur eiga vikulegar samverustundir með ákveðnum nemendum var í gangi í 6 skólum. Mörg önnur verkefni sem hafa svipuð markmið voru í gangi í einstökum skólum.

Á árinu varð Vogaskóli móðurskóli í nemendalýðræði í framhaldi af vinnu starfshópsins um Greiðar götur (sjá 1. kafla).

Sjá frásögn af nemendaverðlaunum í 6. kafla.

### Átak gegn einelti

Skólaárið 2003-2004 tóku 10 skólar í Reykjavík þátt í *Olweusarverkefninu* gegn einelti sem fram fer um allt land og hefur það að markmiði að draga úr tækifærum til eineltis og skapa þannig andrúmsloft að einelti borgi sig ekki. Þessir skólar luku formlegri þátttöku í verkefninu vorið 2004, en haustið 2004 hófu 10 skólar þátttöku. Ákveðinn stjórnandi verkefnisins er í hverjum skóla. Kannanir á landsvísu hafa bent til að einelti hafi dregist saman um 31% í 4.-7. bekk í kjölfar verkefnisins og um 39% í 8.-10. bekk og að nemendum sem leggja aðra í einelti hafi fækkað um rúmlega þriðjung í öllum árgöngum grunnskólans.

### Námsráðgjöf

Námsráðgjafar hafa verið starfandi við alla grunnskóla Reykjavíkur frá hausti 2001. Hlutverk þeirra er að standa vörð

um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í málum er snerta nám, skólavist, framhaldsnám og starfsval. Námsráðgjafi er málsvari einstakra nemenda og trúnaðarmaður og aðstoðar þá við lausn persónulegra vandamála.

### Vímuvarnir og forvarnir

Forvarnaráætlanir grunnskóla í Reykjavík voru innkallaðar á árinu og voru þær metnar eftir þar til gerðum gátlista. Alls 37 skólar skiluðu inn slíkri áætlun en ekki barst áætlun frá 6 skólum.

## d) Náin tengsl við grenndarsamfélagið

Með grenndarsamfélagi skóla er annars vegar átt við landfræðilegt umhverfi skóla, þ.e. náttúru og manngert umhverfi, og hins vegar félagslegt, s.s. fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, félög, samtök og vinahópa. Grenndarsamfélag getur verið skólahverfið, borgarhlutinn eða öll Reykjavík.

### Samstarf við foreldra

Grunnskólarnir í borginni starfa í nánum tengslum við foreldra og forráðamenn nemenda. Reglubundið fara fram foreldraviðtöl í skólunum, kennarar eru í netsamskiptum við foreldra, haldnir eru bekkjarfundir, foreldrafundir og er foreldrum boðið að heimsækja skólann á starfstíma. Einnig taka foreldrar þátt í ferðalögum og félagslífi á vegum skólans. Margvísleg, óformleg samskipti eiga sér stað milli kennara og foreldra auk þessa.

Upplýsingagjöf til foreldra hefur aukist verulega á síðastliðnum árum. Allir grunnskólar eru með virka heimasíðu og mjög margir gefa út fréttabréf og skólahandbækur (tafla 4.10).

Þann 1. desember samþykkti fræðsluráð breytingar á *Reglum til viðmiðunar um samskipti foreldraráða og skólayfirvalda í grunnskólum Reykjavíkur.* Þar er m.a. fjallað um verkefni foreldraráða, fundi og upplýsingamiðlun til þeirra.

Gerð var í annað sinn könnun meðal skólastjóra vorið 2004 um foreldrasamstarf í skólunum. Í kjölfarið heimsótti ráðgjafi á Fræðslumiðstöð um foreldrasamstarf skólana til að fjalla um nýtingu niðurstaðna við að styrkja og bæta tengsl skólanna við foreldra. Margt hafði gerst í skólunum í þessum efnum milli þessara tveggja kannana og mikill áhugi á að þróa samstarfið enn frekar (sjá einnig bls. 18).



Foreldraráð og foreldrafélög starfa við alla grunnskóla borgarinnar. Skólastjórnendur funda með foreldraráðum nokkrum sinnum á ári og fulltrúar foreldraráðanna sækja fundi um gerð starfsáætlunar fræðslumála ár hvert. Flest foreldrafélög standa á hverju ári fyrir viðburðum í samvinnu við skólann og sum efna til fjáröflunar og gefa skólunum gjafir.

Tafla 4.10
**Nokkrar lykiltölur um náin tengsl skóla og grenndarsamfélags 2001-2004**

| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| - sem halda námskeið fyrir foreldra 6 ára nemenda | - | 81% | 87% | 100% |
| - sem halda námskeið fyrir foreldra nemenda á unglingastigi | - | 40% | 40% | 72% |
| - sem gefa út skólahandbók | 82% | 100% | 88% | 88% |
| - sem gefa a.m.k. 3 fréttabréf út á ári | 59% | 79% | 94% | 88% |
| - með virka heimasíðu | 70% | 100% | 100% | 90% |
| - með stefnu eða skráðar reglur um foreldrasamstarf í skólanámskrá | 52% | 71% | 67% | 65% |

Allir grunnskólarnir héldu námskeið fyrir foreldra 6 ára barna og um 72% skólanna héldu námskeið fyrir foreldra nemenda á unglingastigi (tafla 4.10). Ýmis önnur námskeið og fyrirlestrar eru haldnir fyrir foreldra og börn þeirra.

### Vettvangsnám

Vettvangsnám fer bæði fram í gegnum samvinnuverkefni með atvinnulífinu, menningarstofnunum og félagasamtökum og alls kyns verkefnum úti í náttúrunni.

#### Útikennsla og umhverfismennt

Fossvogsskóli og Selásskóli náðu á árinu öðru sinni að uppfylla nauðsynleg skilyrði, samkvæmt greinargerð Landverndar, til að flagga Grænfánanum



sem er veittur til tveggja ára í senn sem viðurkenning fyrir gott umhverfisstarf og umhverfismennt í skóla. Þessir skólar eru í hópi um 12.000 skóla í 28 löndum sem keppa að þessu marki sem um 3.500 skólar hafa náð.

Í gildi er samningur frá árinu 2003 til þriggja ára milli Reykjavíkurborgar, Skógræktar ríkisins, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Kennaraháskóla Íslands um grenndarskóga fyrir grunnskóla Reykjavíkur. Markmið þessa samstarfs er meðal annars að skipuleggja grenndarskóga fyrir skólana, efla vitund nemenda um skógarvistfræði og skógarnytjar og stuðla að námsgagnagerð. Á árinu var opnaður grenndarskógur fyrir Ártúnsskóla í Elliðaárdal, Hlíðaskóla í Öskjuhlíð og Melaskóla í Hólavallakirkjugarði, en þrír skólar eignuðust grenndarskóg á árinu 2003. Laugarnesskóli varð skógarskóli í janúar 2004 og var það hluti af verkefninu *Lesið í skóginn - með skólum* sem er skólaþróunarverkefni Skógræktar ríkisins og íslenskra skólastofnana. Í verkefninu felst skipuleg fræðsla grunnskólanemenda um vistfræði skógarins og skógarnytjar.



Þann 11. febrúar var opnuð umhverfisgátt á heimasíðu Fræðslumiðstöðvar.

### Samstarf við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök

Skólarnir skipuleggja gagnvirk tengsl við hverfið þar sem skólinn er hluti af samvinnuverkefnum þar sem atvinnulífið, menningarstofnanir og félagasamtök taka þátt í að efla skólastarfið og auðga skólasamfélagið.

Á árinu kom út leiðarvísir um þátttökunám en það felur m.a. í sér að nemendur stundi hluta af námi sínu með því að vera þátttakendur í verkefnum, gjarnan með fullorðnu fólki, í grenndarsamfélaginu og innan skólans - um leið og þeir láta í té þjónustu við samborgarana. Bæklingurinn var afrakstur af námsferð hóps skólastjóra og fræðslustjóra á ráðstefnu þar um í Bandaríkjunum. Einnig voru gefin út leiðbeinandi viðmið um öryggismál í vettvangsferðum.

Árið 2004 voru grunnskólarnir í Reykjavík í margs konar samstarfsverkefnum við aðila utan skólans. Sem dæmi má nefna:

- Mörg hundruð grunnskólanemendur í Reykjavík voru virkir þátttakendur í Vetrarhátíð í Reykjavík dagana 19.-22. febrúar og komu fram í fjölbreytilegum atriðum, s.s. fjöldasöng í húsnæði Orkuveitunnar, dansverkefni með Íslenska dansflokknum, þjóðahátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur og ýmiss konar leikverkum um borgina.
- Fræðslumiðstöð og Listahátíð í Reykjavík gerðu með sér samstarfssamning sem undirritaður var með viðhöfn í Borgarleikhúsinu 3. mars 2004. Markmið hans er að veita nemendum í grunnskólum borgarinnar tækifæri til að taka þátt í viðburðum Listahátíðar, kynnast starfi starfandi listamanna og koma til móts við markmið í aðalnámskrá um skapandi skólastarf og þátttöku í menningu samfélagsins. Á listahátíð í maí 2004 tóku nemendur þátt í þremur verkefninu. Þau voru opnunaratriðið *Lifandi líknesi* sem fólst í skrúðgöngu með lugtir og risanaut sem nemendur höfðu útbúið í samvinnu við ástralska listakonu, *Laugavegurinn* sem var sýning á túlkun byggingalistar við Laugaveginn og *Anna og skapsveiflurnar* með Brodsky-strengjakvartettinum og Sjón í Borgarleikhúsinu.
- Samstarf Félagsstarfs Gerðubergs og skóla í Breiðholts- og Árbæjarhverfi nefndist *Kynslóðir saman*. Hólabrekku-, Selja-, Fella- og Ártúnsskóli tóku þátt.
- *Dagblöð í skólum* er samstarf við útgáfufyrirtæki dagblaðanna. Tveir árgangar í nánast öllum skólum.
- *Lesið í skóginn*, samstarf við Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur. Alls 20 skólar eru í samstarfi og hafa sex þegar fengið úthlutað grenndarskógi.
- *Ljósberinn*, samstarf við Félagsþjónustuna í Reykjavík, ÍTR, Neyðarmótttökuna, Lögregluna í Reykjavík,

Samfok, Landlæknisembættið og Menningarmiðstöðina í Gerðubergi. 15 skólar tóku þátt í Unglingaþingi 2004 og haldið var málþing.

- Samstarf skólagarða Reykjavíkur og grunnskóla, 5 skólar tóku þátt vorið 2004 í verkefni sem snerist um ræktun matjurta o.fl.
- *Skólavist*, samstarf við Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og Sorpu. 13 skólar tóku þátt árið 2004.
- *Stóra upplestrarkeppnin* fyrir nemendur í 7. bekk, samstarf við Heimili og skóla, Íslenska málnefnd, Íslenska lestrarfélagið, Kennaraháskóla Íslands, Kennarasamband Íslands og Samtök móðurmálskennara. Árið 2004 tóku 1.550 nemendur í 71 bekkjardeild þátt.
- *Starfstengt nám í 9. og 10. bekk*. Samstarf við Vinnuskóla Reykjavíkur. Þátttakendur voru 80 nemendur úr grunnskólum borgarinnar.
- *Verndaður vinnustaður og skóli*, samstarf við samtök um verndaða vinnustaði, Langholts-, Laugarnes-, Hlíða- og Álftamýraskóli tóku þátt.
- *Lífríki hafnarinnar*, samstarf við Reykjavíkurhöfn og Háskóla Íslands, allir skólar.
- Tölvunámskeið fyrir eldri borgara, samstarf við Námsflokka Reykjavíkur, 10 skólar tóku þátt.

Á árinu hófst undirbúningur að því að halda leikhúsmessu í annað sinn haustið 2005 í samvinnu við Leikskóla Reykjavíkur, Menningarmálaskrifstofu Reykjavíkur, samtök leikhópa o.fl.

Fræðslumiðstöð beitti sér fyrir söfnun skólaminja í Reykjavík og var verkið unnið í samvinnu við Árbæjarsafn. Skýrsla þar um var lögð fyrir fræðsluráð í júní.

## Erlent samstarf

Þrátt fyrir að nokkru færri nemendur hafi tekið þátt í fjölþjóðlegum verkefnum árið 2004 en árið á undan hefur orðið mikill vöxtur undanfarin ár á þátttöku skólanna í slíkum verkefnum (mynd 4.10).

## Skólahúsnæði opið grenndarsamfélaginu

Í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík árið 2003 var sett fram þriggja ára markmið um að skólarnir settu sér stefnu um hvernig þeir gætu orðið menningarmiðstöð í hverfinu. Skólahúsnæðið gæti þá nýst undir menningarviðburði, félagsstarf og frístundaiðkun utan skólatíma á kvöldin, um helgar og á sumrin. Misjafnt er hve auðvelt er að afmarka einstaka hluta bygginga til þessara nota en það hefur þó færst í vöxt að félög og hópar leigi skólahúsnæði til félagsstarfsemi, t.d. funda og kóræfinga.

Mynd 4.10

**Heildarfjöldi þátttakenda í fjölþjóðlegum verkefnum 1999-2004**[1)]




1) Ekki eru tölur yfir árið 2003.

## Samstarf við leikskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla

Allir grunnskólar í Reykjavík sem höfðu yngri barna stig voru í skipulögðu samstarfi við leikskóla í hverfi sínu á árinu. Hver grunnskóli tekur að jafnaði við börnum úr þremur leikskólum. Þetta samstarf er yfirleitt þrenns konar:

- Aðlögun og kynning sem fer fram með gagnkvæmum heimsóknum milli leik- og grunnskóla.
- Skipulögð móttaka 6 ára nemenda í grunnskólanum með það markmið að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna og byggja starfið í grunnskólanum á fyrri reynslu þeirra í leikskólanum. Leikskólabörnin fá að vera í kennslustund, nestistíma og frímínútum og foreldrum gefst kostur á að kynna sér skólann.





- Árlegir fundir eru haldnir um væntanlega nemendur í grunnskóla sem þurfa sérstuðning (sjá töflu 4.7, bls. 45).

Nemendur á síðustu árum grunnskólanáms ljúka í auknum mæli framhaldsskólaáföngum sem vali í grunnskólanum. Þannig er unnt að koma til móts við bráðgera nemendur og nemendur sem eru áhugasamir um ákveðnar greinar. Þetta dregur úr skörpum skilum milli grunnskóla og framhaldsskóla. Alls luku 595 nemendur úr 25 grunnskólum framhaldsskólaáföngum á vorönn og haustönn 2004. Flestir þessara áfanga voru í tungumálum og stærðfræði en töluvert margir í félagsgreinum. Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Borgarholtsskóli og Fjölbrautaskólinn í Breiðholti voru algengustu framhaldsskólarnir í þessu samstarfi en alls luku nemendur einingum í 9 framhaldsskólum (tafla 4.11).

Tafla 4.11
**Framhaldsskólaáfangar á unglingastigi 2004**

| Grunnskóli | Framhaldsskóli | Áfangar 2004 | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | MH og FÁ[1] | stæ, ísl, ens, þýs 103 | 38 |
| Álftamýrarskóli | FÁ | fél, jar 103 | 10 |
| Árbæjarskóli | FÁ og BHS | stæ, ens, þýs, bók 103, msg 172, töl 213 | 142 |
| Borgaskóli | BHS | | 24 |
| Breiðholtsskóli | FB og FG | stæ, þýs, dan, sál, líf, fél, jar 103, ens 102 | 39 |
| Engjaskóli | BHS | ens, stæ 103, félags- og uppeldisbraut | 2 |
| Fellaskóli | FB | stæ 102 | 5 |
| Foldaskóli | BHS | mál, stæ, ens, fél 102 | 26 |
| Hagaskóli | MH | ísl, stæ, 103 | 27 |
| Hamraskóli | FÁ og BHS | dan, ens, stæ 103, stæ 102, mál, félagsþj. fr. | 20 |
| Háteigsskóli | FÁ | dan, ens, þýs 103, ísl, stæ 102 | 9 |
| Hlíðaskóli | FÁ | stæ, nát, ens 103 | 1 |
| Hólabrekkuskóli | FB | stæ 102, spæ 103 | 15 |
| Húsaskóli | BHS | ens, stæ, mál 103 | 29 |
| Hvassaleitisskóli | FÁ | töl 131, 251, ens, dan, nát, þýs 103, ísl, stæ 102 | 22 |
| Klébergsskóli | FÁ og BHS | ísl, stæ 103, msg 172 | 7 |
| Korpuskóli | BHS og Iðnskól. | stæ, ens, mál 103, félags- og uppeldisbraut, vefsíðugerð | 6 |
| Langholtsskóli | FÁ | ens 103, spæ 103, 203, 303, 403, stæ 103, 203 | 3 |
| Laugalækjarskóli | FÁ og Hraðbraut | nát, 103, 113, 123 | 78 |
| Réttarholtsskóli | FÁ og VMA | ens, þýs, dan, sæn 103 | 6 |
| Rimaskóli | BHS | mál, stæ, ens 103 | 27 |
| Seljaskóli | FB | ens 102 | 15 |
| Víkurskóli | BHS | stæ, ens 103, msg 172, félags- og uppeldisbraut | 9 |
| Vogaskóli | FÁ og BHS | þýs 403, töl 121, 131, 141, 251, dan, nát, ens, mál 103, stæ 103, 203, 303 | 19 |
| Ölduselsskóli | VMA | dan, töl, stæ, sæn 102, ens, fra, lan, þýs 103 | 16 |
| | | **Samtals** | **595** |

1)Nöfn framhaldsskóla, skammstafanir: BHS - Borgarholtsskóli, FÁ - Fjölbrautaskólinn við Ármúla, FB - Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, FG - Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, MH - Menntaskólinn við Hamrahlíð, VMA - Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Formaður fræðsluráðs og fræðslustjóri boðuðu fulltrúa borgarinnar í skólanefndum framhaldsskóla til fundar um málefni framhaldsskóla 26. október þar sem til umræðu var m.a. efni um framhaldsskóla úr skýrslu um mikilvæga þætti skólastarfs sem eru utan stefnumótunarsviðs fræðsluráðs.

Haustið 2004 var tónlistarkennsla á vegum tónlistarskóla í 9 grunnskólum í borginni. Tónskólinn Do Re Mi var með starfsemi í Grandaskóla og Melaskóla. Tónskóli grunnskólanna í Grafarvogi var með starfsemi í þremur skólum, þ.e. Foldaskóla, Hamraskóla og Húsaskóla. Tónskóli Hörpunnar var með starfsemi í þremur skólum, Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla. Tónlistarskólinn á Klébergi starfaði í Klébergsskóla og var undir stjórn skólastjóra grunnskólans.

## e) Sjálfstæði skóla og jafnræði í umgjörð

Fyrstu árin eftir að grunnskólinn fluttist til Reykjavíkurborgar var unnið markvisst að því að auka og efla fjárhagslegt sjálfstæði skólanna og nú hafa skólarnir frjálsar hendur um nýtingu árlegs fjárhagsramma innan ramma laga, aðalnámskrár, stefnumörkunar borgarinnar og kjarasamninga.

Á sama tíma hefur verið unnið markvisst að því að jafna þá umgjörð sem skólunum er búin hvað varðar húsnæði og búnað. Einsetning skólanna var gríðarlega mikið átak og enn er unnið að því að jafna hlut skólanna hvað varðar skólahúsnæði. Byggingar nýs skólahúsnæðis og búnaður í nýbyggingar heyrði undir Fasteignastofu Reykjavíkurborgar, svo og viðhald húsnæðis. Þessir þættir heyra nú undir nýtt Framkvæmdasvið borgarinnar, sem er í raun eigandi skólabygginganna og greiða skólarnir því leigu sem meðal annars er nýtt til viðhalds.

## Sjálfstæði skóla

Með sjálfstæði skóla er átt við faglegt, fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfstæði skóla til að útfæra þá stefnu sem mörkuð hefur verið af ríki (lög, reglugerðir og Aðalnámskrá), sveitarfélaginu (bæði um grunnskólann og aðra þætti) og með kjarasamningum. Grunnskólarnir í Reykjavík eiga kost á margvíslegri ráðgjöf og stuðningi frá Fræðslumiðstöð (sjá kafla 2).

### Faglegt sjálfstæði - starfsáætlanir

Faglegt sjálfstæði merkir að skólarnir móta sjálfir faglegt starf sitt og sérstöðu innan ramma laganna og stefnumörkunar borgarinnar. Stefna skólanna er birt í starfsáætlun/skólanámskrá ásamt áætlun um skólastarfið næsta skólaár. Áætlanir um sjálfsmat skólans, símenntunaráætlun og fleira eru einnig hluti af starfsáætlun/skólanámskrá. Alls skiluðu 39 af 42 skólum fullnægjandi skólanámskrá vorið 2004 samkvæmt þar til gerðum gátlista (tafla 4.12). Símenntunaráætlanir fyrir skólaárið voru kallaðar inn í júní og skóladagatöl skólanna staðfest að vori af fræðsluráði.

### Fjárhagslegt sjálfstæði - rekstraráætlanir

Hver skóli ráðstafar sjálfur því fjármagni sem hann fær úthlutað við upphaf hvers almanaksárs innan ramma laga, kjarasamninga og stefnumörkunar borgarinnar. Úthlutun fjármagns til skóla er samkvæmt reiknilíkani. Hver skóli gerir sér rekstraráætlun í upphafi árs þar sem fram kemur ráðstöfun þess fjármagns sem skólinn fær úthlutað. Skólastjóri ber ábyrgð á því að skólinn sé innan fjárhagsrammans við lok hvers árs.

### Stjórnunarlegt sjálfstæði

Skólar móta sjálfir skipulag og stjórnun innan skólans og eru ráðningar allra starfsmanna í höndum skólastjóra.

## Eftirlit með skólastarfi

Innra eftirlit skólanna er í formi innra mats af ýmsu tagi. Ytra mat fer m.a. fram með yfirferð yfir skólanámskrár/starfsáætlun skóla og skóladagatöl með gátlistum, yfirferð rekstraráætlana í byrjun árs og eftirfylgd allt árið ásamt reglubundnu kostnaðareftirliti og eftirliti með framkvæmd kjarasamninga gegnum vinnuskýrslur o.fl. Auk þess eru gerðar ýmiss konar kannanir reglulega.

### Innra mat

Í lok árs 2003 lauk fyrsta úttektartímabili menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum skóla. Á árunum 2001-2003 var slík úttekt gerð í öllum almennum grunnskólum í Reykjavík. Af 41 grunnskóla í Reykjavík (litlu sérskólunum sleppt) töldust sjálfsmatsaðferðir fullnægjandi hjá 5 skólum (12%) og fullnægjandi að hluta hjá 5 skólum. Framkvæmd sjálfsmatsins taldist fullnægjandi hjá þremur skólum og fullnægjandi að hluta hjá 7 skólum. Sjálfsmatsskýrslur höfðu verið gefnar út í 12 skólum og voru í vinnslu í 5 skólum til viðbótar.

Tafla 4.12
**Skil á skólanámskrá 1998-2004**

| | 1998-1999 | 1999-2000 | 2000-2001 | 2001-2002 | 2002-2003[1] | 2003-2004 | 2004-2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skila fullnægjandi skólanámskrá | 24 | 15 | 28 | 32 | 36 | 37 | 39 |
| Skila inn drögum eða hluta námskrár | 5 | 10 | 5 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| Skila ekki | 5 | 12 | 4 | 2 | 3 | 2 | 1 |
| Skólar samtals | 34 | 37 | 37 | 40 | 44 | 43 | 42 |

1) Einkareknir skólar meðtaldir frá skólaárinu 2002-2003.



Nú nýta margir skólar sér vefkönnunarforritið *Outcome* til að gera kannanir meðal nemenda, foreldra og starfsfólks sem auðveldar skólum mjög öflun margs konar upplýsinga. Einnig nýta skólarnir sér í sjálfsmati sínu niðurstöður kannana sem gerðar eru meðal nemenda, foreldra og starfsfólks skólanna í allri borginni.

### Ytra mat

Árlega eru starfsáætlanir skóla/skólanámskrár yfirfarnar og hefur það verkefni verið í höndum kennsluráðgjafa. Foreldraráðin gefa umsögn sína um skólanámskrárnar. Vorið 2004 skiluðu 39 grunnskólar í Reykjavík fullnægjandi skólanámskrá samkvæmt viðmiðum í gátlista eins og fyrr segir, tveir skiluðu drögum eða ófullnægjandi skólanámskrá og einn skilaði ekki. Reiknaður var meðalstigafjöldi fyrir

Tafla 4.13

**Húsnæði almennra grunnskóla í Reykjavík haustið 2004**

| | Fjöldi bekkjardeilda 2004 | Fjöldi almennra kennslustofa og sérgreina-stofa | Þar af fjöldi færanlegra stofa | Skóladagvist og sérkennslu-herbergi | Stærð varanlegs húsnæðis í $m^2$ | Fjöldi $m^2$ á nemanda haust 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 27 | 35 | 4 | 13 | 5.635 | 10 |
| Álftamýrarskóli [1)] | 21 | 27 | 0 | 8 | 5.440 | 15 |
| Árbæjarskóli | 37 | 44 | 3 | 7 | 9.020 | 11 |
| Ártúnsskóli | 9 | 18 | 0 | 5 | 3.066 | 16 |
| Borgaskóli | 22 | 31 | 7 | 6 | 4.842 | 12 |
| Breiðagerðisskóli [2)] | 19 | 23 | 5 | 10 | 3.925 | 10 |
| Breiðholtsskóli | 27 | 41 | 10 | 7 | 6.931 | 12 |
| Engjaskóli | 20 | 31 | 3 | 6 | 4.967 | 13 |
| Fellaskóli | 24 | 38 | 0 | 10 | 8.604 | 19 |
| Foldaskóli | 26 | 43 | 0 | 5 | 7.862 | 14 |
| Fossvogsskóli | 16 | 24 | 0 | 3 | 3.963 | 11 |
| Grandaskóli | 17 | 25 | 1 | 6 | 4.208 | 12 |
| Hagaskóli | 23 | 36 | 0 | 2 | 6.278 | 11 |
| Hamraskóli | 17 | 29 | 0 | 7 | 4.629 | 13 |
| Háteigsskóli | 19 | 30 | 0 | 3 | 4.199 | 11 |
| Hlíðaskóli | 28 | 35 | 0 | 8 | 8.047 | 13 |
| Hólabrekkuskóli | 30 | 41 | 0 | 9 | 6.777 | 12 |
| Húsaskóli | 20 | 30 | 3 | 4 | 4.592 | 11 |
| Hvassaleitisskóli | 14 | 25 | 0 | 4 | 4.274 | 15 |
| Ingunnarskóli [3)] | 26 | 21 | 20 | 3 | 280 | 1 |
| Ingunnarskóli - Sæmundarsel [4)] | 5 | 3 | 3 | 0 | 0 | 0 |
| Klébergsskóli | 10 | 15 | 0 | 3 | 2.653 | 16 |
| Korpuskóli | 12 | 18 | 0 | 8 | 2.085 | 10 |
| Langholtsskóli | 28 | 36 | 2 | 7 | 6.935 | 12 |
| Laugalækjarskóli | 13 | 25 | 0 | 2 | 5.132 | 18 |
| Laugarnesskóli | 21 | 31 | 5 | 8 | 3.735 | 8 |
| Melaskóli | 28 | 41 | 1 | 9 | 5.461 | 9 |
| Réttarholtsskóli [5)] | 13 | 21 | 0 | 12 | 5.205 | 16 |
| Rimaskóli | 37 | 41 | 10 | 12 | 7.645 | 10 |
| Selásskóli | 17 | 28 | 1 | 3 | 5.115 | 14 |
| Seljaskóli | 31 | 46 | 6 | 7 | 6.526 | 9 |
| Vesturbæjarskóli | 15 | 21 | 0 | 6 | 3.604 | 12 |
| Víkurskóli | 10 | 27 | 0 | 3 | 4.397 | 18 |
| Vogaskóli | 19 | 24 | 9 | 7 | 2.715 | 7 |
| Ölduselsskóli | 29 | 36 | 7 | 12 | 5.844 | 10 |
| Samtals [6)] | 730 | 1,040 | 100 | 225 | 174.591 | 414 |

1) Leiguhúsnæði fyrir skóladagvist er talið með Álftamýrarskóla.

2) Mosgerði 14A er talið með Breiðagerðisskóla. Færanleg kennslurými ekki meðtalin í fjölda m² á nemanda.

3) Skólinn er í leigu- og færanlegu kennslurými. Ný skólabygging verður væntanlega tekin í notkun haustið 2005.

4) Selið er í færanlegu kennslurými.

5) Bjarkarhlíð er talin með Réttarholtsskóla.

6) Færanleg kennslurými grunnskóla eru 7.450 m².

skólanámskrár á kvarðanum 1-5. Alls 29 skólar fengu fjögur stig eða meira í heildarmati (18 skólar árið áður). Átta skólar fengu 3-3,5 stig. Tveir skólar fengu minna en þrjú stig sem telst ekki fullnægjandi skólanámskrá. Leiðbeiningar um úrbætur fylgja niðurstöðum yfirferðar, ef við á. Eins og sjá má í töflu 4.12 eru skólanámskrár í stöðugri þróun og sífellt er verið að bæta þær upplýsingar sem þar er að finna um skólastarfið. Flestar skólanámskrár eru mjög ítarlegar og gefa glögga mynd af skólastarfinu. Í auknum mæli eru skólanámskrár á heimasíðum skólanna.

Skólar skila drögum að skóladagatali til Fræðslumiðstöðvar að vori. Þau eru yfirfarin samkvæmt gátlista og voru niðurstöður lagðar fyrir fræðsluráð 11. maí. Allir skólarnir skiluðu fullnægjandi skóladagatali vorið 2004 nema einn einkarekinn skóli.

Vorið 2004 var gerð könnun á viðhorfum foreldra til grunnskóla barna sinna og var spurningalisti lagður fyrir um það bil 3.000 manna úrtak. Niðurstöður voru kynntar í fræðsluráði 20. október og voru þær helstar að um 83% foreldra voru mjög eða frekar ánægð með skóla barns síns og 66% með grunnskóla Reykjavíkur almennt. Lesskimun var lögð fyrir nemendur í 2. bekk í annað sinn  í apríl en skimun á stöðu nemenda í 3. bekk í stærðfræði (Talnalykill) var frestað vegna verkfalls grunnskólakennara. Niðurstöður lesskimunar leiddu í ljós að 65% töldust geta lesið sér til gagns samkvæmt þeirri skilgreiningu að ná a.m.k. 65% árangri á prófinu. Hafin var rannsókn á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur til að kanna framkvæmd stefnu borgarinnar í sérkennslu frá árinu 2001.

Skorkort fræðslumála í Reykjavík með mælikvörðum um þjónustu, fjármál, verklag og mannauð var birt í starfsáætlun fræðslumála 2003 í fyrsta sinn. Það gefur mynd af þróun ákveðinna þátta í starfi frá ári til árs. Í starfsáætlun 2004 var síðan birt stefnukort fræðslumála í fyrsta sinn. Stefnukort og skorkort eða samhæft árangursmat eru í árlegri endurskoðun. Þetta eru stjórnunar- og mælikerfi sem hafa þann til-

gang að koma stefnunni betur til skila, þ.e. greina stefnu fyrirtækja og stofnana og setja hana fram á mælanlegan hátt. Skoðaðir eru þeir þættir sem stjórnendur geta haft áhrif á og þykja stuðla að velgengni starfseminnar í samræmi við markaða stefnu.

## Jafnræði í húsnæðis- og búnaðarmálum

Haustið 2004 var heildarhúsnæði grunnskóla Reykjavíkur um 175.000 fermetrar og voru um 12 fermetrar á nemanda að meðaltali. Auk þessa voru í notkun um 100 færanlegar stofur við grunnskólana. Fjöldi kennslustofa var alls rúmlega 1.000 og sérkennsluherbergi og rými fyrir frístundaheimili voru alls um 225. Fjöldi bekkjardeilda eða umsjónarhópa var um 730.

Á árinu komu út fimm ítarlegar skýrslur með greiningu á húsnæðis-, búnaðar- og lóðamálum grunnskóla Reykjavíkur sem unnar voru í samvinnu Fræðslumiðstöðvar og Fasteignastofu Reykjavíkurborgar og voru þær kynntar í fræðsluráði og stjórn Fasteignastofu. Þær bera heitin: *Húsnæði grunnskóla Reykjavíkur. Greining og þörf fyrir byggingar og endurbætur; Skólamötuneyti, þarfagreining og áætlun; Skólalóðir, stöðugreining og stefnumörkun*: *Stofnbúnaður, stöðu- og þarfagreining* og *Tölvubúnaður og lagnir í grunnskólum Reykjavíkur*.

Í úttekt á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur kemur m.a. fram að enn eru fjórir grunnskólar í brýnni þörf fyrir viðbótarhúsnæði og endurskipulagningu. Auk þess eru 9 skólar í þörf fyrir viðbótarrými. Í úttekt á ástandi og viðhaldsþörf grunnskólanna kom í ljós að í 5 skólum er ástand metið slæmt og þörf á umfangsmiklu viðhaldi. Í úttekt á skólalóðum kom í ljós að við 7 skóla er ástand lóðar mjög slæmt og þörf á verulegum endurbótum, við 8 skóla er ástand almennt slæmt og þörf á talsverðum endurbótum, a.m.k. á hluta lóðar.

### Nýbyggingar og breytingar á húsnæði

Á árinu var unnið við viðbyggingar við Laugarnesskóla, Langholtsskóla og Breiðagerðisskóla. Jafnframt var unnið að hönnun Vogaskóla á grunni viðbyggingar sem rifin hefur verið niður og lauk dómnefnd um viðbygginguna við skólann störfum í nóvember. Unnið var að hönnun viðbyggingar og ákveðnum endurbótum í húsnæði Seljaskóla.

Á árinu var unnið að hönnun og framkvæmdum við nýjar byggingar fyrir Korpuskóli og Ingunnarskóla og stefnt að því að taka þær í notkun haustið 2005.

Alls voru 8 færanlegar kennslustofur fluttar á milli skóla árinu. Stofur voru fluttar frá Árbæjarskóla, Borgaskóla, Húsaskóla, Hlíðaskóla og Engjaskóla



Tafla 4.14
**Færanlegar kennslustofur sem fluttar voru á árinu 2004**

| Skólar sem stofur voru fluttar að | Fjöldi stofa | Fluttar frá eftirtöldum skólum |
|---|---|---|
| Sæmundarsel | 2 | Húsaskóla og Borgaskóla |
| Seljaskóli[1)] | 1 | Húsaskóla og Engjaskóla |
| Selásskóli | 1 | Húsaskóla |
| Grandaskóli | 1 | Engjaskóla |
| Langholtsskóli[1)] | 2 | Árbæjarskóla |
| Melaskóli | 1 | Hlíðaskóla |

1) Einnig voru tveir tengigangar fluttir til Seljaskóla og einn til Langholtsskóla.

Tafla 4.15

## Nýbyggingar, breytingar og viðhald skólahúsnæðis

| Skóli | Nýbyggingar og breytingar á húsnæði | Viðhald á skólahúsnæði |
|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | | Áframhaldandi átak í endumálun frá fyrra ári, endurnýjaður dúkur á nokkrar kennslustofur og endurnýjun innri glugga. |
| Árbæjarskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits, endurmálun og endurnýjaðir dúkar á nokkrum kennslustofum í A álmu. |
| Ártúnsskóli | Lokið við búnaðarkaup og frágang í eldra húsnæði og á hluta lóðar. Göngustígur malbikaður og upplýstur. | Unnið að breytingu á sérkennslustofu, málun 1.og 2. áfanga að utan. |
| Breiðagerðisskóli | Viðbygging uppsteypt og frágangi utanhúss lokið. | Sett upp ný loftræstisamstæða í sundlaug, unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. |
| Breiðholtsskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Endurnýjaðir lampar í íþróttasal, sett lyfta í eldri hluta matsalar. |
| Engjaskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Aukin lýsing á skólalóð. |
| Fellaskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. |
| Foldaskóli | Viðbygging opnuð formlega 24. febrúar. | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Endurnýjaður kastali og rólur á skólalóð. |
| Fossvogsskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Endurmálun eldhúss og íþróttasalar. Smíðað handrið í 3. áfanga. Lokið framkvæmdum við lyftu. |
| Grandaskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. |
| Hagaskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Málun skólahúss að utan. Hækkuð þil á salernum skólans. |
| Hamraskóli | Frágangi í kjallara viðbyggingar og á lóð lokið. | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. |
| Háteigsskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Málun á tengibyggingu og sal. |
| Hlíðaskóli | Lokið uppgjöri við verktaka. Formleg opnun 27. janúar. | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Endurmáluð loft í sturtuklefum. |
| Hólabrekkuskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Endurnýjaðir lampar í 1. áfanga. Endurmálun ganga og tónmenntastofu. |
| Húsaskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. |
| Hvassaleitisskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. |
| Ingunnarskóli | Uppsteypu lokið og 1. áfanga lóðar. Undirritaður verksamningur um frágang innanhúss. | |
| Klébergsskóli | Breytingar í eldri byggingu og uppgjör við verktaka. | |
| Korpuskóli | Fyrsta skóflustunga 25.ágúst. | |
| Langholtsskóli | Frágangur viðbyggingar. | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Unnið að endursteiningu veggja eystri áfanga hússins, sett bárujárn á þak C-álmu, Endurmálun fjögurra stofa í B-álmu. |
| Laugalækjarskóli | Frágangi við tengibyggingu og suðurhús lokið. Ný lyfta í suðurhúsi tekin í notkun. | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Útihurðir í aðalinngöngum yfirfarnar, endurnýjun frárennslislagna í kjallara 1. áfanga. |
| Laugarnesskóli | Gröftur í húsgrunni og stækkun bílastæða. Fyrsta skóflustunga 14. september. Tilboð í uppsteypu og frágang viðbyggingar opnuð í desember. | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Múrviðgerðir, steining og endurnýjað þakjárn á 1. áfanga, endurnýjaður dúkur í stofum 1, 2 og 21. |
| Melaskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. |
| Réttarholtsskóli | | Unnið að eldvörnum samkv. úttekt eldvarnaeftirlits. Endurn. loftræstikerfi í íþróttarhúsi. |
| Rimaskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Aukin lýsing á lóð. |
| Selásskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. |
| Seljaskóli | Unnið að hönnun viðbyggingar, mötuneytis og breytinga í eldra húsi. | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. Endurmálun aðalanddyris tveggja ganga, miðrýmis o.fl. |
| Vesturbæjarskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. |
| Víkurskóli | Lokið uppgjöri við verktaka og kaupum á búnaði. | |
| Vogaskóli | Alútboð um niðurrif hluta núverandi byggingar og byggingu við þriðja áfanga skólans. Tilboð opnuð í nóvember. Hönnuður: Studio Granda. | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. |
| Ölduselsskóli | | Unnið að eldvörnum samkvæmt úttekt eldvarnaeftirlits. |
| Breytingar á eldhúsum í skólum | Innréttingu eldhúsa í Haga-, Réttarholts-, Breiðagerðis-, Háteigs-, og Rimaskóla lauk. Unnið að kaupum á búnaði fyrir Vesturbæjarskóla. | |
| Færanlegar kennslustofur | Frá: Árbæjar-, Borga-, Húsa-, Hlíða- og Engjaskóla. Stofur voru fluttar að Mela-, Langholts-, Selja-, og Selásskóla og Sæmundarseli. Alls 8 stofur. Sjá töflu 4.14. | |
| Safnliður, verk sem þarf að ljúka við skóla | Unnið við lagfæringar og breytingar í nokkrum skólum t.d. Voga-, Breiðagerðis- og Álftamýrarskóla. | |
| Tölvu-, raf- og símalagnir í eldri skóla | Stærstu verkefnin voru við tölvulagnir í Breiðagerðis-, Selás- og Brúarskóla. Smáverkefni í öðrum skólum. | |

og fluttar að Melaskóla, Langholtsskóla, Seljaskóla, Sæmundarseli og Selásskóla.

Útibú frá Ingunnarskóla í Sæmundarseli fyrir yngri árganga er í færanlegum kennslustofum.

Samkvæmt samningi menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar frá 2. sept. 2003 fór af stað á árinu undirbúningur viðbygginga við framhaldsskóla í Reykjavík, en samkvæmt lögum um framhaldsskóla greiða sveitarfélög 40% byggingakostnaðar framhaldsskóla. Á árinu var ákveðið að setja hönnun og viðbyggingu við Menntaskólann við Hamrahlíð í alútboð og vinna einnig að forsögn vegna viðbygginga við Fjölbrautaskólann við Ármúla og Menntaskólann við Sund.

### Viðhald húsnæðis
Á hverju ári eru unnin umfangsmikil viðhaldsverkefni í flestum grunnskólum borgarinnar. Á árinu voru eldvarnir endurbættar sérstaklega, sjá að öðru leyti töflu 4.15.

### Endurnýjun búnaðar
Fjármagni til búnaðarkaupa er skipt á verkefni og á milli skólanna eftir ákveðnum reglum.

Fjöldi tölva í grunnskólum Reykjavíkur 5 ára og yngri haustið 2004 voru um 2.850 eins og fyrr segir (sjá töflu 4.16 og mynd 4.11). Þar af voru nemendatölvur um 1.280 og voru því um 11,7 nemendur um hverja tölvu. Gerður var á árinu rammasamningur um tölvukaup. Haustið 2004 voru keyptar 124 borðtölvur til grunnskólanna sem komu í stað þeirra véla sem úthlutað var á árinu 1999, sbr. afskriftarreglur sem notaðar hafa verið og miða við að tölvur séu endurnýjaðar á 5 ára fresti. Árið 1999 voru keyptar 300 tölvur og fer því starfhæfum tölvum í skólunum fækkandi.

### Mötuneytiseldhús
Á árinu var komið upp mötuneytiseldhúsum í Hagaskóla, Réttarholtsskóla, Seljaskóla og Vesturbæjarskóla. Mötuneytiseldhús eru hluti af nýjum viðbyggingum við Breiðagerðisskóla, Langholtsskóla og Laugalækjarskóla. Hafin var framreiðsla á bakkamat í Laugarnesskóla en mötuneytiseldhús verður í viðbyggingu sem hönnuð var á árinu. Í Ingunnarskóla, Korpuskóla og Vogaskóla er aðkeyptur matur þar til nýbyggingar fyrir þessa skóla verða teknar í notkun. Aðkeyptur matur er einnig í Safamýrarskóla.

Eftir að ofannefnd eldhús voru tekin í notkun var Ölduselsskóli eini grunnskólinn á vegum Reykjavíkurborgar af 37 skólum þar sem nemendur fengu ekki heitan mat í hádeginu.

Verð á matarskammti í mötuneytum grunnskóla Reykjavíkur er yfirleitt á bilinu 200-250 kr.

Á árinu var gerð úttekt á starfsemi framleiðslueldhúsa í grunnskólum Reykjavíkur og var markmið hennar að meta stöðu í starfsemi skólamötuneyta með það að leiðarljósi að tryggja gæði, öryggi og hagkvæmni í rekstri og við innkaup. Þar kom m.a. fram að í þeim 23 skólum sem skoðaðir voru er einhverju ábótavant varðandi innra eftirlit og hollustuhætti. Á grunni skýrslunnar var farið í lagfæringar á eldhúsunum.

Fræðsluráð styrkti útgáfu handbókar fyrir skólamötuneyti sem útgefin var af Lýðheilsustöð. Handbókin er ætluð þeim sem útbúa mat fyrir börn í grunnskóla eða hafa áhrif á hvaða matur er þar í boði. Í handbókinni er að finna upplýsingar um hollustu og samsetningu fæðu, tillögur að matseðlum, skammtastærðir, uppskriftir ásamt upplýsingum um framreiðslu, hreinlæti og þrif.



Mynd 4.11
**Fjöldi nemenda að meðaltali um hverja tölvu í grunnskólum Reykjavíkur 1997-2004**



Tafla 4.16

## Yfirlit yfir fjölda tölva í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2004[1)]

| Skóli | Starfsfólk | | | | Nemendur | | | | Heildar-fjöldi tölva | Fjöldi nemenda 1. okt. 2004 | Fjöldi nemenda um hverja tölvu 2004 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Mac tölvur | PC borð-tölvur | PC-fistölvur | Alls tölvur fyrir starfsfólk | Mac tölvur | PC borð-tölvur | PC-fistölvur | Alls nemenda-tölvur | | | |
| Austurbæjarskóli | 0 | 51 | 5 | 56 | 1 | 44 | 0 | 45 | 101 | 583 | 13,0 |
| Álftamýrarskóli | 0 | 34 | 4 | 38 | 0 | 23 | 0 | 23 | 61 | 352 | 15,3 |
| Árbæjarskóli | 1 | 73 | 5 | 79 | 0 | 60 | 10 | 70 | 149 | 815 | 11,6 |
| Ártúnsskóli | 1 | 22 | 3 | 26 | 0 | 44 | 2 | 46 | 72 | 192 | 4,2 |
| Borgaskóli | 0 | 23 | 0 | 23 | 0 | 27 | 0 | 27 | 50 | 411 | 15,2 |
| Breiðagerðisskóli | 0 | 20 | 3 | 23 | 0 | 38 | 0 | 38 | 61 | 382 | 10,1 |
| Breiðholtsskóli | 0 | 6 | 51 | 57 | 0 | 41 | 0 | 41 | 98 | 568 | 13,9 |
| Engjaskóli | 0 | 30 | 21 | 51 | 0 | 30 | 24 | 54 | 105 | 368 | 6,8 |
| Fellaskóli | 0 | 47 | 4 | 51 | 0 | 36 | 0 | 36 | 87 | 454 | 12,6 |
| Foldaskóli | 0 | 57 | 4 | 61 | 0 | 39 | 0 | 39 | 100 | 558 | 14,3 |
| Fossvogsskóli | 0 | 33 | 4 | 37 | 0 | 20 | 0 | 20 | 57 | 346 | 17,3 |
| Grandaskóli | 0 | 40 | 3 | 43 | 0 | 40 | 0 | 40 | 83 | 349 | 8,7 |
| Hagaskóli | 0 | 31 | 28 | 59 | 0 | 39 | 0 | 39 | 98 | 551 | 14,1 |
| Hamraskóli | 0 | 36 | 4 | 40 | 2 | 36 | 0 | 38 | 78 | 343 | 9,0 |
| Háteigsskóli | 0 | 11 | 28 | 39 | 0 | 23 | 10 | 33 | 72 | 380 | 11,5 |
| Hlíðaskóli | 0 | 53 | 6 | 59 | 0 | 36 | 15 | 51 | 110 | 614 | 12,0 |
| Hólabrekkuskóli | 0 | 10 | 51 | 61 | 0 | 32 | 1 | 33 | 94 | 563 | 17,1 |
| Húsaskóli | 0 | 42 | 13 | 55 | 0 | 18 | 22 | 40 | 95 | 406 | 10,2 |
| Hvassaleitisskóli | 1 | 33 | 2 | 39 | 0 | 17 | 0 | 17 | 53 | 276 | 16,2 |
| Ingunnarskóli/ Sæmundarsel | 0 | 5 | 35 | 40 | 0 | 12 | 38 | 50 | 90 | 347 | 6,9 |
| Klébergsskóli | 0 | 14 | 0 | 14 | 0 | 15 | 0 | 15 | 29 | 170 | 11,3 |
| Korpuskóli | 0 | 15 | 7 | 22 | 0 | 0 | 15 | 15 | 37 | 199 | 13,3 |
| Langholtsskóli | 1 | 48 | 4 | 53 | 0 | 37 | 6 | 43 | 98 | 577 | 13,4 |
| Laugalækjarskóli | 0 | 31 | 3 | 34 | 3 | 0 | 38 | 41 | 75 | 288 | 7,0 |
| Laugarnesskóli | 0 | 38 | 38 | 76 | 0 | 29 | 0 | 29 | 105 | 445 | 15,3 |
| Melaskóli | 0 | 34 | 4 | 38 | 0 | 40 | 13 | 53 | 91 | 584 | 11,0 |
| Réttarholtsskóli | 0 | 25 | 6 | 31 | 0 | 26 | 15 | 41 | 72 | 330 | 8,0 |
| Rimaskóli | 0 | 39 | 11 | 50 | 0 | 47 | 0 | 47 | 97 | 786 | 16,7 |
| Selásskóli | 0 | 33 | 4 | 37 | 0 | 34 | 0 | 34 | 71 | 363 | 10,7 |
| Seljaskóli | 0 | 46 | 4 | 50 | 0 | 34 | 0 | 34 | 84 | 701 | 20,6 |
| Vesturbæjarskóli | 0 | 27 | 4 | 31 | 0 | 10 | 0 | 10 | 41 | 306 | 30,6 |
| Víkurskóli | 0 | 38 | 7 | 45 | 0 | 17 | 43 | 60 | 105 | 242 | 4,0 |
| Vogaskóli | 0 | 37 | 0 | 37 | 0 | 23 | 0 | 23 | 60 | 398 | 17,3 |
| Ölduselsskóli | 0 | 48 | 1 | 49 | 0 | 40 | 1 | 41 | 90 | 597 | 16,6 |
| **Samtals** | **4** | **1.130** | **367** | **1.501** | **6** | **1.007** | **253** | **1.266** | **2.769** | **14.844** | **11,7** |
| Brúarskóli | 0 | 22 | 2 | 24 | 0 | 6 | 0 | 6 | 30 | 34 | 5,7 |
| Öskjuhlíðarskóli | 1 | 31 | 1 | 33 | 0 | 4 | 0 | 4 | 37 | 100 | 25,0 |
| Safamýrarskóli | 0 | 6 | 0 | 6 | 0 | 3 | 0 | 3 | 9 | 18 | 6,0 |
| **Samtals** | **1** | **59** | **3** | **63** | **0** | **13** | **0** | **13** | **76** | **152** | **11,7** |
| **Samtals almennir skólar og sérskólar** | **5** | **1.189** | **370** | **1.564** | **6** | **1.020** | **253** | **1.279** | **2.845** | **14.996** | **11,7** |

1) Tölvur frá árinu 1999 og eldri hafa verið afskrifaðar og eru því ekki taldar með í þessu yfirliti.

# 5 Listaskólar og fullorðinsfræðsla



Á vegum Reykjavíkurborgar voru á árinu starfræktar fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóli, auk þess sem 20 einkareknir tónlistarskólar fengu reglubundin fjárframlög sem og einn myndlistarskóli. Reykjavíkurborg rekur Námsflokka Reykjavíkur.

## Skólahljómsveitir

Skólahljómsveitirnar starfa í Grafarvogi, Árbæ-Breiðholti, Austurbæ og Vesturbæ-Miðbæ. Í starfi þeirra er haft að leiðarljósi að auka víðsýni og þroska þátttakenda, rækta listræna hæfileika þeirra og efla sköpunargáfu. Hlutverk skólahljómsveitanna er að stuðla að aukinni tónlistariðkun, auka félagslegan þroska ungmenna með hljómsveitarstarfi og hljóðfæraleik, styðja við tónlistaruppeldi grunnskólanemenda og jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms.

Starfsemin skiptist í kennslu á hljóðfæri í einka- eða hóptímum, samæfingar einu sinni til tvisvar í viku og kennslu í tónfræði. Betur gengur með hverju árinu sem líður að aðlaga þátttöku í sveitunum öðru námi nemenda m.a. með því að nemendur fóru úr tímum yfir skóladaginn í grunnskólanum til að fara í hljóðfæratíma samkvæmt hlaupandi stundaskrá ef foreldrar og skólastjórnendur samþykktu að sá háttur væri hafður á. Annars fer kennsla fram að loknum skóladegi.

Nemendur í skólahljómsveitunum fjórum í Reykjavík voru haustið 2004 um 440 og skiptust þeir nokkuð jafnt á sveitirnar og komu úr nær öllum almennum skólum borgarinnar (tafla 5.1). Starfsmenn voru 39 í 19 stöðugildum. Nýr stjórnandi var á árinu ráðinn að Skólahljómsveit Austurbæjar, Vilborg Jónsdóttir (tafla 5.2).

Skólahljómsveitirnar voru kynntar með bæklingi í 2.-4. bekk í þriðja sinn vorið 2004 í öllum grunnskólum sem kenna börnum á yngsta stigi. Samræmt umsóknareyðublað var notað fyrir allar sveitirnar. Hljóðfærakynningar voru haldnar í maí.

Tafla 5.2
**Skólahljómsveitir í Reykjavík haustið 2004**

| Skólahljómsveit | Stjórnandi/stjórnendur | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|
| Austurbæjar | Vilborg Jónsdóttir | 105 |
| Árbæjar og Breiðholts | Knútur Birgisson og Lilja Valdimarsdóttir | 97 |
| Grafarvogs | Jón Hjaltason | 121 |
| Vesturbæjar og Miðbæjar | Lárus H. Grímsson | 116 |
| **Samtals** | | **439** |

Á starfsárinu komu skólahljómsveitirnar í Reykjavík fram við fjölmörg tækifæri sem flest tengdust þeirra borgarhluta, meðal annars á vor- og hausthátíðum grunnskólanna, vortónleikum skólahljómsveitanna, jólaskemmtunum grunnskólanna og

Tafla 5.1
**Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum eftir skólum haustið 2004**

| Skólahlj. Vesturbæjar og Miðbæjar | Fjöldi |
|---|---|
| Austurbæjarskóli | 24 |
| Breiðagerðisskóli | 2 |
| Grandaskóli | 14 |
| Hagaskóli | 9 |
| Háteigsskóli | 1 |
| Hlíðaskóli | 2 |
| Landakotsskóli | 1 |
| Melaskóli | 39 |
| Vesturbæjarskóli | 20 |
| Annað | 4 |
| Samtals | 116 |
| **Skólahljómsveit Grafarvogs** | **Fjöldi** |
| Borgaskóli | 5 |
| Engjaskóli | 8 |
| Foldaskóli | 36 |
| Hamraskóli | 9 |
| Húsaskóli | 21 |
| Ingunnarskóli | 3 |
| Korpuskóli | 10 |
| Rimaskóli | 20 |
| Víkurskóli | 4 |
| Annað | 5 |
| Samtals | 121 |
| **Skólahljómsveit Austurbæjar** | **Fjöldi** |
| Álftamýrarskóli | 2 |
| Breiðagerðisskóli | 34 |
| Engjaskóli | 2 |
| Fossvogsskóli | 5 |
| Háteigsskóli | 7 |
| Hlíðaskóli | 1 |
| Hvassaleitisskóli | 4 |
| Landakotsskóli | 1 |
| Langholtsskóli | 9 |
| Laugalækjarskóli | 9 |
| Laugarnesskóli | 20 |
| Réttarholtsskóli | 6 |
| Vogaskóli | 3 |
| Annað | 2 |
| Samtals | 105 |
| **Skólahlj. Árbæjar og Breiðholts** | **Fjöldi** |
| Árbæjarskóli | 14 |
| Ártúnsskóli | 2 |
| Breiðholtsskóli | 37 |
| Fellaskóli | 11 |
| Fossvogsskóli | 1 |
| Hólabrekkuskóli | 3 |
| Langholtsskóli | 2 |
| Selásskóli | 7 |
| Seljaskóli | 9 |
| Ölduselsskóli | 9 |
| Annað | 2 |
| **Samtals** | 97 |
| **Heildarfjöldi í skólahljómsveitum:** | **439** |

Mynd 5.1

**Fjárframlög borgarinnar til tónlistarskóla í Reykjavík 2004**




jólatónleikum skólahljómsveitanna. Einnig komu þær fram við ýmis önnur tækifæri á vegum Reykjavíkurborgar. Þar fyrir utan tóku allar sveitirnar þátt í *Degi lúðrasveita* 4. júní sem haldinn var í Hafnarfirði og landsmóti skólalúðrasveita sem var haldið í Grafarvogi í nóvember.

Úrvalssveit úr öllum sveitunum fjórum var stofnuð á árinu og kom hún saman í febrúar og lék við undirritun samstarfssamnings Fræðslumiðstöðvar og Listahátíðar sem fram fór í anddyri Borgarleikhússins.

Landsmót skólalúðrasveita var haldið í Grafarvogi í Reykjavík, helgina 5.-7. nóvember 2004. Skólahljómsveit Grafarvogs annaðist skipulag og framkvæmd mótsins með aðstoð foreldrafélags sveitarinnar. Alls sóttu 15 sveitir mótið, þar með taldar allar fjórar sveitirnar í Reykjavík, og voru þátttakendur um 760, þar af 80 byrjendur sem tóku aðeins þátt í upphafsatriði mótsins. Hljóðfæraleikarar gistu og snæddu í Foldaskóla og Rimaskóla, en æfingar og dagskrá mótsins fór fram í Íþróttahúsi Grafarvogs. Þá spiluðu nokkrar skólahljómsveitir í Ráðhúsi Reykjavíkur, í Mjódd og á Eiðistorgi.

Haustið 2004 var árgjald í skólahljómsveit 14.000 kr. og gjald fyrir leigu á hljóðfæri 5.000 kr. Nýtt samningseyðublað um hljóðfæraleigu var notað fyrir allar sveitirnar.

## Tónlistar- og myndlistarskólar

Reykjavíkurborg rak sem fyrr einn tónlistarskóla, Tónlistarskólann á Klébergi á Kjalarnesi. Alls hlutu 20 tónlistarskólar reknir af einkaaðilum föst rekstrarframlög frá Reykjavíkurborg á árinu 2004 og fjölgaði þeim um tvo frá fyrra ári. Fjárframlögin til tónlistarskólanna námu um 515 millj. kr. á árinu 2004, allt frá tæpum þremur millj. kr. á hvern skóla upp í 96 millj. kr. (mynd 5.1 og tafla 5.3). Nemendur í þessum tónlistarskólum voru 2.862 og nutu þar af um 2.500 nemendur styrkja frá Reykjavíkurborg. Tónlistarskólarnir eru fjölbreytilegir og eru þeir fámennustu með



Tafla 5.3

**Tónlistarskólar, nemendafjöldi, aldursskipting og fjárframlög 2004**

| Tónlistarskóli | Greiðslur frá Reykjavíkurborg árið 2004 | Heildarfjöldi nemenda haustið 2004 [1) 2)] | | Fjöldi nemenda eftir stigi | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Heildargreiðsla í kr. | 1) | 2) | Fornám | Grunn-nám | Miðnám | Framhalds-nám | Háskóla-nám |
| Allegro suzukitónlistarskólinn | 9.053.604 | 76 | 55 | | 59 | 17 | | |
| Domus Vox | 7.180.700 | 86 | 53 | 60 | 17 | 9 | | |
| Tónskólinn Do Re Mi | 17.315.205 | 144 | 104 | 42 | 79 | 23 | | |
| Tónlistarskóli FÍH | 40.919.824 | 213 | 179 | | 120 | 65 | 28 | |
| Gítarskóli Íslands | 6.143.881 | 165 | 62 | 27 | 109 | 16 | 13 | |
| Nýi Tónlistarskólinn | 41.414.004 | 169 | 164 | | 121 | 31 | 17 | |
| Píanóskóli Þorsteins Gauta | 2.976.000 | 63 | 50 | | 51 | 11 | 1 | |
| Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík | 24.017.588 | 141 | 132 | | 126 | 15 | | |
| Nýi Söngskólinn Hjartansmál | 17.861.078 | 84 | 68 | | 46 | 23 | 11 | 4 |
| Söngskólinn í Reykjavík | 50.765.247 | 142 | 126 | | 56 | 29 | 30 | 27 |
| Tónlistarskóli Árbæjar | 12.275.632 | 94 | 83 | | 92 | 2 | | |
| Tónskóli Eddu Borg | 21.851.468 | 173 | 151 | 28 | 139 | 6 | | |
| Tónlistarskólinn í Grafarvogi | 28.421.391 | 190 | 163 | 40 | 100 | 39 | 11 | |
| Tónlistarskóli Landakotsskóla | 2.786.333 | 54 | 50 | 3 | 51 | | | |
| Tónlistarskólinn í Reykjavík | 62.726.716 | 217 | 154 | | 87 | 56 | 58 | 16 |
| Tónmenntaskóli Reykjavíkur | 42.575.718 | 235 | 228 | | 206 | 26 | 3 | |
| Tónskóli grunnskólanna í Grafarvogi | 7.130.748 | 67 | 53 | 21 | 44 | 2 | | |
| Tónskóli Hörpunnar | 8.308.540 | 126 | 58 | 9 | 113 | 4 | | |
| Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar | 96.908.994 | 572 | 525 | 86 | 360 | 84 | 31 | 11 |
| Tónstofa Valgerðar | 6.259.404 | 56 | 49 | 20 | 36 | | | |
| Tónlistarskóli Kjalarness | 5.798.247 | 72 | 72 | 39 | 31 | 2 | | |
| **Samtals:** | **512.690.322** | **3.139** | **2.579** | **375** | **2.043** | **460** | **203** | **58** |

1) Heildarfjöldi nemenda í tónlistarskólanum, nemendur úr Reykjavík eru rúm 93% nemendafjöldans.
2) Fjöldi nemenda sem njóta styrks frá Reykjavíkurborg samkvæmt þjónustusamningi.



um það bil 50 nemendur en um 520 nemendur eru í þeim fjölmennasta (tafla 5.3). Flestir nemendur stunda grunn- og miðnám í tónlistarskólunum. Tónlistarskólarnir sem eru með þjónustusamninga við Reykjavíkurborg starfa eftir Aðalnámskrá tónlistarskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu.

Á árinu samþykkti fræðsluráð reglur um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla. Þar er fjallað um skilgreiningar á tónlistarskóla, félagsform þeirra, grundvöll þjónustusamninga, kennslu og skilgreiningu nemendaígildis, menntun skólastjórnenda, samræmda skráningu og fleira.

Vefurinn Rafræn Reykjavík var tekin í notkun á árinu. Vefnum er ætlað að vera öflug þjónustuveita íbúa þar sem hægt verður að senda inn umsóknir, erindi og eiga samskipti við Reykjavíkurborg á hvaða tíma sólarhringsins sem er. Í fyrstu verður einungis hægt að afgreiða umsóknir og erindi við tónlistarskólana í Reykjavík en meiri og fjölbreyttari þjónusta mun bætast við smátt og smátt m.a. innritun í frístundaheimili og grunnskóla. Með rafrænni innritun í tónlistarskóla er m.a. hægt að fylgjast nákvæmar með fjölda nemenda, dreifingu milli skóla, aldri og kyni og skiptingu milli námsstiga.

Fræðsluráð styrkti Myndlistarskólann í Reykjavík um 10,4 milljónir kr. á árinu.

## Námsflokkar Reykjavíkur

Námsflokkar Reykjavíkur sinna símenntun fullorðinna. Með rekstri þeirra vill borgin stuðla að því annars vegar að fólk sem ekki hefur lokið grunnnámi geti tekið upp þráðinn aftur og sest á skólabekk og hins vegar að borgarbúar eigi kost á ýmiss konar tómstundanámi og símenntun í hverfum borgarinnar. Hluti af námi á vegum Námsflokkanna er kennsla í íslensku fyrir þá sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Á fundi fræðsluráðs 8. júní 2004 var samþykkt að skipa starfshóp um endurskoðun á starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skilaði hópurinn niðurstöðum sínum í byrjun árs 2005. Meðal þess sem starfshópurinn lagði til var að verulega yrði dregið úr beinum umsvifum Námsflokka Reykjavíkur en samstarf við ýmsa aðila eflt. Áfram yrði stutt við fullorðna einstaklinga sem af félagslegum eða öðrum ástæðum hafa flosnað upp úr námi og þurfa að fá annað tækifæri til náms.

Meginhersla Námsflokkanna verði því að setja fram félagslega menntastefnu



sem hefur það að markmiði að finna eða þróa leiðir til að skapa fullorðnu fólki við tilteknar aðstæður forsendur til að stunda nám og leitast við að ryðja úr vegi hindrunum fyrir því að stunda nám í hinu almenna skólakerfi.

Tafla 5.4
**Skipting nemenda í Námsflokkum Reykjavíkur eftir námssviðum árið 2004**

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Frístundanám | 409 | 17% |
| Íslenska fyrir útlendinga | 1.214 | 51% |
| Prófanám | 486 | 20% |
| Samstarfsverkefni | 294 | 12% |
| **Samtals** | **2.403** | **100%** |

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar gerði stjórnsýsluúttekt á Námsflokkunum á árinu.

## Nemendur og starfsmenn

Alls sóttu um 2.400 manns nám í Námsflokkunum árið 2004, flestir íslenskukennslu en næst flestir komu inn í gegnum samstarfsverkefni (tafla 5.4). Samstarfsverkefni eru verkefni af félagslegum toga og snúa að þjónustu við atvinnulausa og þá sem lent hafa í félagslegum erfiðleikum. Þessi verkefni eru oftast í samstarfi við félagsþjónustuna í Reykjavík og ýmis stéttarfélög. Auk forstöðumanns voru þrír fastráðnir starfsmenn á skrifstofu Námsflokkanna. Alls kenndu um 10 kennarar reglubundið við Námsflokkana en auk þess tók fjöldi sérfræðinga að sér tímabundna kennslu. Námsflokkarnir voru á árinu með meginstarfsemi sína í Miðbæjarskóla og Mjódd.

# 6 Verðlaun og styrkir



Tafla 6.1
**Hvatningarverðlaun fræðsluráðs árið 2004**

| Skóli | Verkefni | Markmið verkefnis |
|---|---|---|
| Borgaskóli | Í átt að einstaklings-miðuðu námi í 4. bekk | - Að gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu.<br>- Að nemendur læri að setja sér raunhæf markmið.<br>- Að nemendur læri að meta eigin vinnu og frammistöðu.<br>- Að koma til móts við námsfærni hvers einstaklings.<br>- Að nemendur þrói með sér jákvætt viðhorf til skólans. |
| Fossvogsskóli | ÓMÓ-vefurinn. Upplýsinga-tækni í þágu tónmenntar | Á síðunni er að finna:<br>- yfir eitt þúsund sönglagatexta með undirspili,<br>- krakkasíðu með leikjum og söngleikjum,<br>- hljóðskrár sem gera notendum kleift að hlusta á lögin við leikina. |
| Háteigsskóli | Valsvæði og einstaklingsmið að nám á miðstigi | - Kennarar árgangsins vinni saman.<br>- Bekkirnir blandist.<br>- Nemendur vinni saman í hópum á valsvæðum sem eru um 9 talsins. |
| Hólabrekkuskóli | Skipulagðar foreldraheim-sóknir í 1.-7. bekk | - Foreldrar eru hvattir til að koma í heimsókn í skólann og fylgjast með kennslu.<br>- Skipulagið er með þeim hætti að í hverjum árgangi er valinn ákveðinn þáttur skólastarfsins. Foreldrar sjá því nýja hlið á skólastarfinu á hverju ári. |
| Laugarnesskóli | Perluvina-félagið | - Að efla samkennd nemenda og jákvæð viðhorf í garð annarra.<br>- Samþætting lífsleikni við ákveðin svið í íslenskunámi s.s. orðaforða, ritun og tjáningu.<br>- Stofnað í byrjun 1. bekkjar og allir nem. bekkjarins eru félagar í því. |
| Melaskóli | Tölvustudd hönnun og framleiðsla | - Nemendur læri ákveðið hönnunarferli frá hugmynd til framleiðslu.<br>- Nemendur læri að nýta sér CAD-teikniforrit.<br>- Nemendur læri að stýra útskurðarvél.<br>- Nemendur kynnist tölvustuddri framleiðslu og fjölframleiðsluhugtakinu. |
| Réttarholtsskóli | Dagskrá | - Fastur liður í sameiginlegum tíma 10. bekkinga.<br>- Lífið og tilveran, þjóðfélagið og þegnarnir.<br>- Félagslíf og félög í hverfinu eru kynnt.<br>- Atvinnulífið, réttindi og skyldur launþega, fjármál og sparnaður.<br>- Umferðin, ökuprófið og ábyrgðin. |
| Ölduselsskóli | Fatlaðir nemendur í almennum bekk | - Skóli án aðgreiningar með því að búa sem best að fötluðum nemendum og laga námið að þroska þeirra og getu.<br>- Kennarar og þroskaþjálfar vinna saman að fræðslu þeirra og umönnun.<br>- Nemendur fylgja stundatöflu bekkarins og taka þátt í verkefnum eftir getu. |

Vinnureglur um úthlutun styrkja frá fræðsluráði Reykjavíkur voru endurskoðaðar á árinu.

## Hvatningarverðlaun

Hvatningarverðlaun fræðsluráðs fyrir þróunar- og nýbreytniverkefni voru veitt í annað sinn 6. mars að Kjarvalsstöðum. Alls hlutu 8 verkefni viðurkenningu að þessu sinni, en 71 tilnefning barst dómnefnd. Markmið verðlaunanna er að veita skólum jákvæða hvatningu í starfi, vekja athygli á gróskumiklu starfi í grunnskólum Reykjavíkur og stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi í skólunum (tafla 6.1).

## Nemendaverðlaun

Á árinu voru nemendaverðlaun fræðsluráðs veitt í annað sinn þann 17. júní. Alls bárust að þessu sinni tilnefningar frá 16 grunnskólum í Reykjavík um 20 nemendur sem skarað höfðu fram úr í námi, félagsfærni, virkni í félagsstarfi eða sýnt frábæra frammistöðu.

## Barnabókaverðlaun

Barnabókarverðlaun fræðsluráðs voru afhent í 32. sinn í Höfða á síðasta vetrardag, hinn 21. apríl. Að þessu sinni hlutu þau Embla Ýr Bárudóttir og Ingólfur Örn Björgvinsson Barnabókaverðlaunin fyrir bestu frumsömdu barnabókina *Blóðregn* sem Mál og menning gaf út. Verðlaun fyrir bestu þýðingu barnabókar hlaut Þórarinn Eldjárn fyrir þýðingu bókarinnar *Greppikló* eftir Axel Scheffler í útgáfu Máls og menningar.

## Umgengnisverðlaun

Umgengnisverðlaun fræðsluráðs fyrir skólaárið 2003-2004 komu í hlut Borgarskóla og Selásskóla fyrir sérstaklega gott framtak í umgengni og fékk hvor skóli kr. 300.000.-. Í áliti dómnefndar sagði m.a. að á undanförnum árum hafi þessir skólar „staðið einna fremstir er varðar almenna góða umgengni og er það mat nefndarinnar að þeir hafi verið sérlega til fyrirmyndar fyrir aðra skóla". Viðurkenningu fyrir mikla framför í umgengni hlutu Seljaskóli, Árbæjarskóli og Fossvogsskóli, að upphæð kr. 200.000 hver skóli.

## Almennir styrkir

Alls úthlutaði fræðsluráð um 35,4 millj. kr. í styrki á árinu. Þar af voru almennir styrkir fræðsluráðs um 19 millj. kr. vegna 16 verkefna sem ætluð eru til að efla skólastarf á fjölmörgum sviðum, s.s. stærðfræðikeppni, listsköpun og forvarnarstarf, auk rekstrarstyrks til Myndlistarskólans í Reykjavík og þjónustusamninga við SAMFOK og Íþróttafélag fatlaðra (tafla 6.2).

Afhending styrkja fræðsluráðs fór fram í Höfða 9. mars.

## Styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur

Styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur voru að upphæð samtals 19,6 millj. kr. og voru veittir til 33 verkefna, þar af til 7 móðurskóla. Fræðsluráð veitti sérstaka styrki úr Þróunarsjóði vegna verkefna fyrir bráðger börn. Alls bárust 7 umsóknir og hlutu fjórir aðilar styrki (tafla 6.3).





Tafla 6.2
**Almennir styrkir 2004**

| Styrkhafi | Verkefni | Fjárhæð |
|---|---|---|
| Alþjóðleg samtök, ASSITEJ, barna/unglingaleikhúsa á Íslandi | Heimsókn áströlsku listakonunnar Tamöru Kirby í grunnskóla Reykjavíkur. Hún mun með aðstoð nemenda í þremur grunnskólum í Reykjavík búa til risaskúlptúr. | 500.000 |
| Fjölbrautaskólinn Breiðholti | Sjötta stærðfræðikeppni grunnskólanna í Breiðholti sem fram fer í mars. | 200.000 |
| Hlíðaskóli | Heimildarmynd um íslenska skólamódelið fyrir heyrnarlausa. | 350.000 |
| Hlíðaskóli Táknmálssvið | Athugun á bestu mögulegu aðstæðum fyrir daufblinda nemendur. | 150.000 |
| Kennaraháskóli Íslands | Til samningar og útgáfu ritverksins *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007* ritverk í tveimur bindum alls um 700 bls. Úthlutun til þriggja ára, 600 þús. á ári. | 600.000 |
| Krabbameinsfélag Reykjavíkur | Til áframhaldandi fræðslu- og forvarnastarfs Krabbameinsfélagsins í grunnskólum Reykjavíkur. | 500.000 |
| Landssamband Slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna | Heimsókn í 3. bekk grunnskóla þar sem slökkviliðsmenn fræða börnin um eldhættu, eldvarnir og eldvarnarbúnað með áherslu á heimili og skóla. Árlegur viðburður. | 450.000 |
| Myndlistarskólinn í Reykjavík | Rekstur skólans. Þjónustusamningur gerður til þriggja ára. | 1.000.000 |
| Einhverfufræðslan - Sigrún Birgisdóttir | Vegna námsstefnunnar *Einhverfa, leikur, félagsfærni* sem haldin verður í apríl 2004 fyrir foreldra, börn og fagfólk. | 100.000 |
| Tónlistarskólinn í Landakoti | Rekstur nýs tónlistarskóla í samráði við Landakotsskóla. | 2.000.000 |
| Vísindavefurinn | Þjónusta Vísindavefsins við grunnskólanemendur. Vísindavefurinn er alfræðirit sem svarar fyrirspurnum um hvaðeina sem varðar vísindi. | 200.000 |
| Heimili og skóli | Endurnýjun bæklingsins „Korter á dag“ sem stuðlar að aukinni lestrarfærni barna. Markmiðið er að fá foreldra til að setjast niður með börnum sínum og lesa. | 300.000 |
| Foreldrafélag Árbæjarskóla | Fræðsla stúlkna í 5. og 6. bekk grunnskóla og mæðra þeirra um kynþroskaskeiðið. | 90.000 |
| Íþróttafélag fatlaðra | Þjónustusamningur í gildi út árið 2004. | 623.295 |
| SAMFOK | Þjónustusamningur í gildi út árið 2004. | 2.316.796 |
| Sérstök verkefni | Kostnaður vegna afmæla skóla, skákmóta, hvatningarverðlauna o.fl. | 650.000 |
| **Samtals** | | **19.030.091** |

Tafla 6.3

**Styrkveitingar úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur 2004**

| Skóli | Verkefni | Fjárhæð |
|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | Árangursrík íslenskukennsla í unglingadeild grunnskóla | 250.000 |
| Austurbæjarskóli | Móðurskóli í fjölmenningarlegum kennsluháttum - 3. ár | 900.000 |
| Álftamýrarskóli | Hönnun og smíði | 250.000 |
| Ártúnsskóli | Lífsleikni - leið til lausnar | 250.000 |
| Ártúnsskóli | Skólafélag yngstu nemenda - nemendalýðræði | 220.000 |
| Borgaskóli | Í átt að einstaklingsmiðaðri kennslu og námi í 4. bekk | 300.000 |
| Breiðagerðisskóli | Móðurskóli í þróun kennsluhátta - 3. ár | 900.000 |
| Fellaskóli | Stuðningur við jákvæða hegðun (PBS) | 450.000 |
| Fellaskóli | Þróunarverkefni í list- og verkgreinum | 300.000 |
| Hamraskóli | Móðurskóli: Að brúa bilið - 2. ár | 900.000 |
| Háteigsskóli | Móðurskóli í leikrænni tjáningu | 900.000 |
| Hlíðaskóli | Móðurskóli í list- og verkgreinum - 2. ár | 900.000 |
| Hólabrekkuskóli | Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir | 300.000 |
| Hólabrekkuskóli | Bráðger börn í hugkvæmni og handverki | 380.000 |
| Húsaskóli | Nemendalýðræði - lífsleikni - mannréttindafræðsla | 300.000 |
| Hvassaleitisskóli | Leikni | 150.000 |
| Ingunnarskóli | Positive Behaviour Support (PBS) - stuðningur við jákvæða hegðun í skóla - 1. ár | 200.000 |
| Ingunnarskóli | Þemavinna - Mat - Verkefnaval. Þróun breyttra kennsluhátta í listgreinakennslu | 350.000 |
| Korpuskóli | Samþætting myndlistar við aðrar greinar | 300.000 |
| Korpuskóli | Móðurskóli í þróun kennsluhátta - 3. ár | 900.000 |
| Laugarnesskóli | Laugarnesskóli - skógarskóli | 300.000 |
| Melaskóli | Stærðfræði fyrir alla | 250.000 |
| Nema | Með á nótunum á NemaNeti | 750.000 |
| Réttarholtsskóli | Þjónustunám | 250.000 |
| Selásskóli | Listasagan mín | 350.000 |
| Seljaskóli | Heilsuvakning í 10. bekk - með áherslu á hollar matarvenjur og reglubundna hreyfingu | 300.000 |
| Stefmennt | Tónmenntavefurinn | 500.000 |
| Vogaskóli | Einstaklingsmiðað nám - á grunni kenninga um „Professional learning community“ (PLC) eða „skóla sem lærir“ - 2. ár | 300.000 |
| Vogaskóli | Móðurskóli í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðslu - 1. ár | 900.000 |
| Ýmsir skólar | Olweus | 5.000.000 |
| Ölduselsskóli | Kennsluvefur í heimspeki fyrir grunnskólanemendur | 600.000 |
| Ölduselsskóli | Sterkir námsmenn | 550.000 |
| Öskjuhlíðarskóli | Lífsleikni á listrænum nótum. (Samstarfsverkefni Öskjuhlíðar- og Háteigsskóla) | 150.000 |
| **Samtals** | | **19.600.000** |



## Styrkir frá öðrum aðilum

Á árinu lagði Reykjavíkurborg 1,72% af dagvinnulaunum kennara í Verkefna- og námsstyrkjasjóð Kennarasambands Íslands í samræmi við kjarasamninga. Sjóðurinn úthlutar annars vegar styrkjum til þróunarverkefna og hins vegar til símenntunar kennara. Á árinu 2004 úthlutaði sjóðurinn til 15 þróunarverkefna að upphæð 6,3 millj. kr. og komu 5 styrkir í hlut skóla eða kennara í Reykjavík að upphæð um 1,7 millj. kr. eða 27% af heildarupphæðinni (tafla 6.5). Í kafla 3 er sagt frá styrkveitingum vegna framhaldsnáms og símenntunar kennara.

Alls hluti 7 skólar í Reykjavík styrki úr Þróunarsjóði grunnskóla í menntamálaráðuneytinu til 8 verkefna (tafla 6.4).





Tafla 6.4

**Styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla í menntamálaráðuneytinu sem komu í hlut skóla/kennara í Reykjavík skólaárið 2004-2005**

| Styrkþegi | Heiti | Úthlutun |
|---|---|---|
| **Læsi til menntunar** | | |
| Melaskóli | Að lesa, læra og hlusta | 200.000 |
| Seljaskóli | Læsi, ritun - fyrstu skrefin | 500.000 |
| **Fjölbreytt námsmat** | | |
| Ingunnarskóli | Heildtækt og greinandi námsmat í Ingunnarskóla | 500.000 |
| Laugalækjarskóli | Námsmat í ensku fyrir byrjendur í 5. bekk | 300.000 |
| Melaskóli | Breyttar áherslur í stærðfræðikennslu og mati á stærðfræðinámi | 300.000 |
| **Almenn þróunarverkefni** | | |
| Langholtsskóli | Skýjum ofar - útivist og unglingar | 300.000 |
| Fellaskóli | Stuðningur við jákvæða hegðun í skóla | 200.000 |
| Vesturbæjarskóli | Vildarvog Vesturbæjarskóla | 250.000 |
| **Samtals** | | **2.550.000** |

Tafla 6.5

**Styrkir til kennara í grunnskólum Reykjavíkur úr *Verkefna- og námsstyrkjasjóði KÍ* til rannsókna og þróunarverkefna 2004**

| Styrkþegar | | Fjárhæð |
|---|---|---|
| Kennari í Austurbæjarskóla | Árangursrík íslenskukennsla í getublönduðum unglingahópi | 650.000 |
| Kennarar Breiðholtsskóla | Skilgreind skráning. Leið til skilvirkari greiningar | 387.500 |
| Kennarar Hagaskóla | Lifandi frásagnir í skólum | 200.000 |
| Kennarar Vesturbæjarskóla | Allir í sama liði, kennari, foreldrar og nemandi | 300.000 |
| Kennarar Laugalækjarskóla | Lífræna | 160.000 |
| **Samtals** | | **1.697.500** |

# 7 Ársreikningur fræðslumála í Reykjavík 2004



Rekstrarniðurstaða málaflokksins var um 10,5 milljarðar kr., en fjárhagsáætlun hljóðaði upp á tæpa 10,8 milljarða kr. Í þeirri fjárhagsáætlun var eftir að gera ráð fyrir hækkun vegna kjarasamninga og lækkun vegna verkfalls kennara. Að þeim leiðréttingum gerðum var fjárheimild málaflokksins ríflega 10,6 milljarðar kr. og afgangur því upp á um 162 m. kr. Eiginfjárstaða málaflokksins batnaði því verulega og er eign málaflokksins á yfirfærslureikningi um 300 m. kr. í árslok.

Í fjárhagsáætlun ársins 2004 var gert ráð fyrir hagræðingarkröfu upp á 2,3% eða sem nam um 200 m. kr. samtals. Niðurskurðinum var mætt með ýmsu móti, s.s. með lækkun á úthlutun til kennslu og ýmissa starfa í skólunum og almennu aðhaldi í rekstri allra stofnana.

Afkoma var mjög misjöfn hjá einstökum rekstrareiningum málaflokksins. Þegar búið var að leiðrétta fjárhagsáætlun skólanna voru 24 skólar reknir með afgangi eða í samræmi við fjárhagsáætlun, en 10 með halla. Það er nokkur breyting frá fyrra ári, en þá voru fleiri skólar reknir með halla. Af þeim 10 skólum sem voru með halla í ár, áttu tveir skólar afgang frá fyrra ári sem þeir nýttu á móti hallarekstrinum. Um átta skólar geta talist eiga við fjárhagsvanda að etja og er verið að vinna að lausn þar á. Að auki hafa Námsflokkar Reykjavíkur átt í fjárhagserfiðleikum undanfarin ár, en gert er ráð fyrir að á árinu 2005 verði þar á mikil bragarbót.

Á árinu var skólunum í fjórða sinn gert að skila rekstraráætlunum í upphafi ársins. Í rekstraráætlunum forgangsraða skólastjórar og sýna hvernig þeir hyggjast nýta það fjármagn sem þeir fá úthlutað samkvæmt fjárhagsramma. Skólastjórar eru ekki bundnir af því hvernig fjármagn er reiknað á einstaka liði í fjárhagsáætlun, heldur geta þeir fært á milli liða eins og þeir telja hagkvæmast og réttast.

Verkfall kennara setti strik í skólahald á haustönninni. Verkfallið skapaði einnig mikið annríki hjá fjármálasviði Fræðslumiðstöðvar og þá ekki síst launadeildinni. Mikill tími fór í útreikninga í tengslum við ýmsar hugmyndir sem upp komu í kjaraviðræðum og svo í launaafgreiðslu vegna verkfallsins og afgreiðslu nýs kjarasamnings. Í lok

Tafla 7.1
**Lykiltölur fjármála**

| | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003[1)] | 2004[1)] |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrarframlög til fræðslumála á íbúa[2)] | 41.961 | 46.390 | 51.086 | 58.384 | 69.059 | 89.992 | 92.290 |
| Rekstrarframlög á nemanda í almennum grunnskólum[3)] | 250.900 | 281.500 | 314.200 | 370.000 | 430.000 | 580.000 | 595.000 |
| Rekstrarframlög á nemanda í sérskólum | 1.849.429 | 2.015.915 | 2.102.000 | 2.289.000 | 2.679.000 | 3.031.000 | 3.623.000 |
| Rekstrarframlög á nemanda í einkaskólum | 120.000 | 160.000 | 174.000 | 218.500 | 228.000 | 302.910 | 330.970 |
| Rekstrarframlög á barn í skólahljómsveit | 119.503 | 124.286 | 158.264 | 155.900 | 133.900 | 189.000 | 171.000 |

1) Innri leiga er meðtalin frá árinu 2003 og búnaðarkaup frá árinu 2004.

2) Miðað er við áætlaðan íbúafjölda 1. desember ár hvert.

3) Án þyngri sérúrræða og viðhalds húsnæðis.

Tafla 7.2

## Ársreikningur fræðslumála í Reykjavík 2004

| Rekstrareining | | Rekstrarniðurstaða ársins 2004 | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Laun | Önnur gjöld | Búnaður | Samtals | Tekjur |
| **Yfirstjórn** | | | | | | |
| M1001 | Fræðsluráð | 8.232.535 | 1.457.345 | 0 | **9.689.880** | 0 |
| M1002 | Fræðslumiðstöð | 161.985.952 | 40.680.743 | 1.151.709 | **203.818.404** | -3.431.714 |
| | **Yfirstjórn samtals:** | **170.218.487** | **42.138.088** | **1.151.709** | **213.508.284** | **-3.431.714** |
| **Grunnskólar** | | | | | | |
| M2101 | Vesturbæjarskóli | 136.470.486 | 58.534.337 | 185.959 | **195.190.782** | -1.839.482 |
| M2102 | Grandaskóli | 155.552.818 | 76.179.522 | 1.539.486 | **233.271.826** | -21.806.939 |
| M2103 | Melaskóli | 251.052.688 | 94.698.292 | 762.425 | **346.513.405** | -27.943.380 |
| M2104 | Hagaskóli | 196.491.398 | 89.982.083 | 2.509.915 | **288.983.396** | -6.376.330 |
| M2105 | Austurbæjarskóli | 271.639.685 | 95.588.979 | 2.994.877 | **370.223.541** | -14.481.062 |
| M2106 | Hlíðaskóli | 308.634.245 | 124.881.138 | 1.993.319 | **435.508.702** | -29.336.151 |
| M2107 | Háteigsskóli | 174.137.143 | 74.223.527 | 1.043.827 | **249.404.497** | -13.154.667 |
| M2120 | Álftamýrarskóli | 176.015.522 | 81.901.493 | 578.893 | **258.495.908** | -20.611.768 |
| M2121 | Hvassaleitisskóli | 134.526.905 | 65.388.130 | 489.098 | **200.404.133** | -12.067.849 |
| M2122 | Breiðagerðisskóli | 168.076.732 | 58.252.475 | 1.706.232 | **228.035.439** | -7.677.795 |
| M2123 | Réttarholtsskóli | 154.175.123 | 70.782.507 | 3.520.821 | **228.478.451** | -8.144.000 |
| M2124 | Fossvogsskóli | 158.860.904 | 60.449.731 | 734.583 | **220.045.218** | -20.778.619 |
| M2125 | Vogaskóli | 167.876.427 | 55.207.360 | 484.580 | **223.568.367** | -9.605.773 |
| M2126 | Langholtsskóli | 239.105.475 | 94.148.670 | 2.253.586 | **335.507.731** | -10.717.818 |
| M2127 | Laugalækjarskóli | 124.020.098 | 65.689.922 | 1.654.269 | **191.364.289** | -6.003.602 |
| M2128 | Laugarnesskóli | 189.641.818 | 61.979.037 | 1.129.230 | **252.750.085** | -13.714.947 |
| M2140 | Breiðholtsskóli | 271.515.053 | 107.531.052 | 1.766.651 | **380.812.756** | -18.601.071 |
| M2141 | Ölduselsskóli | 252.106.269 | 89.924.469 | 2.753.490 | **344.784.228** | -7.670.014 |
| M2142 | Seljaskóli | 260.844.312 | 103.406.233 | 3.577.414 | **367.827.959** | -8.171.605 |
| M2143 | Fellaskóli | 236.939.204 | 118.765.129 | 4.192.992 | **359.897.325** | -28.093.229 |
| M2144 | Hólabrekkuskóli | 224.256.169 | 106.027.515 | 1.926.961 | **332.210.645** | -14.183.225 |
| M2145 | Selásskóli | 156.207.313 | 79.402.448 | 693.413 | **236.303.174** | -14.159.401 |
| M2146 | Árbæjarskóli | 302.601.550 | 142.468.541 | 3.792.908 | **448.862.999** | -23.834.799 |
| M2147 | Ártúnsskóli | 105.149.508 | 45.262.932 | 1.269.023 | **151.681.463** | -13.997.926 |
| M2160 | Foldaskóli | 244.949.659 | 118.456.801 | 5.354.296 | **368.760.756** | -20.530.592 |
| M2161 | Húsaskóli | 175.723.462 | 87.346.863 | 352.937 | **263.423.262** | -9.257.247 |
| M2162 | Engjaskóli | 177.939.737 | 91.019.299 | 189.822 | **269.148.858** | -12.398.105 |
| M2163 | Rimaskóli | 316.486.113 | 132.619.709 | 3.691.276 | **452.797.098** | -21.525.614 |
| M2164 | Hamraskóli | 173.022.472 | 82.212.034 | 812.780 | **256.047.286** | -14.642.152 |
| M2165 | Borgaskóli | 169.725.341 | 88.025.373 | 666.649 | **258.417.363** | -14.566.718 |
| M2166 | Korpuskóli | 91.515.879 | 33.192.820 | 250.553 | **124.959.252** | -3.750.272 |
| M2167 | Víkurskóli | 95.699.425 | 75.085.855 | 8.372.307 | **179.157.587** | -9.779.993 |
| M2168 | Ingunnarskóli | 118.361.188 | 34.910.452 | 172.850 | **153.444.490** | -3.301.473 |
| M2170 | Klébergsskóli | 91.343.990 | 43.106.042 | 411.176 | **134.861.208** | -8.013.522 |

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tónlistarmál** | | | | | | | | | |
| M3002 | Skólahljómsveit Vesturbæjar | 15.753.181 | 1.932.008 | 461.545 | **18.146.734** | -2.068.150 | **16.078.584** | **19.048.000** | 19.359 |
| M3003 | Skólahljómsveit Austurbæjar | 18.387.988 | 726.156 | 371.324 | **19.485.468** | -1.805.750 | **17.679.718** | **20.783.000** | 21.185 |
| M3004 | Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts | 16.033.825 | 1.433.921 | 215.404 | **17.683.150** | -1.626.500 | **16.056.650** | **17.726.000** | 16.197 |
| M3005 | Skólahljómsveit Grafarvogs | 17.029.298 | 1.253.248 | 1.240.664 | **19.523.210** | -1.911.750 | **17.611.460** | **17.929.000** | 14.694 |
| M3100 | Tónlistarskólar | 4.580.364 | 519.707.868 | 0 | **524.288.232** | 0 | **524.288.232** | **570.000.000** | 557.063 |
| M3201 | Tónlistarskóli Kjalarness | 6.145.287 | 388.860 | 0 | **6.534.147** | -735.900 | **5.798.247** | **4.992.000** | 5.382 |
| | **Tónlistarmál samtals:** | **77.929.943** | **525.442.061** | **2.288.937** | **605.660.941** | **-8.148.050** | **597.512.891** | **650.478.000** | **633.880** |
| **Námskeið og fullorðinsfræðsla** | | | | | | | | | |
| M4001 | Námsflokkar Reykjavíkur | 92.759.987 | 29.784.049 | 936.695 | **123.480.731** | -45.545.729 | **77.935.002** | **74.543.000** | 91.766 |
| | **Fullorðinsfræðsla samtals:** | **92.759.987** | **29.784.049** | **936.695** | **123.480.731** | **-45.545.729** | **77.935.002** | **74.543.000** | **91.766** |
| **Styrkir til fræðslumála** | | | | | | | | | |
| M5001 | Styrkir til fræðslumála | 78.119 | 35.002.478 | 0 | **35.080.597** | -244.717 | **34.835.880** | **38.800.000** | 33.264 |
| | **Styrkir samtals:** | **78.119** | **35.002.478** | **0** | **35.080.597** | **-244.717** | **34.835.880** | **38.800.000** | **33.264** |
| **Annað** | | | | | | | | | |
| M9996 | Styrkur skv. ákv. borgarráðs | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | **0** | **20.000.000** | 55.000 |
| M9998 | Stofnk.framl. til Landakotsskóla | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | **0** | **0** | 30.000 |
| M9998 | Innri leiga áhalda og tækja | 0 | 24.313.087 | 0 | **24.313.087** | 0 | **24.313.087** | **0** | 11.504 |
| 09302 | Styrkir til framhaldsskóla | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | **0** | **0** | 5.453 |
| | **Annað samtals:** | **0** | **24.313.087** | **0** | **24.313.087** | **0** | **24.313.087** | **20.000.000** | **101.957** |
| | **Alls:** | **7.524.131.446** | **3.954.839.253** | **173.348.843** | **11.652.319.542** | **-1.165.073.943** | **10.487.245.599** | **10.774.610.000** | **10.424.011** |

**Mynd 7.1**
Skipting rekstrarkostnaðar fræðslumála






ársins var fjárheimild breytt með hliðsjón af þessum þáttum. Ekki tókst þó að koma þeim leiðréttingum inn í samþykkta áætlun, en tekið var tillit til breytinganna við yfirfærslu fjárheimilda á milli ára. Vegna verkfallsins spöruðust um 565 m. kr. og voru þær dregnar frá fjárhagsramma málaflokksins. Á móti komu viðbætur vegna eingreiðslu til kennara, kennslu í vetrarfríi, launahækkana kennara, starfsmats nokkurra starfshópa og kjarasamnings tónlistarskólakennara upp á um 445 m. kr. Hreinn frádráttur af fjárhagsramma var því um 120 m. kr. vegna þessara þátta.

Innri leiga var nú í annað sinn kostnaðarfærð á málaflokkinn og í þetta sinn var hún áætluð beint inn í ramma hverrar rekstrareiningar. Er þar um verulega háa fjárhæð að ræða eða um 1,9 milljarða kr. í heild sem jafngildir um 18% af rekstri málaflokksins. Algengt er að innri leigan nemi um 1.000 kr. á fermetra á mánuði. Ársleiga skólahúsnæðis er því mismunandi eftir stærð skólanna, en yfirleitt á bilinu 40 til 70 m. kr. á ári. Hæsta leigan er um 92 m. kr., en það er ársleigan fyrir Árbæjarskóla. Þessar tölur sýna að mikill kostnaður er bundinn í húsnæði skólanna.

Á árinu var haldið áfram uppbyggingu mötuneyta í skólunum og jafnframt var boðið upp á niðurgreiddan aðsendan mat fyrir nemendur í 1.-10. bekk í nokkrum skólum. Haustið 2003 var skóladagur lengdur í 2.-4. bekk í samtals átta skólum í Grafarvogi, en haustið þar á undan var skóladagurinn lengdur í skólum í Vesturbæ, Miðbæ og Breiðholti. Samhliða lengingu skóladagsins var skóladagvist færð til ÍTR. Haustið 2004 voru allir skólarnir komnir með lengdan skóladag í 2.-4. bekk og öll skóladagvist flutt til ÍTR.

Byggingaframkvæmdir á skólahúsnæði hafa verið gríðarlegar síðustu árin og hefur það í för með sér aukinn rekstrarkostnað vegna húsnæðis. Byggðir hafa verið nýir skólar, viðbyggingar við eldri skóla og ýmsar breytingar gerðar á húsnæði. Framkvæmdirnar eru einkum tilkomnar vegna einsetningar skólanna, en einnig vegna fjölgunar nemenda, uppbyggingar á matarþjónustu, aukinna krafna um vinnuaðstöðu starfsmanna og krafna frá hinu opinbera um öryggi, aðstöðu og aðbúnað.

# 8 Útgáfur árið 2004





***Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004.***
Stefna Reykjavíkurborgar í fræðslumálum. Janúar 2004.

***Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík 2003.***
Umsjón og uppsetning: Guðrún Hjartardóttir
Ábyrgð og ritstjórn: Gerður G. Óskarsdóttir
September 2004.

***Mat á starfsemi Vesturgarðs vorið 2004.***
Gísli Árni Eggertsson, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Guðrún Reykdal, Hallgerður Inga Gestsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Steinunn Hjartardóttir. Ágúst 2004.

***Könnun á samstarfi heimilis og skóla vorið 2003.***
Hallgerður Inga Gestsdóttir og Gunnlaugur Sigurðsson. Janúar 2004.

***Könnun á samstarfi heimilis og skóla skólaárið 2003-2004.***
Sigurbjörg J. Helgadóttir, Hallgerður Inga Gestsdóttir, Gunnlaugur Sigurðsson. Október 2004.

***Hlutdeild foreldra í stjórnun skóla á Íslandi og í nokkrum nágrannalöndum.***
Ólafur H. Jóhannesson. Unnið fyrir Fræðslumiðstöð af Rannsóknarstofnun K.H.Í.

***Viðhorf foreldra til grunnskóla Reykjavíkur.***
IMG Gallup. Júlí 2004.

***Mikilvægir þættir skólastarfs sem eru utan stefnumótunarsviðs fræðsluráðs.***
Starfshópur undir stjórn Jóns Torfa Jónassonar. Maí 2004.

***Leiðarvísir um þátttökunám (service-learning). Frásagnir úr námsferð fræðslustjóra með skólastjórum í Reykjavík á ráðstefnu og í skólaheimsóknir í Minnesota, Bandaríkjunum 23. apríl - 30 apríl 2003.***
Ritstjóri: Gerður G. Óskarsdóttir. Nóvember 2004.

***Að læra og lifa í lýðræði. Námsferð skólastjóra í Reykjavík til Berlínar í Þýskalandi 27. mars til 4. apríl 2004.***
Ritstjóri: Anna Kristín Sigurðardóttir. Maí 2005.

***Viðhorf foreldra til Brúarskóla skólaárið 2003-2004.***
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Sigurbjörg J. Helgadóttir. Desember 2004.

***Húsnæði grunnskóla Reykjavíkur. Greining og þörf fyrir byggingar og endurbætur.***
Ritstjóri: Anna Kristín Sigurðardóttir. Desember 2004.

***Fjölmenning í finnskum grunnskólum - Námsferð skólastjóra í Reykjavík til Helsinki, Finnlandi.***
Ritstjóri: Guðmundur Þór Ásmundsson.
Nóvember 2004.

***Skólahald í miðborginni.***
Skýrsla starfshóps fræðsluráðs.
Maí 2004.

***Bráðger börn í grunnskóla.***
Skýrsla starfshóps fræðsluráðs.
Júní 2004.

***Nemandinn í nærmynd - skapandi nám í fjölbreyttu umhverfi.***
Elín G. Ólafsdóttir. Í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands.
Ágúst 2004.

***Móðurskólar að verki***
Bæklingur um móðurskóla í Reykjavík gefinn út í tilefni sýningar á starfsemi móðurskóla í Borgarleikhúsinu.
Mars 2004.

***Horft um öxl. Saga fræðsluráðs Reykjavíkur frá 1996-2004.***
Gerður G. Óskarsdóttir.
Desember 2004.

***Öryggisviðmið um útikennslu og vettvangsferðir.***
September 2004.

***Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk vorið 2004.***
Birna Sigurjónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Ólafur Magnússon.
September 2004.

# Grunnskólar Reykjavíkur - yfirlit (haust 2004)

### Austurbæjarskóli
v/Vitastíg, 101 R.
Skólastjóri: Guðmundur Sighvatsson
Aðstoðarskólastjóri: Héðinn Pétursson

### Álftamýrarskóli
Álftamýri 79, 108 R.
Skólastjóri: Steinunn Ármannsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Brynhildur Ólafsdóttir

### Árbæjarskóli
Rofabæ 34, 110 R.
Skólastjóri: Þorsteinn Sæberg Sigurðsson
Aðstoðarskólastjórar: Ingvar Einarsson og Una Björg Bjarnadóttir

### Ártúnsskóli
Árkvörn 8, 110 R.
Skólastjóri: Ellert Borgar Þorvaldsson
Aðstoðarskólastjóri: Rannveig Andrésdóttir

### Borgaskóli
Vættaborgum 9, 112 R.
Skólastjóri: Inga Þórunn Halldórsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Árdís Ívarsdóttir

### Breiðagerðisskóli
v/Breiðagerði, 108 R.
Skólastjóri: Guðbjörg Þórisdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Ingibjörg Sigurgeirsdóttir

### Breiðholtsskóli
Arnarbakka 1-3, 109 R.
Skólastjóri: Ragnar Þorsteinsson
Aðstoðarskólastjóri: Anna Sigríður Pétursdóttir

### Brúarskóli
Vesturhlíð 3, 105 R.
Skólastjóri: Björk Jónsdóttir

### Engjaskóli
Vallengi 14, 112 R.
Skólastjóri: Hildur Hafstað
Aðstoðarskólastjóri: Guðrún Erla Björgvinsdóttir

### Fellaskóli
Norðurfelli 17-19, 111 R.
Skólastjóri: Þorsteinn Hjartarson
Aðstoðarskólastjóri: Kristín Jóhannesdóttir

### Foldaskóli
Logafold 1, 112 R.
Skólastjóri: Kristinn Breiðfjörð
Aðstoðarskólastjóri: Kolbrún Ingólfsdóttir

### Fossvogsskóli
Haðalandi 26, 108 R.
Skólastjóri: Elínborg Jónsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Kristjana Halldórsd.

### Grandaskóli
v/Keilugranda, 107 R.
Skólastjóri: Kristjana M. Kristjánsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Inga Sigurðardóttir

### Hagaskóli
Fornhaga 1, 107 R.
Skólastjóri: Einar Magnússon
Aðstoðarskólastjóri: Flosi Á. H. Kristjánsson

### Hamraskóli
Dyrhömrum 9, 112 R.
Skólastjóri: Yngvi Hagalínsson
Aðstoðarskólastjóri: Jónína Ó. Emilsdóttir

### Háteigsskóli
v/Háteigsveg, 105 R.
Skólastjóri: Ásgeir Beinteinsson
Aðstoðarskólastjóri: Svava Arnórsdóttir

### Hlíðaskóli
Hamrahlíð 2, 105 R.
Skólastjóri: Kristrún G. Guðmundsdóttir
Aðstoðarskólastjórar: Ingibjörg Möller, Kristján Sigfússon og Berglind Stefánsdóttir

### Hólabrekkuskóli
Suðurhólum 10, 111 R.
Skólastjóri: Hólmfríður G. Guðjónsdóttir
Aðstoðarskólastjórar: Sesselja Þórðardóttir og Magnea Einarsdóttir

### Húsaskóli
Dalhúsum 41, 112 R.
Skólastjóri: Valgerður Selma Guðnadóttir
Aðstoðarskólastjóri: Kristín V. Þórðardóttir

### Hvassaleitisskóli
v/Stóragerði, 108 R.
Skólastjóri: Pétur Orri Þórðarson
Aðstoðarskólastjóri: Þórunn Kristinsdóttir

### Ingunnarskóli
Maríubaugi 1, 113 R.
Skólastjóri: Guðlaug Sturlaugsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Þuríður G. Sigurjónsdóttir

### Klébergsskóli
Kjalarnesi, 116 R.
Skólastjóri: Sigþór Magnússon
Aðstoðarskólastjóri: Snorri Hauksson

### Korpuskóli
v/Korpúlfsstaðaveg, 112 R.
Skólastjóri: Svanhildur M. Ólafsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Margrét Einarsdóttir

### Langholtsskóli
Holtavegi 23, 104 R.
Skólastjóri: Hreiðar Sigtryggsson
Aðstoðarskólastjóri: Sesselja Auður Eyjólfsdóttir

### Laugalækjarskóli
v/Laugalæk, 105 R.
Skólastjóri: Auður Árný Stefánsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Jón Páll Haraldsson

### Laugarnesskóli
Kirkjuteigi 24, 105 R.
Skólastjóri: Helgi Grímsson
Aðstoðarskólastjóri: Vilborg Runólfsdóttir

### Melaskóli
Hagamel 1, 107 R.
Skólastjóri: Ragna Ólafsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Björn Pétursson

### Réttarholtsskóli
v/Réttarholtsveg, 108 R.
Skólastjóri: Hilmar Hilmarsson
Aðstoðarskólastjóri: Sesselja Ingibjörg Jósefsd.

### Rimaskóli
Rósarima 11, 112 R.
Skólastjóri: Helgi Árnason
Aðstoðarskólastjóri: Guðni Kjartansson

### Safamýrarskóli
Safamýri 5, 108 R.
Skólastjóri: Erla Gunnarsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Guðrún Gunnarsdóttir

### Selásskóli
v/Selásbraut, 110 R.
Skólastjóri: Örn Halldórsson
Aðstoðarskólastjóri: Anna Guðrún Jósefsdóttir

### Seljaskóli
Kleifarseli 28, 109 R.
Skólastjóri: Þórður Kristjánsson
Aðstoðarskólastjórar: Margrét Árný Sigur-steinsdóttir og Guðrún Guðmundsdóttir

### Vesturbæjarskóli
Sólvallagötu 67, 101 R.
Skólastjóri: Kristín G. Andrésdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Málfríður Ragnarsdóttir

### Víkurskóli
v/Hamravík, 112 R.
Skólastjóri: Árný Inga Pálsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Ágústa Bárðardóttir

### Vogaskóli
v/Ferjuvog, 104 R.
Skólastjóri: Agnes Björnsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Helgi Rafn Jósteinsson

### Ölduselsskóli
Ölduseli 17, 109 R.
Skólastjóri: R. Daníel Gunnarsson
Aðstoðarskólastjórar: Sigríður Heiða Bragadóttir og Valdimar Helgason

### Öskjuhlíðarskóli
Suðurhlíð 9, 105 R.
Skólastjóri: Einar Hólm Ólafsson
Aðstoðarskólastjóri: Jóna S. Valbergsdóttir

### *Hvað er veturinn?*

*Veturinn er kaldur, veturinn er hvítur.*
*Veturinn er grár og veturinn er blár.*
*Veturinn er dimmur en samt bjartur.*
*Bjartur þegar ljósastaurar lýsa upp snjóinn.*

*Veturinn er fallegur,*
*veturinn er eins og rjómaís á götunum.*
*Það er eins og hann segi við mig*
*komdu til mín,*
*komdu og búðu til snjókarl úr snjónum.*

*Svo fer ég út*
*og kem aftur inn,*
*kem og fæ heitt kakó og kex.*

*Snjókarlar, snjóhús, grýlukerti,*
*snjóenglar og myrkur.*

*Það er veturinn.*

Ingibjörg Kjartansdóttir
nemandi í 5. bekk í Austurbæjarskóla

Ljóðið er eitt af fjölmörgum ljóðum sem bárust
í ljóðasamkeppni í tilefni Vetrarhátíðar 2005



**Fræðslumiðstöð Reykjavíkur/**
**Menntasvið Reykjavíkurborgar**

Fríkirkjuvegi 1 ● 101 Reykjavík
Sími: 411 7000 ● Fax: 535 5050
Netfang: menntasvid@reykjavik.is
Heimasíður: www.grunnskolar.is/www.leikskolar.is